

SHALDOR  
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Híbýli og viðhald



SIEMENS  
Bæklingur  
fylgir með  
inni í blaðinu í dag.

SMITH &  
NORLAND  
Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

PITT

17. maí 2010 — 114. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## Börnin send á Diskóeyju

Óttarr Proppé og  
Bragi Valdimar  
stilla saman  
strengi sína.

fólk 30



## Nýr prestur í Fríkirkjunni

Frelsið og umburðarlyndið  
innan Fríkirkjunnar hefur  
ávallt höfðað til Bryndísar  
Valbjarnardóttur.

tímamót 16




## FH með monréttinn

FH vann 1-0 sigur á Hauk-  
um í fyrsta Hafnarfjarðar-  
slagnum í 36 ár.

íþróttir 27

## veðrið í dag



**SVALT NORÐANLANDS** Í dag  
verður norðlæg eða breytileg átt,  
viða 3-8 m/s. Búast má við lítills-  
háttar rigningu við norðurströnd-  
ina. Sunnanlands eru horfur á  
skúrum, einkum síðdegis.

VEÐUR 4

# Íhuga að sniðganga Ísland

Alþjóðleg lyfjafyrirtæki gætu hætt við að setja lyf á markað hér á landi vegna lækkandi lyfjaverðs og óstöð-  
ugleika segir talsmaður lyfjarisa. Ráðherra segir þetta ýkjur enda Ísland örmarkaður fyrir lyfjafyrirtæki.

**HEILBRIGÐISMÁL** Stór  
lyfjafyrirtæki íhuga  
alvarlega að hætta að  
setja ný lyf á markað  
hér á landi, og jafnvel  
hætta að selja lyf sem  
þau eru með í sölu í dag  
vegna lækkandi lyfja-  
verðs og óstöðugleika  
á lyfjamarkaði hér á  
landi.

„Það er ekki hægt að  
lækka endalaust lyfja-  
verðið á Íslandi, eins  
og landið sé í einhvers  
konar tómarúmi,“ segir  
Robin Turner, fram-  
kvæmdastjóri hjá sviss-  
neska lyfjafyrirtækinu  
Roche. Fyrirtækið er  
eitt stærsta lyfjafyrirtæki heims



Ég held að  
það séu  
ýkjur að þessi  
fyrirtæki íhugi  
að hætta að  
setja lyf á  
markað hér á  
landi.

ÁLFHEIÐUR  
INGADÓTTIR  
HEILBRIGÐIS-  
RÁÐHERRA

og stærsti framleið-  
andi krabbameinslyfja  
í heiminum í dag.

„Það verður að horfa  
á heildarmyndina, það  
getur vel verið að það  
sé hægt að ná hagræð-  
ingu, en ríkisstjórnin á  
Íslandi er ekki að beita  
réttum aðferðum. Þeir  
taka einhliða ákvarð-  
anir hverja annarri vit-  
lausari, og hafa ekkert  
samráð við okkur eða  
önnur lyfjafyrirtæki.  
Þá er ekki hægt að kom-  
ast að niðurstöðu sem  
gengur upp fyrir báða  
aðila,“ segir Turner.

Hann segir ófremd-  
arástand hafa ríkt á lyfjamark-

aðinum á Íslandi undanfarið. Þar  
skipti ekki síst máli að heilbrigð-  
isráðherra hafi ítrekað tekið ein-  
hliða ákvarðanir, breytt fyrri  
ákvörðunum fyrirvaralaust og  
án samráðs.

„Það er augljóst að ef lyfja-  
verðið fer undir ákveðið lágmark  
hefur mitt fyrirtæki engin önnur  
úrræði en að hætta við að setja  
tiltekin lyf á markaði á Íslandi,“  
segir Turner. Þá sé líklegt að  
hætt verði að selja ákveðin lyf  
sem hafi verið í sölu á Íslandi fari  
verðið undir ákveðið lágmark.

Þó íslenski lyfjamarkaðurinn  
sé lítill er ekki hægt að bjóða  
lægra verð hér en annars staðar  
í Evrópu, segir Turner. Ástæðan  
er sú að bjóðist betri verð hér en  
á margfalt stærri mörkuðum sé

einfaldlega gerð krafa þar um að  
fá lyfin á jafn lágu verði.

Hann segir Roche fráleitt eina  
fyrirtækið sem sé búið að fá nóg.  
Önnur stór lyfjafyrirtæki séu í  
sömu stöðu, og þar hljóti menn að  
íhuga málin á sama grundvelli.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigð-  
isráðherra segir kröfu Íslendinga  
ekki að fá lyfin á lægra verði en  
aðrir, aðeins að fá sambærilegt  
verð og nágrannalöndin.

„Það er misskilningur að þetta  
skipti sköpum varðandi afkomu  
lyfjafyrirtækjanna í heiminum,  
þetta er 300 þúsund manna mark-  
aður, sem er örmarkaður fyrir  
lyfjaiðnaðinn. Ég held að það séu  
ýkjur að þessi fyrirtæki íhugi að  
hætta að setja lyf á markað hér á  
landi.“

- bj / sjá síðu 8



**MINNTUST LÁTINNA** Samtökin HIV-Ísland stóðu fyrir minningarathöfn um þá Íslendinga sem látist hafa úr alnæmi í Fríkirkju-  
unni í gær. Gestir kveiktu á einu kertum fyrir hvern af þeim 38 sem látist hafa úr sjúkdóminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Árleg minningarguðsþjónusta um þá sem látist hafa úr alnæmi í Fríkirkjunni: Kveiktu á kertum til minningar

**FÉLAGSMÁL** „Þetta var fyrst og fremst falleg stund  
sem við höldum til að minnst þeirra sem fallið  
hafa frá,“ segir Gunnlaugur I. Grétarsson, for-  
maður samtakanna HIV-Ísland.

Samtökin stóðu fyrir árlegri minningarguðs-  
þjónustu vegna þeirra sem látist hafa úr alnæmi  
í Fríkirkjunni í gær. Kveikt var á 38 kertum,  
einu fyrir hvern þeirra Íslendinga sem látist  
hafa, segir Gunnlaugur.

„Þetta er alltaf meiri minningardagur en bar-  
áttudagur. Við komum saman og áttum fallega  
stund,“ segir Gunnlaugur.

Hann segir að talsvert hafi verið rætt um for-  
dóma í Fríkirkjunni í gær. Bæði þá fordóma sem  
þeir sem látist hafa úr alnæmi þurftu að glíma  
við, og þá fordóma sem þeir sem sjálfir eru með  
sjúkdóminn þurfa að eiga við hjá sjálfum sér.

- bj

Breyta heimilinu í gistiheimil:

## Bjartsýn fyrir sumarið

**FÓLK** Hjónin Hannes Þór Bald-  
ursson og Berglind Björk  
Halldórsdóttir ákváðu að breyta  
heimili sínu í gistiheimili til að geta  
átt fyrir afborg-  
unum af húsinu. Fleiri húseig-  
endur hafa gert  
slíkt hið sama.

„Lánið hafði  
hækkað svo  
mikið og maður  
var orðinn  
þreyttur á því  
að púla og púla  
til að láta enda  
ná saman,“ segir

Hannes Þór. Hjónin fluttu ásamt  
börnum sínum þremur í íbúð í  
næsta nágrenni. „Við erum nýbyrj-  
uð og enn að ganga frá öllum til-  
skyldum leyfum en við erum byrj-  
uð að fá nokkrar bókanir og erum  
bjartsýn fyrir sumarið,“ segir  
Hannes Þór.

-sm / sjá síðu 30



HANNES ÞÓR  
BALDURSSON

Veljum  
framboð um

Heiðarleika

H-lista

í vor

Ólafur F. Magnússon  
greiðir auglýsinguna

## Lagadeild

Metnaður og gæði  
Umsóknarfrestur til 5. júní



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
LAGAÐEILD

**UltraGlozz**  
Ver bílinn fyrir súru regni  
sökum öskufalls

UltraGlozz bílabón er  
Niðstærk lakkbrynja

Nú fáanlegt í  
UltraGlozz.is





Hjálmar, eruð þið búin að stimpla ykkur inn fyrir kosningar?

„Við stimplum ekki fólk; Næstbesti flokkurinn er opin öllum án tillits til stjórnmálaskoðana.“

Aðeins voru til stimplar með listabókstfum fjögurra flokka af sjö í kjörklefa sýslumannsins í Kópavogi þegar kjósendi þar í bæ ætla að greiða utankjörfundaratkvæði. Hjálmar Hjálmarsson er oddviti Næstbesta flokksins.

Vilja rannsaka gríska hrúnið: Íhugar að lög-sækja banka

**GRIKKLAND, AP** Grikkir ætla að skoða þann möguleika að lög-sækja bandaríska fjárfestinga-banka fyrir að hafa átt þátt í



GEORGE PAPANDREOU

efnahagsvand-ræðum lands-ins. Þetta sagði George Papandreou forsætis-ráðherra lands-ins í gær.

Þaði rík-isstjórn og almenningur í Grikklandi hafa kennt fjár-feringabönkunum um að hafa átt þátt í efnahagsshruninu þar með neikvæðum spám sínum.

Forsætisráðherrann sagði þó fyrst nauðsynlegt að rannsaka hrúnið til hlítar. Gríska þingið mun standa fyrir slíkri rannsókn. Þá sagðist hann ætla að beita sér fyrir sterkari löggjöf um fjár-málamarkaðinn. - þeb

Pyrla sótti göngumann: Féll sex metra á Heljaregg í Esju

**SLYS** Pyrla Landhelgisgæslunnar sótti göngumann sem datt á vesturhluta Esjunnar laust fyrir klukkan þrjú í gær og flutti hann á slysadeild.

Maðurinn var við Heljaregg í Esju við klettaklifur ásamt tveimur félögum sínum þegar hann datt og er talið að hann hafi fallið að minnsta kosti sex metra. Ekki reyndist unnt að fara með börur að manninum og því var brugðið á það ráð að láta sigmann úr þyrlu Landhelgisgæslunnar síga niður til hans með lykkju og hífa hann um borð í þyrluna.

Að sögn vakthafandi læknis á slysadeild Landspítalans slapp maðurinn án alvarlegra áverka en hann var undir eftirliti á spítala í nótt. - jhh

Rúmlega þrjátíu konur sem búa á gossvæðinu við Eyjafjöll deildu reynslu sinni með Eyjakonum:

## Lentu í öskufalli í gosfrúi í Vestmannaeyjum

**FÓLK** Rúmlega þrjátíu konum sem búa á gossvæðinu við Eyjafjallajökul var boðið í dagsferð til Vestmannaeyja á föstudaginn. Konurnar hafa staðið í ströngu undanfarið eins og aðrir íbúar á svæðinu og var tilgangurinn með ferðinni að dreifa huga þeirra þann daginn.

„Þetta var yndislegur dagur og það var vel tekið á móti okkur,“ segir Magðalena Jónsdóttir bóndi og ein kvennanna í ferðinni. Hún segir Árna Johnsen hafa skipulagt ferðina ásamt kvenfélögum í bænum. Konurnar voru sóttar í Bakkafjörú og siglt til Eyja í útsýnisbátum Víkingi.

„Það var mjög gott að vera með þessum konum, sem eru að ganga í gegnum sömu reynslu,“ segir Magðalena. Hún sagði einnig

hafa verið hressandi að ræða við heimakonurnar í Eyjum. „Þessar konur sem upplifðu margar gosið í Eyjum og komu svo strax aftur til þess að byggja upp, það var mjög jákvætt að heyrja frá þeim.“

Þó að ferðin hafi átt að gefa konunum frí frá gosinu gekk það ekki alveg eftir þar sem aska fór að falla í Vestmannaeyjum þegar konurnar voru þar. „Við tókum það ekki inn á okkur, það er bara eitthvað sem við erum vanar. Eftir öskufallið var hins vegar ekki víst að við kæmumst aftur til baka,“ segir Magðalena, en þar sem báturinn Víkingur tekur inn sjó sem kælivatn er hann ósjófær í öskufalli. Annar bátur var útvegaður á endanum og konurnar komust heim á tilsettum tíma. - þeb



Í BAKKAFJÖRÚ Konurnar á leið um borð í bát sem flutti þær til Vestmannaeyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Ríkisstjórnin skoðar aðkomu að HS Orku

Ráðherrar funda með fulltrúum Magma Energy í dag um mögulega aðkomu ríkisins að HS Orku. Ekki tekin ákvörðun um sölu á hlut Geysis Green Energy til Magma í gær. VG Hafnarfirði vill að félagslegt eignarhald ráði orkunýtingu.

**ORKUMÁL** Fulltrúar kanadíska fyrirtækisins Magma Energy munu ganga á fund ráðherra í dag þar sem möguleg aðkomu ríkisins að málum HS Orku verður rædd. Ekki var tekin ákvörðun um sölu á hlut Geysis Green í HS Orku til Magma í gær. Boðað verður til blaðamannafundar um málið í dag.

Ýmsar atlgör hafa verið gerðar að málinu og hefur verið slitnað upp úr viðræðum. Að þeim hafa, auk fulltrúa ríkisins og fyrirtækisins, komið fulltrúar lífeyrissjóðanna, Grindavíkur og Framtakssjóðs. Ekki hefur gengið saman og því var yfirlýst stefna fyrirtækisins að selja Magma Energy hlutinn.



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

Sú hugmynd hefur mætt mikilli andstöðu, ekki síst frá Vinstri grænum. Ögmundur Jónasson, þingmaður flokksins, lýsti eftir því í gær að salan yrði stöðvuð. Þá hefur Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra lýst yfir andstöðu sinni á fyrirhugaðri sölu.

Einnig má nefna að Guðbrandur Einarsson, bæjarfulltrúi A-lista í Reykjanesbæ, sameiginlegs lista Samfylkingar og Framsóknarflokksins, hefur lýst því yfir að fyrirhuguð sala þjóði að hagnaður af orkusölu flytjst úr landi.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna í Hafnarfirði, hyggst leggja fram tillögu í bæjarstjórn þess efnis að sam-



SVARTSENGI Vinstri græn í Hafnarfirði og Suðurnesjum vilja að öll framtíðarorkunýting á svæði Suðurlinda, sem er í eigu Hafnarfjarðar, Grindavíkur og Voga, verði háð samfélagslegu eignarhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

félagsleg yfirráð í landi sveitarfélagsins verði tryggð. Þau mál eru á hendi opinbera hlutafélagsins Suðurlinda, sem heldur utan um náttúruauðlindir Hafnarfjarðar, Grindavíkur og Voga. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sambærileg tillaga sé væntanleg í hinum sveitarfélögum.

Guðrún bendir á að þau svæði sem HS Orka skilgreini sem sín framtíðarvirkjunarsvæði séu innan marka bæjarfélaganna þriggja. Hún segir fráleitt að ætla sér að selja hlutinn nú til kanadíska fyrirtækisins. kolbeinn@frettabladid.is



Í ARNARSTAPAHÖFN Ólafur Ingason er einn þeirra sem var á strandveiðum í síðustu viku. Kristín Sólberg dóttir hans fór í túr með honum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur vika strandveiða hafin: Yfir 300 bátar á strandveiðum

**SIÁVARÚTVEGUR** Alls hélt 321 bátur til strandveiða og alls voru 726 landanir í fyrstu viku strandveiðivertíðarinnar, sem hófst fyrir viku. Fiskistofa veitti 407 leyfi til strandveiða en töluvert fleiri umsóknir eru í vinnslu. Hátt á fimmta hundrað tonn veiddust í vikunni.

Mest hefur verið sótt í leyfi á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, alls 172 leyfi. Næst á eftir kemur svæði D, frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps, þar sem gefin hafa verið út 122 leyfi.

Afli strandveiðibáta er að mestu þorskur en tæpum 25 tonnum af ufsa hefur jafnframt verið landað auk minna magns í öðrum tegundum, að því er fram kemur á vef Fiskistofu.

### EVROPUPINGIÐ

#### Dagur gegn fordómum

Alþjóðadagur gegn fordómum í garð samkynhneigðra er haldinn í sjötta sinn dag. Í tilefni þess lýsti forseti Evrópuþingsins andúð sinni á fordómum í garð samkynhneigðra í gær.

Að minnsta kosti 31 hafa týnt lífinu í óeirðum í Taílandi:

## Stjórnin þvertækur fyrir sátt

**TAÍLAND, AP** Taílensk stjórnvöld hafna því að leita sáttar við stjórnarandstæðinga með fulltingi Sameinuðu þjóðanna. Að minnsta kosti 31 hefur látist í átökum frá því á fimmtudag, þegar lögregla og herinn létu til skarar skriða gegn mótmælendum. Rauðstakkar hafa mótmælt í Bangkok um nokkurra mánaða skeið og krafist þess að forsætisráðherra landsins segi af sér og að efnt verði til kosninga.

Nattawut Saikua, einn af leiðtogum Rauðstakka, sagði mótmælendum reiðubúna til að setjast að samningaborði með ríkisstjórninni með milligöngu Sameinuðu þjóðanna, að því gefnu að herinn myndi draga sig í hlé. Ríkisstjórnin sló það af borðinu og sagði utan- aðkomandi aðila ekki eiga að skipta sér af innanríkismálum Taílands. Neyðarástandi hefur verið lýst



MIÐBORG BANGKOK Mótmælendur brenndu bíldekk í miðborg höfuðborgar Taílands í gær. Útgöngubann tók gildi í gær og starfsmenn Rauða krossins voru sendir til hættulegustu staðanna að forða konum og eldra fólk burt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

yfir í rúmlega tuttugu héruðum um allt landið - einkum í norðurhluta þess, höfuðvígi mótmælenda, Yfirvöld hvöttu konur og eldra fólk

að forða sér úr hverfum sem eru á valdi mótmælenda fyrir daginn í dag og hafa óskað eftir aðstoð Rauða krossins. - bs

**Dreptu fótssveppinn svo fæturnir fái að njóta sín**

**Lamisil Once**  
- drepur fótssveppinn, þarf aðeins að bera á einu sinni

Lamisil Once 1% hóláusan inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hjókrólóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótssvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfisins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til ótvortvis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðborðum nema þrygja nauðsyn ber til. Konur með barn á þjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglíngar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota Lyfið þar sem reynsla skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einukenni sjást einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppisins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjást neinu merki um hann. Lamisil Once er máláun og er til sjálfdráttar húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfisnúmer: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.



# Vertu vel tengdur í sumar!

Komdu til Nova og fáðu netið og tölvupóstinn í farsímamann!

1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!  
Gildir í áskrift og frelsi.

9.990 kr. útborgun

**Nokia 5230**

Netið, tölvupósturinn, GPS og myndavél

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.  
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

33.990 kr./stgr.



Litadur  
balkhlíðar  
fylgja!



2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!  
Gildir í áskrift og frelsi.

19.990 kr. útborgun

**Nokia 6730**

Netið, tölvupósturinn, Skype, GPS og myndavél

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.  
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

43.990 kr./stgr.



1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!  
Gildir í áskrift og frelsi.

0 kr. útborgun

**Huawei U7510**

Netið, tölvupósturinn, og myndavél

Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.  
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.



Biókort, 6 x í bió,  
fylgir Huawei U7510!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti skemmtistaður í heimi!  
**NOVA**



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	131,11	131,73
Sterlingspund	190,37	191,29
Evra	163,33	164,25
Dönsk króna	21,953	22,081
Norsk króna	21,052	21,176
Sænsk króna	17,076	17,176
Japanskt jen	1,4168	1,4250

SDR 193,01 194,17

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
221,5501  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umfangsmiklir olúflekki dreifa úr sér neðansjárvar í Mexíkóflóa:

# Allt að 16 kílómetra breiður

**BANDARÍKIN, AP** Olían sem streymir úr borholunni á botni Mexíkóflóa myndar allt að sextán kílómetra langa flekki, djúpt undir slíkjunni á yfirborði sjávar. Olúfjálagið BP reyndi í gær að koma slöngu niður að borholunni með fjarstýrðum kafbáti til að dæla olíu í olúfúska en án árangurs.

Olía hefur streymt úr borholunni í tæpan mánuð, eftir að borpallurinn Deepwater Horizon sprakk í loft upp og sökk 20. apríl síðastliðinn. Ellefu fórust í slysinu. Bandarísk stjórnvöld telja að um 795 þúsund lítrar, eða um fimm þúsund



**MEXÍKÓFLÓI** Lífríki flóans verður mörg ár að jafna sig á olúnni sem streymir úr borholu neðansjárvar.

tunnur, af olíu streymi úr borholunni daglega. Sumir vísindamenn telja magnið vera mun meira.

BP er stærsti olíu- og gasframleiðandi í Bandaríkjunum. Félagið á annan borpall á Mexíkóflóa sem starfræktur var á grundvelli ófullnægjandi og jafnvel rangra verkfræðilegra upplýsinga.

Ljóst er að lífríki Mexíkóflóa er í mun meiri hættu en fyrst var talið vegna neðansjárvarflekksins. Vísindamenn segja það nú aðeins tímarspursmál hvenær hráolíu tekur að reka á fjörur víðs vegar um Bandaríkin. „Lífríkið þarf mörg ár, ef ekki áratugi, til að jafna sig,“ segir Samantha Joyce, sjávarlíffræðingur við Georgíu-háskóla.

# Eyjafjallajökull hefur áhrif: Ryanair dæmt til greiðslu bóta

**NEYTENDUR** Ryanair hefur verið dæmt til að greiða þrjár milljónir evra í bætur, vegna bágrar þjónustu við fólk sem varð strandaglópar vegna gossins í Eyjafjallajökli. Það jafngildir um 490 milljónum króna. Þetta kemur fram í franska blaðinu Le Monde.

Það er sérstaklega vegna farþega sem strandaðir voru í Ciampino í Róm sem hvorki var boðið upp á vott né þurrt.

Ítalska flugumferðareftirlitið segir önnur flugfélög hafa staðið sína plikt.

# Dagsektir ef starfsmenn eru án vinnustaðaskírteina

Orðið er að lögum að allir starfsmenn í byggingariðnaði og veitingarekstri skuli bera vinnustaðaskírteini. Óhugnanlegt segir formaður Framsóknarflokksins. Tryggir réttindi starfsmanna segir félagsmálaráðherra.

**VINNUMARKAÐUR** Eftirleiðis skulu allir starfsmenn og atvinnurekendur í byggingariðnaði og veitingarekstri hafa vinnuskírteini á sér við störf sín. Alþingi samþykkti lög þess efnis í síðustu viku. Möguleiki er á að þetta eigi við fleiri atvinnugreinar.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra var flutningsmaður frumvarpsins. Hann segir það nauðsynlegt til að tryggja réttindi starfsmanna og að lágmarkstarfskjör séu virt. Mýmörg dæmi séu um hið gagnstæða á undanförunum árum og lögin taki á því. Þá sé mikilvægt að hægt sé að ganga úr skugga um það með einföldum hætti, hvort verið sé að svíkja út atvinnuleysisbætur.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



**MARGRÉT STEINARSDÓTTIR**

fara. Hin var sú að aðilar vinnumarkaðarins sæju um þann þátt. Við getum ekki liðið það að réttindi séu brotin á erlendu launafólki eða menn geti stundað stórféll svik í atvinnutryggingakerfinu og það séu engin úrræði við líði.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi lögin harðlega í fréttum Ríkisútvarpsins í gær. Þar sagði hann málið óhugnanlegt og þegar það sé sett saman við ýmis konar boð og bönn minni samfélagið helst á Austur-Þýskaland.

Árni Páll segir gagnrýni Sigmundar athyglisverða. „Framsóknarflokkurinn gerði aldrei athugasemdir við málið meðan það var til meðferðar í þinginu, hann virðist hafa haft einhverjum öðrum hnöppum að hneppa.“

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, segist ekki



**BYGGINGARIÐNAÐUR** Lögin beinast fyrst í stað að byggingariðnaði og veitingahúsarekstri. Félagsmálaráðherra segir reynsluna sýna að það sé geirar sem ástæða sé til að haf varann á gagnvart.

## Forystumenn ósamstíga varðandi skírteinin

Formaður og varaformaður Framsóknarflokksins eru ósamstíga þegar kemur að málinu. Sigmundur Davíð, formaður flokksins, sagði það óhugnanlegt og ræddi um Austur-Þýskaland, í hádegisfréttum RÚV í gær. Þar vísaði hann til fleiri boða og banna.

Birkir Jón Jónsson varaformaður samþykkti frumvarpið á Alþingi. Það gerðu fleiri Framsóknarmenn og Guðmundur Steingrímsson skrifaði undir nefndaralit félags- og tryggingamála-nefndar. Enginn þingmaður Framsóknarflokksins



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

Birkir Jón segist hafa samþykkt frumvarpið með þeim eðlilegu fyrirvörum að þeim heimildum sem þar eru veittar verði beitt af hófsemi. „Fari svo að svartsýnustu spár gangi eftir og samfélagið breytist í eitt allsherjar eftirlitssamfélag, munum við láta til okkar taka á vettvangi þingsins og vinda ofan af því.“ Það að hann hafi greitt frumvarpinu atkvæði sitt sé merki þess að hann óttist það ekki hvað þetta mál varðar.

hafa séð frumvarpið. Það hafi ekki verið sent skrifstofunni til umsagnar.

Hún segir mikilvægast að huga að því að varlega sé farið í skráningu og söfnun persónuupplýsinga, í tengslum við útgáfu slíkra skírteina. Þá verði að tryggja að þau séu ekki

notuð í öðrum tilgangi.

„Mér sýnist þetta snúa að vinnuveitandanum og að hann fari eftir lögum. Ég á því erfitt með að sjá mannréttindavinkil á þessu, fyrir-tæki sem slík geta ekki notið mannréttinda.“

kolbeinn@frettabladid.is



**MEÐ SLÆÐU Í ALMENNINGSGARÐI** Slæðubann er ögrandi aðgerð segja múslimar

## Múslimar um slæðubann: Telja slæðubann hafa öfug áhrif

**AUSTURRÍKI, AP** Slæðubann vinnur gegn tilgangi sínum og markar afturför til fortíðar, að mati ráðstefnu múslima í Vínarborg í Austurríki um helgina.

Rúmlega hundrad íslamskir trúarleiðtogar frá 40 löndum sóttu ráðstefnuna. Þeir gagnrýndu Evrópulönd sem íhuga að leggja bann við andlitsslæðum, líkt og stendur til í Frakklandi og Belgíu.

Famile Fatma Arslan, lögfræðingur frá Hollandi, var meðal ráðstefnugesta. Hún telur að slæðubann myndi vinna gegn tilgangi sínum. „Þetta er ekki fyrirbyggjandi aðgerð, heldur ögrandi og mun þannig hafa öfug áhrif.“ Hafi viðkomandi ríki áhuga á að styrkja stöðu múslimskra kvenna ættu þau að leggja meiri áherslu á menntun og fræðslu.“

**KLAUSTRIÐ EFTIR PANOS KARNEZIS**

**FRÁ ÞEIM SEM GUÐ VILL TORTÍMA TEKUR HANN FYRST VITGLÓRUNA**

„Kyrrlát, nánast þögn, frásögn en um leið brennheitt, mannlegt drama ... máttug og fumlaus.“

—Times

SPLUNKUNY KILJA!

byðandi: Árni Óskarsson

BJARTUR neon

**VEÐURSPÁ**

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR HÆGT** í dag verður heldur svalt norðanlands og horfur á slyddu inn til landsins. En á morgun hlýnar og á miðvikudaginn má sjá tveggja stafa hitatölur víðast hvar á landinu. Þá verður vindur suðvestlægur og vætusamt sunnan- og vestanlands.

**Á MORGUN** 3-8 m/s en hvassara allra syðst.

**MIÐVIKUDAGUR** S- og SV-átt, víða 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

Alicante	21°
Basel	22°
Berlín	17°
Billund	14°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	11°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	21°
London	17°
Mallorca	21°
New York	22°
Orlando	32°
Ósló	15°
París	19°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.





### LATITUDE™ E6410

Intel® Core™ i5-520M Processor (3M Cache, 2.40 GHz)

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg. Fyrir notendur sem þurfa þunna, léttu og meðfærilega fartölvu án þess að það komi niður á afköstum og virkni hennar. Allt að 8GB DDR3 minni og höggvörn á harða disknum. Endingagóð rafhlaða með ExpressCharge, sem hleður rafhlöðu í 80% á einni klukkustund. Sterkbyggð og glæsileg umgjörð.

# Það er bara eitt sem er alveg á tæru til 2015



JÓNSSON & LEMACKS - J11.15 - 1414

## Fimm ára ábyrgð

Dell Latitude fartölvurnar eru áreiðanlegar og afkastamiklar, sérhannaðar fyrir atvinnulífið þar sem ending og hagkvæmni í rekstri eru lykilatriði.



Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.



### Dell EMC AX4-5

Einföld og hentug SAN gagnageymsla. Fáanleg bæði í iSCSI og FC útgáfum. Stækkanleg í 60 diska, SAS eða SATA.



### Dell 5130 litalaser prentari

Sennilega hraðvirkasti A4 geislaprentari í lit. Mögnuð prentgæði, áreiðanleiki og hraði.




### Dell Poweredge T310

Góður alhliða netþjónn, einn fjögurra kjarna Xeon örgjörvi, tveir eða fjórir Hot Plug diskar. Allt að 32GB vinnsluminni.



### Dell Poweredge™ T610

Frábær alhliða netþjónn sem hentar í allan almennan kerfisrekstur. Allt að 8TB diskapláss og 96GB vinnsluminni



### Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.



### Dell 23" Pro LCD skjár

Vandaður skjár í góðri stærð með fjölda tengimöguleika.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegji 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000





## KJÖRKASSINN



Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríð?

JÁ	49,9%
NEI	50,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu ánægð(ur) með störf sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins?

Segðu þína skoðun á visiris



Samfylkingin í Reykjavík kynnti stefnuskrá sína í Kolaportinu í gær:

## Atvinnumálin í forgangi

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Atvinnumál eru forgangsmál hjá Samfylkingunni í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar, en flokkurinn kynnti stefnuskrá sína í Kolaportinu í gær.

„Samfylkingin vill binda endi á aðgerðaleyfið og hrinda markvissum og mikilvægum aðgerðum í framkvæmd í atvinnumálunum,“ segir í stefnuskránni. Átak í nýsköpun og nýtingu á tómu húsnæði, endurnýjun í eldri hverfum og auknar verklegar framkvæmdir eru nefnd sem dæmi um þetta.

Flokkurinn segist vilja auka sam-

starf á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja heildaryfirsýn yfir það. Þá vill hann tryggja öllum börnum borgarinnar örugga þjónustu og ódýrari frístundir. Jafnframt segir í stefnuskránni að Samfylkingin hafni öllum hugmyndum um einkavæðingu Orkuveitunnar og leggi áherslu á að unnið verði á skuldavanda fyrirtækisins.

Að mati Samfylkingarinnar hafa borgarmálin verið í kreppu allt kjörtímabilið. Það sé lykiliatriði að endurverkja traust á borgarstjórninni, það verði aðeins gert með markvissum umbótum.

- þeb



Í KOLAPORTINU Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar kynnti stefnuskrána ásamt öðrum frambjóðendum.

## Hneyksli skekur páfagarð: Fjöldi sýndi páfanum stuðning

**VATÍKANIÐ, AP** Rúmlega hundruð þúsund manns fjölmenntu á Péturstorg í gær til að votta Benedikt XVI páfa stuðning í hneyksli máluðum vegna kynferðisafbrotu þjóna kaþólsku kirkjunnar, sem skekja Vatíkanið.

Benedikt páfi sagðist hræður yfir trúfestu og samstöðu mannfjöldans. Hann fordæmdi „sýndina“ sem hefði flekkað kirkjuna og sagði að hana þyrfti að hreinsa burt.

- bs

# Sauðfé flutt frá gossvæðinu

Fé var flutt af fyrsta bænum undir Eyjafjöllum í gær, en það var flutt í Mosfellsdal. Fleiri bændur íhuga að flytja sitt fé. Landbúnaðarráðherra útilokar ekki breytingar á reglum um varnarlinur vegna vandræðanna.

**ELDGOS** Á annað hundrað fjár af bænum Hrútafelli var flutt af gossvæðinu undir Eyjafjöllum í Mosfellsbæ í gær. Fleiri bændur íhuga einnig að flytja sitt fé í burtu.

Ármann Fannar Magnússon og Berglind Bjarnadóttir eru bændur á Hrútafelli og stóðu í ströngu ásamt fleirum við að koma fénu í Mosfellsdalinn, þar sem skyldfólk þeirra á heima. „Það er ekkert útlit fyrir að maður geti sett lambfé út hérna á næstunni, og það skapar bara vandamál og veikindi og dauðsföll að loka lambfé lengi inni,“ sagði Ármann í samtali við Stöð 2 í gær. Mjög þröngt var orðið á fénu vegna þess að sauðburður var langt kominn á bænum. Ármann og Berglind misstu tvö lömb og tvær kindur, mögulega vegna flúoreitrunar.

Hann segist trúá því að þau hafi tekið rétta ákvörðun í ljósi ástandsins sem upp er komið. Hann sér ekki fram á að hægt verði að stunda búskap með sauðfé á svæðinu næstu eitt eða tvö árin. „Enda er ég að fara með féð út fyrir varnarlinu og það fer bara í sláturhús í haust. Þá tek ég bara nýtt fé þegar jörð hefur lagast og ástand batnar.“

Ármann og Berglind hafa ekki tekið ákvörðun um að flytja um 100 nautgripi sem þau eru með, en í versta falli munu þau flytja þá í burtu líka.

Hluti samráðshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hittist á fundi vegna eldgossins í gærkvöldi. Þar átti meðal annars að ræða mögulegar aðgerðir sem snerta landbúnað á svæðinu. Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra útilokar ekki að reglur um flutning sauðfjár yfir varnarlinur verði rýmkaðar, vegna vandræðanna sem hafa hlotist af öskufallinu.

thorunn@frettabladid.is



**FÉNU KOMIÐ FYRIR Á NÝJUM STAÐ** Fjölskyldan á Hrútafelli ásamt aðstandendum hjálpuðust að við að koma fénu fyrir í Mosfellsdalnum eftir flutninginn. Elsti sonurinn varð þó eftir á bænum og sá um búið ásamt afa sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EYJAFJALLAJÖKULL** Þór Þórðarson telur að eldvirkni sé að færast aftur í aukana eftir kyrrlátt skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldfjallafræðingur í Edinborg:

## Eldfjallaeyjan að vakna úr dvala

**ELDGOS** Þór Þórðarson, eldfjallafræðingur við Háskólann í Edinborg, spár því að eldfjallaeyjan Ísland sé vöknud úr dvala og Evrópubúar muni finna fyrir því næstu áratuginna. Breska dagblaðið Times greindi frá þessu.

Í fréttinni kemur fram að þegar vísindamenn hafi tímasett 205 eldgos á Íslandi undanfarin 1.100 ár, hafi ákveðið mynstur komið í ljós. „Tíðni eldgosa á Íslandi virðist rísa og hníga á 140 ára fresti,“ er haft eftir Þór. „Á seinni hluta 20. aldar var eldvirknin lítil en ýmislegt bendir til þess að hún sé smám saman að færast í aukana.“

Þór telur að Grímsvötn, Hekla og Askja gætu byrjað að gjósa, áður en langt um líður.

Fær frest til að skila eignalista:

## Þarf að hætta í stjórn Iceland

**DÓMSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson á ekki lengur sæti í stjórn Iceland verslunarkeðjunnar í Bretaland, að því er fram kemur í breska dagblaðinu Daily Mail. Þar með er hann genginn úr öllum stjórnunum sem hann sat áður í.

Broththvarf Jóns Ásgeirs úr stjórnunum tengist stefnu slita-stjórnar og skilánefndar Glitnis, sem og kröfu um kyrrsetningu allra hans eigna.

Frestur Jóns til að leggja fram tæmandi lista yfir eignir sínar fyrir breskum dómstóli vegna kyrrsetningarkröfunnar var fyrir helgi framlengdur fram til klukkan 14 í dag.

- bj

Formaður fjárlaganefndar:

## Vill hagræða í menntakerfinu

**EFNAHAGSMÁL** Engir þættir í þjónustu hins opinbera verða ósnertir í niðurskurði fjárlaga á næsta ári, segir Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Guðbjartur sagði í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær að ríkissjóður hafi tapað um 30-40% af tekjum sínum við bankahrunið. Við því þurfi að bregðast. Aðallega hafi verið horft til tekjuhliðarinnar fyrir fjárlög þessa árs. Fyrir fjárlög næsta árs verði horft á útgjaldahlíðina.

Guðbjartur lagði áherslu á að hagrætt yrði í menntakerfinu. Hann nefndi sem dæmi að ekki væri sjálfgefið að halda úti lagánámi í fimm háskólum eins og verið hefur undanfarin ár.

- jhh

Hægt að fara fram á gjaldþrotaskipti hjá fyrrum forsvarsmönnum FL Group:

## Enginn á eignir upp í kröfur

**DÓMSMÁL** Enginn hinna fjögurra fyrrum forsvarsmanna FL Group, sem grunaðir eru um brot á lögum um virðisaukaskatt, á nægar eignir hér á landi til að greiða mögulegar sektir vegna málsins. Því gæti tollstjórinn, fyrir hönd skattannsóknarstjóra, krafist þess að fjórmenningsarnir verði teknir til gjaldþrotaskipta.

Skattannsóknarstjóri hefur farið fram á að eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Hannesar Smárasonar, Jóns Sigurðssonar og Skarphéðins Berg Steinarssonar verði frystar vegna kröfu skattayfirvalda í málinu. Kröfur skattsins eru hins vegar í öllum tilvikum hærrí en eignir sem hægt hefur verið að frysta, að því er fram komi í Fréttum Stöðvar 2 í gær.

Krafist var kyrrsetningar á



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



HANNES SMÁRASON



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON



JÓN SIGURÐSSON

eignum að andvirði 245 milljóna króna hjá Jóni Ásgeiri, en aðeins fundust eignir að andvirði tæplega 152 milljóna. Hjá Hannesi Smárasyni var krafan 150 milljónir en eignir 11,5 milljónir.

Eignir að andvirði ríflega 71 milljónar króna voru kyrrsettar hjá Jóni Sigurðssyni. Hjá Skarp-

hédi voru kyrrsettar eignir að andvirði 31 milljónar króna.

Árangurslaus kyrrsetning hefur svipuð áhrif og árangurslaust fjárnám. Gerðarbeiðandi, í þessu tilviki tollstjóri fyrir hönd skattayfirvalda, getur í báðum tilvikum óskað eftir gjaldþrotaskiptum.

- bj

Sprenging í kaupmálum:

## 105 kaupmál- ar voru gerðir strax eftir hrun

**EFNAHAGSMÁL** Aldrei hafa verið gerðir fleiri kaupmál en strax eftir bankahrunið í október 2008. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Í gögnum Credit Info kemur fram að frá árinu 2004 hafa verið gerðir í kringum 250 kaupmál á ári. Á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 voru hins vegar gerðir 205 kaupmál. Við þann gjörning verður til séreign annars maka sem tilheyrir ekki sameiginlegu búi þeirra. Ekki er hægt að ganga að séreign maka skuldarans.

Nýverið var lögum breytt þannig að hægt er að rífta færslu eigna til skyldmenna fjögur ár aftur í tímann í stað tveggja.

- kóp



**SÍÐUSTU DAGAR!**

**VURTIÞTEKT!**

**KING KOIL CORSICA**

Queen size (153x203 cm)

Fullt verð 249.636 kr.

**NÚ MED 40% AFSLÆTTI**

**149.782 kr.**

**= 99.854 kr. AFSLÁTTUR**

**CORSICA PLUSH/FIRM**

- 5 sveðaskipt Svefnsveði
- 5 sveðaskipt Sleep design gormakerfi eitt þæð fullkominasta á markaðnum í dag
- Tvíhert sérvaldi stál í gormunum
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna stökun
- Sludningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnihlutur
- Þarf ekki að snúa

**NÚ HREINSUMVIÐÚT  
30-50% AFSLÁTTUR**

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**

**COMFORT solutions®**

By King Koil®

**ÁTTU VON  
Á GESTUM?**

Í Rekkjuni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófásýningarsal landsins.

**rekkjan**



## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir lögfræðingurinn sem Sigurður Einarsson hefur ráðið sér?

2 Hvaða kvikmyndahúsi í höfuðborginni verður lokað um mánaðamótin?

3 Hvaða fyrrum knattspyrnumaður er fluttur til landsins og starfar sem fótboltsáfræðingur hjá RÚV?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Joly segir miða eðlilega:

## Gera lítið úr rannsókninni

**EFNAHAGSMÁL** Eva Joly segir að miðað við aðstæður gangi rannsókn, vegna bankahrunsins,



EVA JOLY

ágætlega. Þá sé eðlilegt að ekki sé skýrt frá þeirri rannsókn sem í gangi er opinberlega. Þetta kom fram í Silfri Egils í gær. Þá varaði hún við því að reynt yrði að gera lítið úr rannsókninni og störfum sérstaks saksóknara, Ólafs Þórs Haukssonar. Tilhneingingar í þá átt gætti í ummælum margra vegna fyrstu handtakanna og kæra á hendur stjórnenda Glitnis. Hún sagði ennfremur að ekki mætti líta svo á að mál Landsbankans lægju óbætt hjá garði, þó lítið færi fyrir þeim nú. Sýna yrði þolinmæði.

- kóp

Hjúkrunarheimili í Garðabæ:

## Nýtt heimili opni árið 2012

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt hjúkrunarheimili fyrir 60 heimilismenn verður tekið í gagnid í Garðabæ haustið 2012. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, og Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðgjafi, undirrituðu samning um fjármögnun og uppbyggingu heimilisins í gær.

Heimilið verður á Sjalandi og er áætluð stærð þess 4.500 fermetrar. Í húsinu verður einnig svokallað þjónustusel, 1.500 fermetra rými fyrir ýmsa þjónustu við eldri borgara, iðjuþjálfun, sjúkrahjúfningu, hárgreiðslustofu og fóttaaðgerðastofu. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður 2,16 milljónir. Framkvæmdir munu hefjast í haust. - sh

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík kynnti stefnuskrá fyrir kosningarnar:

## Skattar verði ekki hækkaðir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur megináherslu á það á komandi kjörtímabili að standa vörð um grunnþjónustu borgarinnar án þess að hækka skatta. Frambjóðendur flokksins kynntu stefnuskrá hans fyrir komandi borgarstjórnarkosningar í gær.

Flokkurinn segist vilja forgangsraða í þágu fjölskyldna í borginni og að „gjöld fyrir grunnþjónustu verði áfram með þeim lægstu á landinu.“ Þá vill flokkurinn að sköpuð verði aukin tækifæri til atvinnusóknar með framkvæmdum og átaksverkefnum, auk bættrar þjónustu við fyrirtæki og frumkvöðla.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sagði borgarbúa verða að geta treyst því að borgin standi með þeim og standi vörð um þjónustu og öryggi fyrir börn og fjölskyldur, án þess að hækka skatta. Hún sagði Sjálfstæðisflokkinn hafa sýnt að þetta væri hægt að gera.

Flokkurinn segist vilja að hugað verði betur að lífsgæðum í hverfum borgarinnar og að íbúar fái aukin áhrif með því að kjósa beint í hverfisráð og um forgangsroðun í fjárhagsáætlunum.

- þeb



Í HLJÓMSKÁLANUM Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og aðrir frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins kynntu stefnuskrá flokksins fyrir komandi kosningar í Hljómskalanum á laugardag.

Samiðn um atvinnumál:

## Heimtar átak í virkjanamálum

**ATVINNUMÁL** Samiðn krefst þess að stjórnvöld ráðist í öflugt átak í uppbyggingu í orkumálum og stóriðju. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á þingi Samiðnar um atvinnumál á laugardag.

Í ályktuninni segir að með átaki í stóriðju skapist forsendur fyrir viðsnúningi í íslensku efnahagslífi og auknum hagvexti. Enn fremur segir að tryggja verði sjálfbærni í nýtingu auðlinda og að ekki verði gengið á rétt komandi kynslóða.

- bs

# Stór lyfjafyrirtæki íhuga að hætta að selja lyf til Íslands

Mikill óstöðugleiki á lyfjamarkaði á Íslandi gæti orðið til þess að ný lyf verði ekki sett á markað hér á landi segir framkvæmdastjóri lyfjarisa. Viljum sambærilegt verð og nágrannalöndin segir heilbrigðisráðgjafi.

**HEILBRIGÐISMÁL** Haldi íslensk stjórnvöld áfram á sömu braut í lækun lyfjaverðs munu stórir lyfjaframleiðendur hætta að setja ný lyf á markað hér á landi og jafnvel draga eldri lyf af markaði, segir Robin Turner, framkvæmdastjóri hjá svissneska lyfjafyrirtækinu Roche.

Fyrirtækið er eitt af stærstu lyfjafyrirtækjum í heiminum í dag, og stærsti framleiðandi krabbameinslyfja. Turner segir íslensk stjórnvöld ítrekað hafa tekið slæmar ákvarðanir um lyfjamarkaðinn. Ekki gangi að lækka verðið hér niður fyrir ásættanlegt verð á stærri mörkuðum. Þá krefjist aðrir þess að fá lyf á sama verði og Íslendingar, sem gangi ekki upp fyrir lyfjafyrirtæki á borð við Roche.

Roche er ekki eina lyfjafyrirtækið sem er búið að fá nóg af ástandinu á Íslandi, segir Turner. Önnur lyfjafyrirtæki séu í nákvæmlega sömu stöðu.

Óvissa sem ríkt hefur hér á landi um lyfjaverð hefur einnig haft afar skaðleg áhrif, segir Turner. Það sé erfitt að ákveða hvort selja eigi ný lyf á Íslandi þegar umsamið verð sé lækkað einhliða af íslenskum stjórnvöldum stuttu eftir að lyfin komi á markað.

Óvissan jókst verulega eftir efnahagshrunið hér á landi

haustið 2008. Turner segir að um tíma hafi lítið út fyrir að stöðugleika væri náð á ný. Þá hafi röð slæmra ákvarðana komið frá íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og allt farið í sama farið aftur.

„Við og okkar fulltrúar á Íslandi náðum engu sambandi við heilbrigðisráðgjafa eftir það, ráðgjafarnir virðist kjósa einhliða ákvarðanir í stað þess að ræða málin,“ segir Turner.

„Það hefur enginn spurt mig hvað Roche gæti gert til að koma til móts við Ísland í þeirri erfiðu stöðu sem landið er í dag. Það hefur ekki einu sinni reynt á hvort hægt væri að koma fram með skapandi hugmyndir sem kæmu til móts við báða aðila. Þess í stað er ítrekað ákveðið einhliða að lækka verðið með litlum fyrirvara.“

Roche hefur fjárfest talsvert á Íslandi, og gert tilraunir með krabbameinslyf hér á landi. Turner segir augljóst að ekki verði framhald þar á ef lyfin sem prófuð eru fari ekki í sölu hér á landi.

Turner segir nauðsynlegt fyrir íslensk heilbrigðisyfirvöld að ræða málin á opinn hátt við fulltrúa lyfjafyrirtækjanna. Í Danmörku hafi til að mynda verið samið um verðlækkun á lyfjum gegn því að samningur um lyfjaverð gildi í tvö til þrjú ár að lágmarki. Það sé stuttur tími, en skárra en það ástand sem ríkt hafi á Íslandi. brjann@frettabladid.is



Það hefur enginn spurt mig hvað Roche gæti gert til að koma til móts við Ísland í þeirri erfiðu stöðu sem landið er í dag.

ROBIN TURNER  
FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ ROCHE



LYF Þróun og framleiðsla á lyfjum er kostnaðarsöm og óstöðugleiki á lyfslumarkaði er þyrnir í augum lyfjafyrirtækja, segir framkvæmdastjóri hjá Roche-lyfjarisannum.

NORDICPHOTOS/AFP

## Hef ekki trú á að landið verði lyfjalaust

„Við höfum náð gríðarlegum árangri í lækun útgjalda til lyfjakaupa án þess að það hafi bitnað á sjúklingum eða heilbrigðisstofnunum,“ segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðgjafi. Ríkissjóður hafi sparað einn milljarð króna á síðasta ári með breytingum á lyfjakaupum og niðurgreiðslu og til standi að spara 1,5 milljarða á yfirstandandi ári.

„Það er ljóst að þetta kemur einhvers staðar niður, en ég hef enga trú á því að landið verði lyfjalaust vegna þessa,“ segir Álfheiður. Hún segir kröfu Íslendinga ekki þá að fá



ÁLFHEIÐUR  
INGADÓTTIR

lyfin á lægra verði en aðrir, aðeins að fá sambærilegt verð og nágrannalöndin.

„Það er misskilningur að þetta skipti sköpum varðandi afkomu lyfjafyrirtækjanna í heiminum, þetta er 300 þúsund manna markaður, sem er örmarkaður fyrir lyfjaíðnaðinn. Ég held að það séu ýkjur að þessi fyrirtæki íhugi að hætta að setja lyf á markað hér á landi.“

Álfheiður vísar því alfarið á bug að ekki sé haft samráð við lyfjaíðnaðinn í aðgerðum stjórnvalda. Þvert á móti hafi verið haft víðtækt samráð við lyfjafyrirtæki og lækna.



Tobias Klose köfunarkennari



Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



2.000 bæklingar með afar djúpum þælingum.



5.000 umslög af heppilegri stærð.





# Sumarlitirnir komnir

Hver er þinn litur?

20% afsláttur  
af sængurverum

## Chiro Collection heilsurúm

25% afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

## Tempur Spring heilsurúm

25% afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

## Stillanleg heilsurúm

20% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !

**Betra  
BAK**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16





**GRÍMUKLÆDDUR** Margir settu upp grímur á brúðuhátíð í Bangalore á Indlandi. Hátíðin var haldin til að vekja athygli á hefðbundinni indverskri brúðugerð en hún hefur verið á undanhandli. NORDIPHOTOS/AFP

Skólastjóri Engidalsskóla:

## Sendi engin uppsagnarbréf

**SKÓLAMÁL** Auður Hrólfsdóttir, skólastjóri Engidalsskóla, segir rangt hjá Magnúsi Baldurssyni, fræðslstjóra Hafnafjarðar, að hún hafi sent fimm starfsmönnum skólans bréf og tengt uppsagnir þeirra við fyrirhugaða sameiningu Engidalsskóla og Víðistaðaskóla.

„Þessum starfsmönnum voru aldrei send uppsagnarbréf,“ segir Auður. „Þeir voru allir ráðnir til eins árs og var send tilkynning um breyttar forsendur í skólunum vegna sameiningar skólanna og að ársráðning þeirra rynnir út.“ Auður bætir við að við afhendingu bréfanna hafi verið tekið fram að reynt yrði að finna starfsmönnum annað starf innan sameinaðs skóla. „Þetta hefur því alls ekkert með uppsagnir að gera.“

- bs

Ungt fólk og börn verða verst úti í kreppunni samkvæmt skýrslu Rauða krossins:

# Brýnt að vinna gegn áhrifum atvinnuleysis

**FÉLAGSMÁL** Brýnt er að efla atvinnulíf og vinna gegn fþyngjandi áhrifum atvinnuleysis til að draga úr áhrifum kreppunnar á þá hóp sem verst verða úti. Þetta er niðurstaða skýrslu Rauða kross Íslands sem kom út á föstudag.

Í skýrslunni var leitast við að svara þeirri spurningu hvar þrengir að í kreppunni. Skýrsluhöfundar telja ungt fólk og börn verða verst úti.

Fimm hópar verða verst úti í kreppunni, samkvæmt skýrslunni. Það eru atvinnulausir, barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar, innlytjendur, öryrkjar, sem og börn og ungt fólk sem skortir tækifæri.

Ástæða er til að óttast að heil kynslóð ungs fólks festist í langtímaatvinnuleysi og týnist í fátækt, að mati skýrsluhöfundar.

Fátækt kemur öðruvísi við börn en fullorðin fólk og því eru börn sérlega berskjölduð í kreppunni. Fram kemur í skýrslunni að miklu skipti hversu lengi kreppan var. Langvarandi fátækt getur haft áhrif á börn langt fram á fullorðinsár. Það getur til dæmis gerst þegar fátækt dregur úr þátttöku í tómsundastarfi, að því er fram kemur í skýrslu Rauða krossins. Það geti leitt til einangrunar, og valdið því að börnin verði utanveltu í samfélaginu.

- bj



**KYNNING** Skýrsla um áhrif kreppunnar, sem unnin var fyrir Rauða kross Íslands, var kynnt á málþingi Rauða krossins.

## LÖGREGLUFRETTIR

### Grunur um fíkniefnaakstur

Lögreglan á Blönduósi stöðvaði bílstjóra fyrir hraðakstur á laugardag. Ástæða þótti til að kanna hvort öku- maðurinn væri undir áhrifum fíkniefna og er beðið eftir niðurstöðum úr blóðprufu. Í fórum hans fundust einnig sterar, sem lögreglan gerði upptæka.

## SÓMALÍA

### 16 drepnir við þingfund

16 óbreyttir borgarar létust í Sómalíu fyrir helgi þegar ráðist var á fundarstað þingsins. Þetta var fyrsti þingfundur ársins en hryðjuverkahótanir hafa komið í veg fyrir fundi hingað til.

## SAMGÖNGUR

### Rafvæðing bíla rannsókuð

Rafbílaleigu fyrir starfsmenn og nemendur Háskólans í Reykjavík verður ýtt úr vör í dag. Rafbílaleigan er hluti af rannsóknarverkefni HR og er markmiðið að kanna forsendur rafvæðingar bílafloata Reykjavíkinga.

# Hertar aðgerðir til að innheimta sektir

Ríkisendurskoðun segir lítinn hluta sekta vegna skattabrota verða greiddan. Margir þykist ekki eiga fyrir sektum og geri upp með samfélagsþjónustu. Pláss eru til fyrir hvítflibabrot. Það ýtir við mönnum, að sögn dómismálaráðherra.

**DÓMSMÁL** Ríkisendurskoðun segir lítinn hluta sekta vegna skattalagabrota innheimtast og megi gera ráð fyrir að meirihluti þeirra sem fundnir verði sekir um skattalagabrot á næstunni afpláni refsingu sína í formi samfélagsþjónustu.

Fram kom á vefsíðu Ríkisendurskoðunar í vikunni að frá júlí 2008 fram til mars á þessu ári hafi Fangelsisstofnun borist mál 44 einstaklinga sem dæmdir höfðu verið til að greiða sektir sem voru nú milljónir króna eða hærri. Samanlögð sektin hljóðaði upp á 1,3 milljarða króna. Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun hafi aflað sér hafi 81 prósent sekta verið greidd með samfélagsþjónustu.

„Okkur fannst rétt að vekja athygli á þessu. Það hefur gengið mjög illa að innheimta sektir vegna skattalagabrota,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi. Hann bendir á að samkvæmt íslenskum lögum felist refsingar ýmist í fésekt eða fangelsi. Geti maður sem dæmdur er til sektar ekki greitt hana þurfi viðkomandi að afplána vararefsingu í formi fangelsisvistar. Undanfarin ár hefur vararefsing vegna hvítflibabrota nær ávallt verið afplánuð með samfélagsþjónustu vegna skorts á fangelsisrymum. Hámark refsingarinnar er sex mánuðir.

Ríkisendurskoðun bendir jafnframt á að þeim hafi fjölgað sem logið hafi til um greiðslugetu sína og frekar viljað inna af hendi samfélagsþjónustu. Efla verði úrræði yfirvalda til að kanna fjárhags-



**GENGUR ILLA AÐ INNHEIMTA** Sveinn Arason ríkisendurskoðandi t.v. segir illa ganga að innheimta sektir vegna skattalagabrota. Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra segir fangelsisboðun vegna fésekta hvetja fólk til greiðslu þeirra.



## Háar sektir fyrrverandi stjórnenda

Fyrir skömmu var frá því greint að rúmlega þrjátíu fyrrverandi stjórnendur hjá Glitni og Kaupþingi hafi fengið bakreikning frá Ríkisskattstjóra vegna söluréttasamninga. Dæmi séu um að menn hafi hagnast um hálfan milljarð á þeim. Skattayfirvöld töldu að færa hefði átt söluréttasamningana sem launatekjur fremur en fjármagnstekjur.

Þá voru taldar líkur á að fyrrverandi stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Glitnis muni þurfa að greiða tugi milljóna króna í skatt vegna ólögmaetra arðgreiðslna sem þeir fengu í sinn hlut. Glitnir veitti lán til arðgreiðslnanna.

Staðgreiðsluskattur af vaxtatekjum nema nú 18,0 prósentum en skattur á launatekjur eru á bilinu 37,22 til 46,12 prósent.

stöðu þeirra sem fundnir eru sekir um hvítflibabrot þegar háar sektir blasi við.

Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra segir unnið að því að fjölga fangaplássum og vísar til þess að fangelsið Bitra í Flóahreppi verði opnað á föstudag. Seint í síðasta

mánuði voru þangað komnir fimm fangar en nokkur pláss eru frátekni fyrir þá sem bógaðir hafa verið til að afplána vararefsingu vegna fésekta. „Með því einu að bóga fólk til afplánunar út af fésektum myndast hvati til að greiða þær,“ segir hún.

jonab@frettabladid.is

## Tilkynning vegna sölu verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar

Sala Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. var auglýst 27. apríl síðastliðinn, en félagið á og rekur verslunarmiðstöðina Smáralind í Kópavogi. Þann dag hófst formlegt söluferli sem Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans annast í umboði eiganda.

Fasteignafélag Íslands ehf., sem er eigandi Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf., á einnig nærliggjandi lóðir sem keyptar voru til að þróa verslunarmiðstöðina Smáralind og næsta umhverfi hennar.

Fasteignafélag Íslands ehf. hefur ákveðið að gefa fjárfestum kost á að bjóða í viðkomandi lóðir samhliða því að bjóða í allt hlutfélag Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf. Lóðirnar eru sunnan Smáralindar, við Hagasmára og Hæðasmára. Þessar lóðir verða hvorki seldar sérstaklega sem heild né heldur stakar, heldur er ætlunin sú að gefa kaupanda verslunarmiðstöðvarinnar tækifæri til að eignast þær jafnhliða kaupum á Smáralindinni.

Nánari upplýsingar eru á vef Landsbankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is), en sölugögnum hefur verið breytt með tilliti til ofangreinds. Lokafrestur til að óska eftir þátttöku í söluferlinu rennur út þann 25. maí 2010.

Norskir fjárfestar selja Íslendingum sumarhús á Snæfellsnesi:

## Húsabyrping risin á Hellnum

**HELLNAR** Tíu hús eru seld í nýrri húsabyrpingu sem risin er á Hellnum. Þegar hafa tólf hús verið reist en grunnar hafa verið lagðir að sautján húsum og verður lokið við að byggja þau í sumar, að sögn Búa Kristjánssonar verkefnastjóra framkvæmdanna.

Búi segir norska fjárfesta hafa keypt húsin haustið 2008, skömmu fyrir hrún. Þau voru þá komin í eigu Landsbankans sem hafði eignast þau eftir gjaldþrot fyrri eiganda.

Uppi voru um miðjan áratuginn áform um að reisa á Hellnum 200 íbúðahúsa þorp, frístundabyggð sem átti að heita „Plássíð undir jökli,“ og áttu þar samkvæmt lýsingu að vera lista- og handverksgallerí, verslanir og hótél, allt sem vera þyrfti til staðar í „íbúðarvænu þorpi“.

Að sögn Búa eru slíkar stórfamkvæmdir ekki á dagskrá nú og munaði meira að segja litlu að eigendurnir hættu við að ljúka við húsin í ljósi slæmra efnahags-



**HÚSABYRPING Á HELLNUM** Húsin eru flutt inn frá Noregi og minna frekar á gömul hús í eldri kaupstöðum landsins en á hefðbundin sumarhús íslensk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aðstæðna. Skriður komst svo á málin síðasta vor og var afráðið að ljúka við þau sautján hús sem hafist hafði verið handa við. Síðasta haust kom svo kippur í sölu húsa sem hafa verið seld á verðbilinu 12 til 16 milljónir króna eftir

stærð. „Það er bara þokkalegur áhugi á þessu,“ segir Búi sem segir tvo til þrjá vinna að staðaldri við framkvæmdir og frágang við húsin en allt að sjö til átta vinni þarna þegar flestir séu á svæðinu.

- sbt



# Fangaðu heiminn með Canon PowerShot



## Frábær saga er persónuleg.

Hvaða mynd sem er getur sýnt stað, manneskju eða viðburð. Frábær mynd segir sögu. Með Canon PowerShot myndavélum eiga allir möguleika á að vera frábærir sögumenn.

**PowerShot A línan** er fyrir þá sem vilja einfalda myndavél; miða og skjóta og fá ávallt frábærar myndir.

**PowerShot D10** er fyrir þá sem vilja taka myndir á ystu nöf; vatnsheld og frostheld og skilar hágæða myndgæðum.

**PowerShot SX línan** er fyrir þá sem vilja fara nær viðfangsefninu. Allt að 20x optical aðdráttur og 28mm linsur til að ramma inn skotið.

**PowerShot S90 og G11** skila óviðjafnanlegum myndgæðum og veita sveigjanleika sem uppfyllir kröfur atvinnuljósmyndara.

**Canon PowerShot** myndavélar fyrir allar aðstæður.



Taktu meira en myndir.  
Taktu sögur.

Nánari upplýsingar á [www.canon.nyherji.is](http://www.canon.nyherji.is)  
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook

**Canon**

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Krínglunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langhóltsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholt 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornid - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Foto - Tölvun / Netverslun Nýherja, [www.netverslun.is](http://www.netverslun.is)



# Fjármálin í forgrunni á Seltjarnarnesi

Í fyrsta sinn í langan tíma virðast peningar vera helsta hitamálið í kosningabaráttunni á Seltjarnarnesi. Bæjarbúar hafa úr fjórum framboðum að velja, fleirum en í undanförunum sex kosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð haft fírna sterka stöðu á Seltjarnarnesi og verið í meirihluta í bæjarstjórn svo lengi sem elstu menn muna. Í síðustu kosningum fengu sjálfstæðismenn fimm bæjarfulltrúa og bættu þá við sig einum manni frá kosningunum 2002. Neslistinn - bæjarmálafeilag Seltjarnarness fékk tvo menn.

Fjórir listar eru í framboði. Sjálfstæðisflokkurinn býður fram sem fyrr en önnur framboð eru Framsókn og óháðir, Neslistinn og Samfylkingin. Undanfarnar fimm kosningar hafa aðrir flokkar og öfl en Sjálfstæðisflokkurinn sameinast um framboð undir merkjum Neslistans.

Slíkt sameiginlegt framboð kom enn til álita nú en eftir að Samfylkingin hafði ákveðið að bjóða fram sér afréðu framsóknarmenn að gera það líka. Síðast gerðist það 1982 að kjósendur á Nesinu höfðu úr svo mörgum framboðum að velja.

Bæjarstjórnarskipti urðu á kjörtímabilinu. Jónmundur Guðmarsson lét af embættinu og gerðist framkvæmdastjóri Sjálfstæðis-

flokksins. Við tók Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi flokksins til margra ára. Hún fer fyrir listanum nú og í næstu sætum eru ýmist sitjandi bæjarfulltrúar eða nýliðar.

Hvorugur bæjarfulltrúa Neslistans er í framboði en þar er Árni Einarsson varabæjarfulltrúi í efsta sæti. Margrét Lind Ólafsdóttir er oddviti Samfylkingarinnar og Kristjana Bergsdóttir leiðir lista Framsóknar og óháðra.

Fjármál bæjarins eru í kastljósinu í kosningabaráttunni. Sótt er að Sjálfstæðisflokknum vegna fjármálastjórnar en talsverður halli varð á rekstri bæjarins tvö undangengin ár. Það er nýtt á Seltjarnarnesi þar sem jafnan hefur verið afgangur af rekstrinum.

Hrunið hafði vitaskuld sitt að segja um fjárhagsstöðuna en gagnrýnendur Sjálfstæðismanna segja þá hafa brugðist seint og illa við. Benda þeir á að nágrannasveitarfélögum hafi tekist að laga reksturinn að breyttum aðstæðum. Áhyggjur af fjármálum ná líka inn í raðir dyggja stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins. Samtöl við slíka leiða í ljós að þeir telja flokkinn ekki hafa gripið til nægilegra aðhaldsaðgerða í kjölfar hrunsins. Leggja þeir hart að sínum mönnum að einhenda sér í verkið þegar umboð þeirra verður endurnýjað eins og það er orðað.

Nokkrum sinnum á undanförunum árum hefur komið til talsverðra deilna á Seltjarnarnesi vegna skipulagsmála. Hafa þær sett mark sitt



SELTJARNARNES Sjálfstæðismenn hafa alla tíð farið með stjórntaumana á Nesinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á mannlífið í þessu fámenna sveitarfélagi og skilið eftir sig sár. Fátt bendir til að til slíkra deilna komi á næstunni enda skipulag byggingasvæða og stórframkvæmdir ekki í kortunum.

Líkt og víðast hvar annars staðar eru íbúar á Nesinu ekki mjög uppteknir af kosningunum. Ekki enn allavega. Þreyta gagnvart pólitískum málefnum er tilfinnanleg og leiða og reiði gætir hjá fólki.

**Björn Þór Sigbjörnsson**  
bjorn@frettabladid.is



## Stöndum vörð um grunnþjónustuna

„Helstu áherslur okkar snúast um að standa vörð um þá grunnþjónustu sem nú þegar er veitt í bæjarfélaginu og halda áfram aðhaldsaðgerðum,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna. „Það skiptir máli að haga kostnaði í samræmi við tekjur bæjarins á meðan við finnum fyrir lækkaðum tekjum.“ Ásgerður segir að ráðist hafi verið



í aðhaldsaðgerðir síðastliðið haust. Tekist hafi að draga kostnað saman um hundrað milljónir króna sem komi fram í ársreikningi. Þetta hafi verið unnið í samstarfi við forstöðumenn sviða og stofnana bæjarins og þeirri vinnu verði framhaldið. Ásgerður segir engar stórar framkvæmdir á stefnuskrá sjálfstæðismanna fyrir næsta kjörtímabil. Hún

sjái fyrir sér að viðhaldsverkefnum verði haldið áfram.

„Við viljum halda áfram að styðja vel við ungar barnafjölskyldur og samþykktum nýlega að auka niðurgreiðslur til foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum svo þeir hafi raunverulegt val um hvort börnin séu hjá dagforeldrum eða á leikskóla. Einnig ætlum við að styðja áfram þá öflugum starfsemi sem er í grunnskólanum og félagsmiðstöðinni.“

## Tal til sölu (IP-fjarskipti ehf.)

Hluthafar IP-fjarskipta ehf. hafa falið fyrirtækjaráðgjöf Tinda verðbréfa hf. að annast formlegt sölufélag á öllu hlutafélagi síns. IP-fjarskipti ehf. reka fjarskiptafyrirtækið Tal sem er þriðja stærsta fjarskiptafélag á Íslandi. Tal sérhæfir sig í alhlíða fjarskiptajónustu við heimili.

Sölufélagið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum fjárfestum sem uppfylla skilyrði þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 og sýnt geta fram á fjárfestingaröfnum umfram 300 milljónir króna. Áskilinn er réttur til þess að takmarka aðgang að sölufélaginu, t.a.m. vegna samkeppnisreglna, og að hafna öllum tilboðum. Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu sem hægt er að nálgast hjá Tindum verðbréfum hf. ásamt því að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Í kjölfarið fá fjárfestar afhent kynningarskjal um félagið.

Óskuldbindandi tilboð skulu hafa borist Tindum verðbréfum hf. fyrir kl. 13:00 þann 31. maí 2010. Tilboð sem berast til Tinda verðbréfa hf. eftir þann tíma verða útilokuð frá ferlinu. Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og sýna fram á fjárhagslega burði til að standa við tilboðin verður boðið til áframhaldandi þátttöku í sölufélaginu sem stefnt er að ljúka fyrir lok júní 2010.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Tinda verðbréfa hf., [www.tindaverdbref.is](http://www.tindaverdbref.is).



## Sparað með því að minnka yfirbyggingu



„Við ætlum að standa vörð um félagslega velferð íbúa á Seltjarnarnesi, þar með talin skólamálin og öldrunarmálin,“ segir Margrét Lind Ólafsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar. „Svo höfum við miklar áhyggjur af fjármálunum, við viljum hagræðingu og endurnám forgangsröðunar í anda jafnréttis og jafnaðar. Það þarf að endurskoða stjórnkerfið og færa það nær því sem er eðlilegt miðað við stærð bæjarfélagsins. Þetta er lítið bæjarfélag og við þurfum ekki jafn mikla yfirbyggingu og hér er. Þar má spara.“ Margrét Lind segir ekki mega skera niður í velferðarmálum. „Það þarf að gæta að þeim málum sem snúa að einstaklingunum. Það þarf að standa vörð um skólastarfið, bæði í grunnskólanum og tónlistarskólanum, enda mjög brýnt að sinna þeim málaflokkum vel. Hér hefur ekki verið tekið á eineltismálum, svo dæmi sé nefnt.“

Íbúapróunin er Margrét Lind ofarlega í huga. „Við stöndum frammi fyrir fækkun í bæjarfélaginu og það er áhyggjuefni því samfélagið verður einsleitara. Ungt fólk á erfitt með að fá íbúðir í bænum.“

Hún segir líka að bærinn hafi staðið illa að upplýsingamálum. „Hér er of lítið gagnsæi og erfitt að nálgast upplýsingar. Ákvarðanir eru teknar og þeim komið í framkvæmd án þess að tilkynna sérstaklega um það. Sem dæmi má nefna að þegar gjaldskrár voru hækkaðar birtist það bara í heimabönnum fólks.“

## Ætlum að taka til í rekstrinum

„Helstu áherslur okkar eru á fjármál bæjarins. Bærinn tapaði 953 milljónum króna á árunum 2008 og 2009 sem eru miklir peningar,“ segir Kristjana Bergsdóttir, oddviti Framsóknar og óháðra. Hún segir erfiðlega hafa gengið að afla upplýsinga um fjárhagsstöðuna, meirihluti Sjálfstæðisflokks hafi í raun reynt að þagga niður umræður um málið. Við það verði ekki unað og framsóknarmenn og óháðir berjast nú fyrir að afla upplýsinga, gera útreikninga og miðla til íbúa. „Við ætlum að taka til í rekstrinum og snúa þessari stöðu við. Flest bæjarfélög stóðu í tapi árið 2008 en sneru taflinu við 2009. Hér jókst hins vegar tapið til muna og sjálfstæðismenn hafa látið eins og þeir hafi ekki áhyggjur af þessu.“ Hún kveðst ekki vilja hækka skatta á íbúa, nóg hafi verið um gjaldhækkunir. „Við segjum hreinlega báknið burt og viljum skera niður yfirbygginguna.“

Kristjana nefnir líka skipulagsmálin og hvernig staðið hefur verið að þeim. „Bæjaryfirvöld hafa oft lent í stríði við bæjarbúa. Þau hafa rokið til og íbúar þurft að efna til mótmæla til að koma í veg fyrir framkvæmdir. Okkar markmið er að haga allri umræðu um skipulagsmál þannig að haft verði samráð við fólk. Nýjar framkvæmdir eiga ekki að ráðast gegn forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er. Í raun má segja að við viljum ekki fleiri stríð um skipulagsmál.“



## Meirihlutinn byggði á góðærissandi



„Fjármálin eru ofarlega á baugi,“ segir Árni Einarsson, oddviti Neslistans. „Bæjarsjóður var rekinn með umtalsverðum halla í tvö

ár og það þarf að rétta hann af og koma rekstrinum í jafnvægi. Meirihlutinn byggði á þessum góðærissandi.“ Árni segir bæjarsjóð hafa tapað þrátt fyrir að útsvarstekjur á Seltjarnarnesi séu með því allra hæsta sem gerist á landinu. Enginn áhugi sé á að hækka útsvarið, mæta þurfi stöðunni með hagræðingu án þess þó að hún bitni á velferðarþjónustunni.

Íbúapróunin á Nesinu veldur Árna áhyggjum. „Ef lítið er til síðustu tíu ára hefur börnum undir sextán ára fækkað um 23 prósent á meðan þeim hefur fjölgað í sveitarfélögum um í kringum okkur. Á sama tíma hefur fólk, eldra en 67 ára, fjölgað um 40 prósent. Þessi þróun hefur áhrif á innviði samfélagsins, til dæmis skólana og öldrunarmálin.“

Árni segir mikilvægt að standa vörð um barnafólkið í bænum, ekki megi þyngra byrðar þess. „Svo leggjum við áherslu á íbúalyðræði og breytt vinnulag. Íbúar verða að hafa betri og meiri aðkomu að veigamiklum málum á borð við skipulag og sameiningu skóla. Umhverfismálin eru líka í forgrunni. Hér höfum við frábæra náttúru, strönd og útivistarsvæði og viljum halda því óspilltu sem enn er óspillt.“



## Mörg þjófnaðarmál upplýst: Fjórir brutust inn í níu bíla

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri hefur upplýst innbrot í níu bifreiðar á Akureyrarflugvelli 14. apríl síðastliðinn og í fjórar vinnuvélar við Eyjafjarðarbraut vestri 4. maí. Í þessum innbrotum var stolið GPS-tækjum, geislaspilurum og ýmsu smá-dóti. Þá var bensínlykli stolið úr einni bifreiðinni og hann notaður til úttekta fyrir um 50 þúsund krónur. Þó nokkrar skemmdir voru unnar í þessum innbrotum. Fjórir piltar 17 til 21 árs viðurkenndu að hafa verið að verki.

Dýralæknir vinnur mál gegn Matvælastofnun:

## Ríkið greiði salmonellureikning vegna hrossa

**DÓMSMÁL** Matvælastofnun og íslenska ríkið hafa verið dæmd til að greiða dýralækni ríflega 660 þúsund krónur vegna starfa við hrossahóp sem var illa haldinn af salmonellusýkingu í Mosfellsbæ í desember 2008. Gera má ráð fyrir að fleiri dýralæknar sem önnuðust hrossin fari í mál gegn Matvælastofnun í kjölfar dómsins.

Upphaf málsins er að héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun hafði samband við dýralækninn vegna veikinda sem komin voru upp í hrossunum. Dýralæknirinn fór á staðinn til að veita hjálp. Fleiri dýra-

læknar komu svo að störfum á síðari stigum málsins. Þeir sendu Matvælastofnun reikninga, þar sem þeir litu svo á að fyrirmæli um aðstoð hefðu borist frá stofnuninni. Matvælastofnun leit hins vegar svo á að eigendum hrossanna bæri að borga fyrir dýralæknisþjónustuna.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur segir að lagt sé til grundvallar að gefin hafi verið fyrirmæli af hálfu Matvælastofnunar þegar dýralæknirinn var kallaður til. Hann hafi brugðist við eins og til hafi verið ætlast í framhaldi af fyrirmælunum.



**VIÐBÚNAÐUR** Mikill viðbúnaður var í hesthúsum í Mosfellsbæ þar sem sýktu hrossin voru hýst.



**ÖSKUSTRÓKUR STÍGUR UPP** Ferðaskrifstofur og flugfélög víða um heim hafa tapað háum fjárhæðum vegna röskunar á millilandflugi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Bretar tapa á Eyjafjallagösinu: Skilar sér í farmiðaverðið

**VIÐSKIPTI** Breska ferðaskrifstofan Thomas Cook hefur tapað sjötíu milljónum punda, jafnvirði tæpra 13,5 milljarða króna, vegna röskunar á flugi á meginlandi Evrópu af völdum gossins í Eyjafjallajökli í síðasta mánuði.

Öskufallið er reyndar ekki það eina sem setur strik í reikning ferðaskrifstofunnar. Óeirðir á götum Apenu vegna efnahagsþrenginga þar hafa skilað sér í fækkun ferðamanna þangað.

Bókanir í Bretlandi hafa dregist saman um tæpan fjórðung og mun það skila sér í hækkun á farmiðaverði, eins og Manny Fontenla-Novoa, forstjóri ferðaskrifstofunnar, bendir á í samtali við breska dagblaðið Telegraph.

- jab

## Mannréttindadagur Reykjavíkur: Blátt áfram fær Mannréttinda-verðlaun

**VERÐLAUN** Samtökin Blátt áfram hlutu í gær Mannréttinda-verðlaun Reykjavíkurborgar en þau voru veitt á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar. Blátt Áfram eru sjálfstæð félagasamtök sem systurnar Svava og Sigríður Björnsdætur stofnuðu árið 2004. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

Sigríður Björnsdóttir formaður samtakanna og Birta Ósk Friðbertsdóttir, ellefu ára, tóku við Mannréttinda-verðlaununum fyrir hönd samtakanna úr hendi borgarstjóra Reykjavíkur Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Verðlaunin eru listaverk eftir Söru Vilbergsdóttur. Í fréttatilkynningu kemur fram að Sigríður sagði viðurkenninguna mikilvæga fyrir samtökin og sönnun þess að starfið skilaði árangri.



**SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR**

lfö

Maí Tilboð

á Innréttingum



EINFALDAR Í UPPSETNINGU - KOMA SAMSETTAR!



Tilboðsverð: 29.900.-

Verð: 69.900.-

Tilboðsverð: 29.900.-



Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is



Tólf dagar til sveitarstjórnarskosninga:

## Vekjum kosninga-baráttuna

Nú eru innan við tvær vikur þar til kosið verður til sveitarstjórna. Það hljómar raunar eins og það geti ekki verið satt miðað við það hversu lítið sveitarstjórnarmál eru til umræðu í samfélaginu.

Í langstærsta sveitarfélagi landsins er staða kosningabaráttunnar líkari því að nokkrir mánuðir væru til kosninga en fáeinir dagar.

Eftirspurnin eftir stjórnámálum og stjórnmalafólki hefur vissulega verið með eindæmum lítil undanfarin misseri og tiltrú almennings til pólitíkusa er líklega í sögulegu lágmarki.

Við þessar aðstæður myndast kjörlendi grínframboðs, Besta flokksins í Reykjavík sem einnig hefur getið af sér afkvæmið Næstbesta flokkinn í nágrennbænum Kópavogi.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Svo virðist sem borgarfulltrúar og aðrir þeir sem í framboði eru til borgarstjórnar af alvöru hafi koðnað niður í aðstæðunum, lagst í vonleysi og talið að best væri

að bregðast við lítilli eftirspurn almennings og háðsglósam Besta flokksins með því að láta sem minnst á sér kræla fremur en að reyna að hrista af sér slyðruorðið, stíga fram og kynna málefni sín með reisn.

Vel heppnuð grínframboð geta verið sem hressandi vindar í alvöru kosningabaráttu. Það er enda yfirleitt tilgangur grínframboða sem vanalega stefna alls ekki að því að ná kjöri. Í svo dauflægri kosningabaráttu og verið hefur hingað til í borginni snýst þó grínið í andhverfu sína. Samkvæmt skoðanakönnunum nær Besti flokkurinn ekki bara inn manni heldur fleiri mönnum. Fari fram sem horfir er líklegt að Besti flokkurinn verði þannig í oddaádstöðu í borgarstjórn á komandi kjörtímabili.

Sveitarstjórnarmál snúast um börnin í samfélaginu, leikskóla og grunnskóla og stóran hluta velferðarkerfisins, þau snúast um skipulagsmál og samgöngur og fjöldamarga aðra hluti sem snerta daglegt líf fólks. Sveitarstjórnarmál eru því alls ekkert grín. Besti flokkurinn grínast þó enn og hefur ekki stefnu í neinum málum sem eitthvað vegna. Stefna flokksins snýst enn um ísbirni í Húsdýragarðinn, ókeypis handklæði í sundlaugarnar og fleira í þeim dúr sem væri auðvitað í góðu lagi ef raunveruleg kosningabaráttu færi einnig fram.

Það eru einungis tólf dagar til stefnu þannig að nú fer hver að verða síðastur að koma fram úr fylgslu sínu. Þeir sem taka þátt í sveitarstjórnarmálum af alvöru verða að standa á torgum og útskýra fyrir okkur kjósendum fyrir hvað þeir standa.

Sitjandi meirihluti verður af sannfæringu að segja okkur hvers vegna við ættum að fela þeim áframhaldandi stjórn borgarinnar og minnihlutinn að sama skapi að færa fram gild rök fyrir því hvers vegna skipta á um stjórn í borginni.

Það gengur ekki að koðna niður undan því að Jón Gnarr og félagar syngi hress lög um að stjórnarmálmennt séu fúllir og leiðinlegir sérhagsmunapotarar. Ef þessir síðustu dagar verða ekki gjörnýttir af frambjóðendum er hætt við að ringulreiðin á næsta kjörtímabili verði verri en nokkru sinni fyrr. Og það er vissulega versti kosturinn.

### HALLDÓR



## Dýrkeyptar, óþarfar lántökur

### Fjármál Kópavogsbæjar



Elfur Logadóttir  
frambjóðandi  
Samfylkingarinnar  
í Kópavogi

Röð rangra ákvarðana Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi á liðnum árum gerir skuldastöðu Kópavogsbæjar líklega 10 milljörðum verri en hún þyrfti að vera. Það þýðir að skera þarf niður sem nemur árlegum rekstrarkostnaði þriggja leikskóla á þessu og næsta ári vegna fjármagnskostnaðar þessara óþörfu skulda.

Þetta stangast á við þá mynd sem meirihlutflokkarnir hafa reynt að teikna upp af stöðunni. Þeir fullyrða að hækkun skulda bæjarins stafi af gengisfalli krónunnar og verðbólgu; staðan hafi verið svo góð fyrir hrun að Kópavogur geti vel tekist á við efnahagsfallið. En er það svo?

Ákvörðun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að leysa fasteignabráskara undan uppkaupum á hesthúsum í Gládheimum kostaði Kópavogsbúa milljarða og leiddi til þess að semja þurfti við eiganda Vatnsenda um eignarnám á landi. Sem leiddi til þess að semja varð við Garðabæ um afléttingu vatnsverndar, sem aftur leiddi til þess að Kópavogsbær varð að tryggja Garðabæ vatn. Þá eru ótaldir ákvarðanir á tíma spennu og hávaxta um ótímabær lóðakaup og lóðaúthlutanir auk óþarfra framkvæmda við Kópavogshöfn.

Bærinn skuldar nálægt 45 milljörðum þegar allt er talið. Nálægt 1,4 milljónir króna á hvern íbúa. Vegna þessara skulda greiddi Kópavogsbær jafn mikið í fjármagnskostnað árið 2009 og hann varði í félagsþjónustu, menningarmál, æskulýðs- og íþróttamál, umferðar- og samgöngumál og umhverfismál á sama ári.

Fyrir þennan pening hefði mátt halda afgreiðslutíma sundlauganna óbreyttum, sleppa gjaldtöku á eldri borgara í sund, fjölga dvalarrýmum aldraðra, bjóða ókeypis skólamáltíðir bæði í leik- og grunnskólum og hækka fjárhagsstuðning félagsþjónustunnar.

Meirihluti íbúa hefur þörf fyrir breytingar á fjármálastjórn bæjarinnar. Hagræða þarf í rekstrinum án þess að ógna velferð íbúanna. Gæta þarf aðhalds við ráðstöfun fjármuna en bæta atvinnustig á sama tíma. Það skiptir máli í hvað fjármunum Kópavogsbæjar er varið og frekari lántökur verða því einungis réttlættar að þær hafi ekki áhrif á rekstur bæjarinnar.

Frambjóðendur Samfylkingarinnar hafa þá þekkingu og reynslu sem þarf til þess að snúa fjármálum Kópavogs til betri vegar og skapa skilyrði fyrir forgangsroðun í þágu velferðar íbúanna.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

**TOPTUL TILBOÐ!**

**Verkfæravagn á hjólum**

7 skúffur  
188 verkfæri fylgja

**194.900 kr.**  
Fullt verð: 219.900 kr.

Verðslanir  
www.sindri.is / sími 575 0000

**SINDRI**

Viðarhófa 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



# Jörð kallar Sigurð

Í DAG

**Guðmundur Andri Thorsson**  
rithöfundur



Hafi Jón Ásgeir verið tákngevingur víkinganna sem stunduðu skuldsettar yfirtökur og halda jafnvel enn að vandi sinn snúist bara um svolitla „endurfjármögnun“ þá var Sigurður Einarsson foringi sjálfrá bankamannanna: hann var Kóngurinn af Kaupþing. Hann var hugsuðurinn, snillingurinn, „honum gat ekki skjálast“.

## Útlagakóngur í London

Hann býr núna í London. Þar húkir hann í höll og minnir á umkomulausan útlagakóng með brotinn veldissprotta og laskaða kórónu – Konstantín Grikkjakóng eða jafnvel Alfinn Álfakóng. Hann situr þarna í London og reynir að hugsa upp ráð til þess að ganga út úr Íslandssögunni. Eins og allir kóngar er hann eflaust með hirð í kringum sig sem segir honum það sem

hann telur sig þurfa að heyra.

Hans biður það hlutskipti að vera útlægur fyrrum íslenskur bankastjóri. Það er í sjálfu sér ærin refsing fyrir mann sem „gat ekki skjálast“. Hann getur kannski keypt fótboltaðið – en hann mun alltaf njóta svipaðrar virðingar og rússnesku olígarkarnir sem hreiðrað hafa um sig í London með ránsfeng sinn; þeir eiga víst allt til alls nema mannorð. Hans biður það hlutskipti að verða talinn maður af svipuðu sauháði: maður sem rænt hefur þjóð sína. Hvort sem það er maklegt eður ei. Um það get ég ekki vitað, því ég hef ekki vit á peningamálum.

Mig rámar hins vegar í Njálu, eina af þessum gömlu íslensku sögum sem eru raunveruleg verðmæti sem peningar ná ekki utanum. Þar stendur: „Illt er að vera á ólandi alinn.“ Það þýðir að vont sé að ala manninn í framandi landi. En orðið „óland“ þýðir líka staðleysa, ímyndað land, útópía. Þetta snýst um þá hugmynd að sá maður sé ekki heill sem býr ekki í samfélagi við fólkíð sitt, og landið undir fótum þér er ekki þitt land, menningin ekki þín, 1. persóna fleirtala ekki til í orðaforða þínum ...

Ég veit náttúrulega ekki í hvaða veruleika maður eins og Sigurður Einarsson lifir og hrærist. Einhver staðar gerðist það að hann og félagar hans lyftust upp og svifu burt til ólands. Þar reikuðu þeir um í unaðslegu ástandi um hríð, höfðu ótakmarkaðan aðgang að peningum sem þeir þurftu aldrei að greiða til baka en veittu þeim aðgang að alls kyns gæðum sem þeir töldu eftirsóknarverð, en eru það auðvitað ekki: eða hafið þið, ágætu lesendur, tekið eftir því hvað ofsaríkt fólk er alltaf í ljótum fótum og með ljótt drasl hringlandi á sér ...

## Komdu heim

Sem sagt: það líður að niðurstigningunni. Senn þarf að koma til lands, burt frá ólandi. Allt sem fer upp og hefur ekki vængi eða flugmátt af sjálfu sér kemur niður aftur. Og Sigurður Einarsson hefur alveg áreiðanlega ekki vængi. Hann er núna eins og kall í teiknimynd sem hlaupið hefur fram af hengiflugi en veit enn ekki af því og er enn hangandi í lausu lofti með lappirnar á fullu.

Illt er að vera á ólandi alinn hangandi í lausu lofti. Ég hef ekkert vit á peningamálum og æðri

hagfræði á borð við þá þegar Gordon Brown hringir í Geir Haarde um kvöldmatarleyti 5. október 2008 til að kvarta yfir því að Kaupþing hafi „brotið bresk lög og flutt 1600 milljónir punda úr landi“ (Skýrslan 7, bls 100). Vera kann að þarna uppi á ólandi hafi þetta allt meikad sens og hver snilldin rekið aðra, og ég skal ekki sverja fyrir að Sigurður Einarsson eigi sér málsbætur. En þá þarf hann í fyrsta lagi að hætta að láta eins og þessi mál komi okkur - íslensku þjóðinni – ekki við. Hann þarf að gera sér grein fyrir því að hann getur ekki

bara hætt þátttöku sinni í Íslandssögunni. Hann þarf að hætta að hlusta á hirðmenn eða skrípí á borð við þennan lögmann Amy Winehouse sem var að röfla með milljónkall á tímum um John Wayne. Hann á að hætta að gefa skít í rétt og þar til bær yfirvöld þegar hann er kvaddur til yfirheyrslu. Hann á að haga sér eins og maður. Hann er ekki hærra settur en sérstakur saksóknari.

Hann er satt að segja ekki hærra settur en neinn.

Hann er útlægur fyrrverandi íslenskur bankastjóri.

# Báknið burt

Fækkun ráðuneyta

**Magnús Orri Schram**  
alþingismaður



Írúmt ár hefur ríkisstjórnin ístefnt að fækkun ráðuneyta. Með slíku má spara fjármuni, fækka stofnunum, einfalda stjórn-sýslu og auka fagmennsku.

Á næstu mánuðum þarf ríkisstjórnin að útfæra niðurskurð uppá 40-50 milljarða króna. Þetta eru rúmlega 10% af útgjöldum ríkissjóðs. Leiðarljós niðurskurðar er að minnka kostnað við yfir-stjórn til dæmis með sameiningu stofnana en skerða sem minnst þjónustu við notendur s.s. börn, fatlaða og eldra fólk. Fækkun

ráðuneyta og stofnanna er nauðsynleg til að minnka yfirbyggingu.

Slíkar sameiningar munu líka bæta vinnubrögð innan stjórn-sýslunnar. Í nýlegri skýrslu vinnuhóps um starfshætti í stjórn-sýslunni segir: „Stærri ráðuneyti og stofnanir eru undirstaða í að styrkja hinn faglega grundvöll stjórn-sýslunnar en það kallar á sameiningu ráðuneyta og stofnanna.“ Það gerist ekki mikið skýrara.

Helstu andstæðingar hagræðingar óttast um stöðu tveggja atvinnugreina í sameinuðu ráðuneyti atvinnumála. Fjármálaráðherra svaraði því reyndar skýrt á Alþingi í síðustu viku og spurði hvort menn hefðu í raun áhyggjur af stöðu sjávar- og landbúnaðar-ráðuneytis með 50 starfsmenn þegar þeir sameinast 18 starfs-

mönnum iðnaðarráðuneytis.

Ríkið er nú rekið með yfir 300 milljón króna halla á dag og því mikilvægt að skera niður allan óþarfa kostnað. Of margir ráðherrar, of mörg ráðuneyti og of margar stofnanir eru hluti af þeim óþarfa. Ríkisstjórn hefur nú afgreitt málið frá sér og það biður þingsins. Nú verða ábyrgir þingmenn úr öllum flokkum að sameinast og gæta að afturhaldsöflunum sem leynast víða. Væntingar mínar eru nokkrar um stuðning Sjálfstæðisflokksins við þetta mál en flokkurinn hefur lengi stært sig af áhuga á aðhaldi í ríkisrekstri. Athyglivert verður að fylgjast með því hvernig hann nálgast þetta viðfangsefni enda mun þá koma í ljós hversu sterk afturhaldsöflin eru í flokki „hægrimanna“. Vilja menn í raun og sann báknið burt?



# TÆKNIDAGUR

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HR  
Mánudaginn 17. maí í Nauthólsvík

Gestum og gangandi er boðið að koma og kynna sér afrakstur verklegra og hagnýtra námskeiða og það öfluga starf sem unnið er í tækni- og verkfræðideild HR.

## DAGSKRÁ:

**13:00**

**Forskot: Rafbíla- og hjólaeigu Háskólans í Reykjavík ýtt úr vör.** Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, tekur forskot á sæluna. Athöfn fer fram fyrir framan V1.02, BETELGÁS.

**13:30**

**Viðurkenningar fyrir bestu lokaverkefni í tæknifræði.**

Formaður Tæknifræðingafélags Íslands, Bergþór Þormóðsson, veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Lokaverkefni nemenda í tæknifræði og iðnfræði verða til sýnis. Stofa V1.02, BETELGÁS.

**14:15**

**Uppskeruhátíð 3ja vikna námskeiða tækni- og verkfræðideildar HR.**

Nemendur sýna verkefni sín, innandyra sem utan, í Háskólanum í Reykjavík, Nauthólsvík.

**Mannvirki í Öskjuhlíð**

– samspil arkitektúrs og burðavirkjahönnunar.

**Göngutúr um Öskjuhlíð**

– unnið í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

**Sjálfvirkur kafbátur leikur listir sínar í Djúpinu.**

Afrakstur námskeiðsins Hönnun X.

**Gufuvél – stimpilvél til raforkuframleiðslu.**

V1.12, Orkutæknistofa.

**Frá bensíni yfir í rafmagn – rafbíla-verkefni HR.**

V1.12, Orkutæknistofa.

**Álagsgreining og prófun stálbita og tölvustudd hönnun í þrívidd.**

V1.13, Byggingartæknistofa.

**Hönnun og álagsgreining á róbót.**

Tölvustudd hönnun í þrívidd. Stofa V1.11, Vélsmiðjan.

**Tölvustýrð mótörstýring fyrir jafnstraumsmótora.**

Fyrir framan V1.12, Orkutæknistofu.

**Hagnýt verkefni í raforkukerfum.**

Stofa M1.10.

**Burðarvirkjahönnun húsbýgginga.**

Stofa V1.16.

**Landupplýsingakerfi – notkunarmöguleikar.**

Stofa M1.03.

ALLIR VELKOMNIR!



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Ársfundur 2010

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 17. maí 2010 kl. 18.15 á Grand Hótel.

### Dagskrá fundarins:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 10. apríl 2010  
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is





Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Magnús Þórðarson

Hrafnistu Hafnarfirði, áður til heimilis Hraunhvammi 4,

lést á Hrafnistu 11. maí. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni Hafnarfirði miðvikudaginn 19. maí kl. 13.00.

Björn Magnússon Aðalbjörg Reynisdóttir  
Guðrún Elín Magnúsdóttir Jan A. Juncker Nielsen  
Þórður Rúnar Magnússon Anna Lárusdóttir  
Dagný Emma Magnúsdóttir Hjörtur Kristinsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

GERÐUR HELGADÓTTIR (1928-1975) LÉST PENNAN DAG.

„Ég er sterk.“

Gerður Helgadóttir er einn þekktasti myndhöggvari Íslands. Verk hennar, bronsmyndir, steinda glugga og mósaiklistaverk má finna víða á Íslandi og má þar nefna mósaiklistaverkið á Tollstöðvarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 17. MAÍ 1983

## Hraðfrystihús brennur

Á þessum degi árið 1983 varð tugmilljóna tjón á Suðurnesjum þegar hraðfrystihúsið Keflavík hf. brann. Bæði urðu skemmdir á húseignum og vélbúnaði og einnig brunnu þúsundir pakka af fiski. Bruninn var mikið áfall fyrir bæjarfélagið þar sem margir misstu atvinnu sína um tíma og einnig hafði skólafólk fengið vilyrði um vinnu hjá fyrirtækinu.



SLÖKKVILÐSMENN

Eldurinn barst út með skjótum hætti. Tilkynning um eldsvoðann barst lögreglunni í Keflavík um átta að kvöldi og kom slökkvilið Keflavíkur fyrst á staðinn og var eldur þá mikill í húsinu og erfitt að eiga við hann. Aðstoð barst fljótlega frá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli og slökkviliðinu í Sandgerði og náðu slökkviliðin tökum á eldinum um klukkustund síðar.



Faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Ólafur Guðbjörnsson

framreiðslumeistari, Miðvangi 41, Hafnarfirði,

sem lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sunnudaginn 2. maí, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 18. maí kl. 15.00.

Guðbjörn Steinþór Ólafsson Kristján Sigurmundsson  
Anna Elísabet Ólafsdóttir Oddný Kristinsdóttir  
Ólafur Rúnar Ólafsson Ingibjörg Jóhannesdóttir  
Helgi Þór Ólafsson  
Jóhann Valgarð Ólafsson  
Einar Örn Kristinsson Áslaug Stefánsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Rósu Maríu Þóru

### Guðmundsdóttur

Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

Guðmundur Vésteinnsson Málhildur Traustadóttir  
Vésteinn Vésteinnsson Elínborg Bessadóttir  
Grétar Vésteinnsson Gyða Ólafsdóttir  
Sigurður Vésteinnsson Hafdis Karvelsdóttir  
Bjarni Vésteinnsson Steinunn Sigurðardóttir  
Viðar Vésteinnsson Guðrún Lovísa Víkingsdóttir  
Auður Vésteinsdóttir Sveinn K. Balduursson  
Anna Margrét Vésteinsdóttir Höskuldur E. Höskuldsson  
Guðbjörg Vésteinsdóttir Sveinbjörn M. Njálsson  
Árni Þór Vésteinnsson Ingibjörg Rögnvaldsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



ÞAKKLÁT FYRIR TRAUSTIÐ Bryndís Valbjergsdóttir, nýr prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík, segist hlakka til að takast á við nýtt starf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BRYNDÍS VALBJARNARDÓTTIR: SETT Í EMBÆTTI PRESTS Í FRÍKIRKJUNNI

## Kærleikurinn mikilvægastur

Frá því að Fríkirkjusöfnuðurinn var stofnaður árið 1899 hefur Fríkirkjan í Reykjavík vaxið og dafnað og er í dag með stærsta söfnuð utan þjóðkirkjunnar en söfnuðinum tilheyra nú um níu þúsund manns. Guðfræðingurinn Bryndís Valbjarnardóttir var sett inn í prestsembætti við Fríkirkjuna í Reykjavík við hátíðlega athöfn í gær.

„Starfið leggst afar vel í mig og ég er mjög þakklát fyrir að fá þetta tækifæri, að starfa í Fríkirkjunni, því hún starfar í þeim anda sem mér er kær,“ segir Bryndís. „Það er þetta frelsi og umburðarlyndi innan Fríkirkjunnar sem hefur alltaf höfðað til mín. Fríkirkjan hefur alltaf staðið fyrir umbótum og innan hennar er tekið tillit til allra hópa og þá sérstaklega minnihlutahópa sem hafa þurft að berjast fyrir sínum rétti, svo sem samkyrnheigðir. Einnig hefur kirkjan alltaf staðið vörð um réttindi kvenna, réttindi til trúfrelsis og því eru margir sem hafa fundið að þeir eiga samleið með Fríkirkjusöfnuðinum.“

Bryndís fæddist árið 1957 í Reykjavík og er uppalin í borginni. Hún lauk embættisprófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands árið 2001 og hefur séð um messur í Fríkirkjunni í fjarveru Hjartar Magna Jóhannssonar fríkirkjuprests auk þess að starfa hjá Útfararstofu Íslands. „Ég var ekki alin upp á trúarkjuna heimili en það var lögd rík áhersla á að vera góð manneskja við minnimáttar; held ég hafi einu sinni farið í sunnudagaskólann sem barn og þegar ég fór að vinna við sunnudagaskólann skemmti ég mér því ekki síður vel en krakkarnir. Ég hef hins vegar alltaf verið trúuð og trúin hefur hjálpað mér og leitt mig í gegnum lífið. Þegar ég fór í guðfræðideildina var það samt ekki með því hugarfari að ég ætlaði að klára það nám og ég ætlaði aldrei meðvitað að verða prestur. En þetta varð svo sjálfkrafa eðlilegt framhald,“ segir Bryndís.

Vígslumessan fór fram í Dómkirkjunni og um kvöldið setti séra Hjörtur Magni Bryndísi inn í embætti í Fríkirkjunni. „Mér þykir mjög vænt um að fá að ganga í þau störf sem búið er að vinna svo vel í gegnum árin og traustið sem mér er sýnt með því. Það mikilvægasta í starfi prestsins er kærleikshugsunin og hún á alltaf við.“

juliam@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur og bróðir,

### Skúli Karlsson

Bugðutanga 9, Mosfellsbæ,

sem andaðist á heimili sínu sunnudaginn 9. maí, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 18. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Skúla eru beðnir um að láta björgunarsveitir njóta þess.

Bergrós Hauksdóttir  
Ásdís Skúladóttir  
Ingibjörg Sigríður Skúladóttir  
Guðmundur Skúlason  
Skúli Freyr Arnarsson  
Karl Eiríksson  
Þóra Karlsdóttir  
Eiríkur Karlsson



Ástkær faðir okkar, afi, bróðir og frændi,

### Árni Sveinbjörn Árnason

áður til heimilis að Þingaseli 5, Reykjavík

Lést á líknardeil Landspítalans í Kópavogi 13. maí sl. Útförin verður auglýst síðar.

Jóhann Geir Árnason  
Rannveig Árnadóttir  
Finnur H. Sigurgeirsson  
Hjördís Sigurgeirsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

### Sigríður Guðmundsdóttir

áður Fjarðargötu 17, Hafnarfirði, sem andaðist fimmtudaginn 13. maí að Hrafnistu Hafnarfirði, verður jarðsöngin þriðjudaginn 18. maí kl. 11.00 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Björn B. Lindal  
Guðmundur Ingi Björnsson  
Ingibjörg Bertha Björnsdóttir Guðmundur Petersen  
Árni Már Björnsson Ásrún Jónsdóttir  
Sigurbjörn Björnsson Unnur Petra Sigurjónsdóttir  
Vilborg Anna Björnsdóttir Sigurður Flosason  
barnabörn og barnabörn.



Ástkær bróðir okkar og frændi,

### Páll Bernharð

### Guðmundsson

frá Útibæ í Flatey á Skjálfanda, Háaleitisbraut 105,

sem lést 1. maí 2010, verður jarðsönginn frá Fossvogskapellu mánudaginn 17. maí kl. 13.00.

Systkini og systkinabörn.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista


MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



**FÆTUR** húsmæðra og -feðra fá sjaldan frí. Meðan hendurnar vinna mikið verk í eldhúsinu fyrir kvöldmatartíma er því ekki úr vegi að huga að tánum. Það má gera með því að koma sér upp mjúkri mottu til að standa á.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

**MABEF**  
**LISTALAGERIÐ**  
**JARNGLER**  
 Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.  
 Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
 Sí: 58 58 900. www.jarngler.is



Öflugt við marga unglunga hefur Sýlvía Lind gaman af gömlum hlutum sem fylgt hafa fjölskyldunni. Kísan hennar heitir Snúlla.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Allar vörur með 20% afslætti til 21 maí**

**í bústaðinn - á heimilið**  
 Ópið: má-fö. 12:30-18  
 Rauðu múrsteinshúsunum Kóp. 201 - S: 517 7727  
 www.nora.is  
 Dalvegi 16a,

**Nóra**

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
 ef blaðið berst ekki

## Hilla fyrir helgar bækur

Það er ekkert venjulegt unglingaherbergishúsgagn sem hin fjórtán ára Sýlvía Lind Ingólfssdóttir heldur mest uppá af sínum munum, heldur hilla sem langamma hennar keypti í fornverslun á sínum tíma.

„Ég á ýmsa fallega muni eftir langömmu mína, Ragnheiði Ester Einarsdóttur og einn af þeim er þessi hilla. Mér þykir mjög vænt um hana,“ segir Sýlvía og sýnir forkunnarfallega útskorna hillu í herberginu sínu. „Ég var með þessa hillu þegar ég var lítil og þá raðaði ég öllum dúkkunum og dýrunum á hana. Hún hefur alltaf fylgt mér og mömmu.“

Nú hafa leikföngin vikið fyrir þremur biblíum, einni stórri og

tveimur minni. „Stóra biblían er orðin forngrípur því amma mín fékk hana í fermingargjöf frá ömmu sinni og afa, eina fékk ég fyrir ferminguna mína í fyrra og mamma á þá þriðju,“ útskýrir Sýlvía sem verður fimmtán ára á þessu ári og fer í tíunda bekk í haust.

Hillan er úr tré og er haganlega gerð því í henni eru hvorki naglar né skrúfur. „Sá sem smíðaði hana hafði gert hana sem

sveins-eða meistarastykki þegar hann útskrifaðist úr Iðnskólanum,“ upplýsir Sýlvía en kveðst ekki muna hvar langamma hennar hafi keypt hana. Ekki getur hún heldur spurt því Ragnheiður Ester lést árið 2002. „Við áttum sama heimili frá því ég fæddist þar til hún dó,“ segir Sýlvía. „Ég á líka skartgripaskrín eftir hana en af því ég er nýflutt þá er ég ekki búin að taka það upp.“

gun@frettabladid.is

**Gleðilegt sumar!**

**SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL**  
 Heilsudýnur á frábæru verði.  
 Queen rúm með botni frá kr. **99.900**

**STILLANLEG RÚM**

2x90 cm – Verð frá **349.900**

**IQ-CARE**  
 HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR  
 Queen rúm með botni kr. **179.900**

**Svefn & heilsa**  
 ★★★★★  
[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**KRASSANDI  
INNRETTINGATILBOÐ**  
**30% afsláttur**  
**PARAÐAUKI**  
**FRÍ SAMSETNING!**  
**Á VERKSTÆÐI OKKAR**

nettoline

**30%**

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

friform.is  
**Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500  
Mán. - föst. kl. 09-18 • Lau. kl. 11-16



Bútasamur endurspeglar gleði og humor með litríkum efnisbútum sem raðað er saman á skemmtilegan hátt. Gamlir antikstólar geta til dæmis gengið í endurnýjun lífdaga með litríku bútasamsáklæði.

www.designsde-light.com



Gestur skoðar stóla á húsgagna- og hönnunarsýningunni í Milánó.

NORDICPHOTOS/AFP

## ALLT Á FERÐINI

Jóna María Hafsteinsdóttir  
jmh@365.is  
sími 512 5473

Henny Árnadóttir  
henny@365.is  
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
thor@365.is  
sími 512 5447

Miðvikudaga

## Umhverfisvænt eina leiðin

Hin Alþjóðlega húsgagna- og hönnunarsýning fór fram í 49. skipti í Milánó á dögnum. Umhverfisvæn hönnun skipaði að þessu sinni stóran sess á sýningunni þar sem horft var til endingar og notagildis.

„Hönnun er í raun gagnslaus, enda eru þegar til milljónir stóla í heiminum undir rassana okkar. Enn getum við þó tjáð okkur í gegnum umhverfisvæna hönnun.“ Þetta lét hönnuðurinn heimsfrægi Philippe Starck hafa eftir sér á Alþjóðlegu húsgagna- og hönnunarsýningunni í Milánó, sem lauk nú á dögnum.

Mörgum þótti Starck taka heldur djúpt í árinna með þessum ummælum, þótt flestir væru reyndar sammála um að umhverfisvæn hönnun sé komin í tísku. Þetta sást bersýnilega á sýningunni þar sem meiri áhersla var lögð á notagildi og endingu húsgagna heldur en oft áður.

Sumir hönnuðanna bentu líka á umhverfisvænt framleiðsluferli hönnunar sinnar og aðrir léku sér að því að útfæra tengsl umhverfisvænder og húsgagnahönnunar með ýmsum hætti. Þannig mátti á sýningunni sjá loftljós sem minntu á fiskabúr eða tré og runna og stóla sem líktust kaktusum, slöngum eða öðrum skepnum svo dæmi séu tekin. Þá tóku sumir hönnuðanna mið af því að neytendur hafa minna fé á milli handanna, með því að sýna verk á sanngjarnara verði.

Því má ef til vill segja að innanhússlínur Armani, Missoni, Versace and Bottega Veneta, sem einkenndust allar af þó nokkrum íburði, hafi komið eins og skratinn úr sauðarleggnum en þær ráku endanúttinn á sýninguna í Milánó.

roald@frettabladid.is



Hinn rómaði hönnuður Alessio Pappa teygir úr sér á sköpunarverki sínu sem vakti mikla athygli.



Ítalski hönnuðurinn Mario Bellini bregður á leik með eitt af verkum sínum, skálina Moon eða Tungl.



Grænn lampi.



Stóll eftir Fabio Novembre.



Stólar eftir Philippe Starck.



## Dagskrá vikunnar

Allir velkomnir

### Mánudagur 17. maí

► **VR atvinnuleitandi. Veistu hvað þér stendur til boða?** - Þekkir þú alla þá þjónustu sem VR býður atvinnulausum félagsmönnum upp á? Umsjón: Bettý Vilhelmsdóttir frá VR. kl.12:30 - 13:30

► **EFT og djúpslökun** - Umbreyttu heftandi viðhorfum með EFT tækninni. Umsjón: Viðar Aðalsteinsson, EFT sérfræðingur. kl.14:30-16:30

► Prjónahópur kl. 13-15 ► Skáklúbbur kl. 15:30-17

### Þriðjudagur 18. maí

► Qi-Gong kl. 12-13 ► Gönguhópur kl. 13-14 ► Íslenskuhópur kl. 13-14  
► Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) kl. 14-16  
► Skiptifatamarkaður / Barnaföt kl. 16-18

### Miðvikudagur 19. maí

Ert þú á leið á jökul? Höfum til leigu búnað til göngu á jökli. Belti, broddar, axir og karabinur. Leigist út saman eða í sitthvoru lagi. Gott verð. Nánari upplýsingar veita Magnús í síma 892-1679, og Bragi í síma 896-7979.

**Húsnæði í boði**

**www.leiguherbergi.is**  
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði, eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



3 herbergja íbúð í 101, besta stað í bænum. Uppl. í s. 849 3230.

3ja herbergja íbúð í Kópavogi til leigu í júní og júlí með húsbúnaði. Uppl. í s: 8985590

Tveggja herbergja 75 fm íbúð í 101 til leigu. Rúmgöð og hátt til lofts. Augl. 110.000 kr á mánn og trygging skilyrði. Upplýsingar í síma 6634521

**Leigjendur, takið eftir!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. 55 fm.íbúð í Hafnarf. Verð 90 þ.með hita og rafm. Engin hússj. Tveir mán. fyrirfram og trygging. Langtímaleiga. Laus 1. júní. S: 896-1123.

Til leigu 81 fm. 3ja herb. íbúð á jarðhæð í rólegu og góðu fjölbýli í Vesturbænum. Stutt í flesta þjónustu ss. sundlaug, búðir, skóla, strætó ofl. Verð 147.000/mán. Vinsamlega hafið samband með emaili helgakristinthy@yahoo.com eða s. 4990076

Rúmgott herbergi við Neshaga í hjarta Vesturbæjarins. Göngufæri frá Háskóla og allri þjónustu. Baðherbergi og eldhús sameiginlegt með öðru herbergi. Síma og sjónvarpstengi. Laus 1.jún. 35þús Langtímaleiga. S: 8639458

Til leigu frá 1.júní nk. 3ja herb. íb. v/Álfaskeið í Hfj. Nánari uppl. í síma 691-0396.

Til leigu rúmgott herb. Leiga 30 þ. Fyrir kvenmann, í lagi 1-2 börn m. aðgangi að öllu í íbúðinni. Í Gerðunum. Uppl. í S: 867 3441

3ja, 86 fm. á 6. hæð + bílag. við Austurströnd á Seltj. 130 þ. pr. mán. 894 3143.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

**Sumarbústaðir**



Til Sölu Einbýlishús Á Tálknafirði. 3 svefnherbergi, sólpallur, stór og fallegur garður. Tilvalið sumarhús. Tilboð Sími 456 2708

BREKUSKÓGUR Til sölu fallegt 48 ferm sumarhús með öllu innbúi í Bláskógabyggð. Verð aðeins kr. 13 millj. Get tekið góðan húsbíl (lágþekju) uppl. s. 552 8329.

**Geymsluhúsnæði**

**www.geymslaeitt.is**  
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**  
Geymslur frá 3990.- kr á mánn. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**Gisting**

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

**Atvinna í boði**

Aðstoðarkona óskast Kona (40-60 ára) óskast til aðstoðar við unga,langveika konu til að veita henni tilfinningalegan stuðning og aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs. Þetta eru ca 3-4 tíma á dag eða annan hvern dag. Viðkomandi þarf að vera heilsugöð, nærgætin,hly og þolinmóð. Hún þarf að vera sveigjanleg varðandi vinnutíma og hafa bíl til umráða. Gott ef hún hefði reynslu af slíku umönnunarstarfi. Þetta yrði 30-40% starfshlutfall eða eftir samkomulagi. Umsóknir sendist á adstodarkona@gmail.com fyrir 24. maí n.k. með upplýsingum um fyrri störf,nafni, síma og netfangi

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

Óskum eftir að ráða meiraprófsbilstjóra til starfa við vörudreifingu frá höfuðborgarsvæði. Reynsla, hreint saka-vottorð, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð áskilin. Vaktavinna og einnig helgarvinnu í boði. Vinsamlega sendið umsókn með upplýsingum og ferilskrá á: atvinna@flutt.is

Óska eftir að ráða vanann skipstjóra á bát sem fer á strandveiðar frá sandgerði. 30 tonna réttindi nauðsynleg. Uppl. s. 847-5403.

**Einkamál**

34 ára kk með aðstöðu, btn og tpr, leitar að skemmtun með góðum karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8738.

**Glæný eldheit upptaka**  
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græn-eyg og í þessari áfar innlegu upptöku fylgst þú með henni klífra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprið. Ofboðslega innleg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

Kona sækist eftir símaspjalli við karlmann/konu í einkar heitri og ítarlegri auglýsingu. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8791.

26 ára myndarleg ljóshærð kona leitar afþreyingar með skemmtun og afþreyingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8738.

Karlmaður leitar mjög ákveðið kynna við karlmann með skemmtun og afþreyingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8680.

**Aðalfundur Brautarinnar**

Aðalfundur Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna verður haldinn þriðjudaginn 18. maí kl. 18:00 í Forvarna-húsinu, Krínglunni 1-3, Reykjavík.

Dagskrá fundarins verður skv. ákvæðum 4. greinar laga félagsins.

Félagsmenn sem greitt hafa félagsgjöld hafa atkvæðisrétt á fundinum.

**Stjórn Brautarinnar - bindindisfélags ökumanna.**

**17. maí 2010 Aðalfundarborð**

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar HF., enskt hjáheiti „Thorverk“, boðar hér með til aðalfundar félagsins er haldinn verður í fundarsal Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum miðvikudaginn 26. maí nk. kl. 1600.

**Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:**

Hefðbundin aðalfundarstörf í samræmi við 16. grein samþykpta félagsins

Önnur mál sem löglega eru upp borin

Stjórn Þörungaverksmiðjunnar HF.

**SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

**Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.**

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar nr. 420/2010, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir nautgripa-, svína- og alifuglakjöt, fyrir tímabilið 1. júlí 2010 til 30. júní 2011.

*Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: www.stjr.is/slr*

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 26. maí n.k.

Framvegis verður eingöngu auglýst eftir umsóknum um tollkvóta á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 14. maí 2010.

**SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

**Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.**

Með vísan til 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar nr. 419/2010, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á smjöri og ostum, fyrir tímabilið 1. júlí 2010 til 30. júní 2011.

*Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: www.stjr.is/slr*

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 26. maí n.k.

Framvegis verður eingöngu auglýst eftir umsóknum um tollkvóta á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 14. maí 2010

**SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

**Tollkvótar vegna innflutnings á unnum kjötvörum.**

Með vísan til 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar nr. 421/2010, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir unnar kjötvörur fyrir tímabilið 1. júlí 2010 til 30. júní 2011.

*Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: www.stjr.is/slr*

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 26. maí n.k.

Framvegis verður eingöngu auglýst eftir umsóknum um tollkvóta á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 14. maí 2010.

**• Steypusögun**

**• Kjarnaborun**

**• Múrbrot**

**• Hellulagnir**

**• Jarðvegsvinna**

**• Öll almenn-vertakavinna**

**Brotafli ehf**  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
Netfang: brotafli@simnet.is





# DansGleði í SUMAR



DANCE CENTER REYKJAVÍK

Skráning á [dancecenter.is](http://dancecenter.is)

## 17. maí

### BAKPANKAR Brynhildar Björnsdóttur

Miðborgin í Reykjavík er aldrei eins myndisleg og þegar vindurinn hefur sig hægan á sama tíma og sólin skín. Þannig var hún á laugardaginn var og nóg um að vera.

**NIÐUR** Skólavörðustíginn dansaði glæsileg fjölmenningarganga sem endaði í Ráðhúsinu þar sem slegið hafði verið upp markaði með fjölbreyttum varningi frá öllum þeim vistkerfum heimsins sem eiga sér afleggjara hér. Á Austurvelli stóðu menn saman um hugsjónir sínar og mannréttindi með ræðuhöldum og hljóðfærslætti. Við útitaflíð í Lækjargötu spratt heill heimur upp úr svuntu og pilsu brúðuleikkonu frá Kanada.

**SVONA** eiga miðborgir að vera. Finnst mér. Lífandi og fjölbreyttar, með góðum kaffihúsum og veitingastöðum, tjörnum með öndum, grænum gördum, listum og lífi, vettvangi til skoðanaskipta og ísbúðum.

**ÉG** kann líka vel að meta aðra staði í borginni minni, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn til dæmis, sundlaugar, Ylströndina og Elliðaárdalinn. Ég kann að meta söfnin og stytturnar, strætó og hjólastíga, dagheimili og ruslabíla. Mér finnst full mikið um einkabíla og nýbyggingar og svo er ég sérlega ósátt við háhýsi sem byrgja mér fjallasýn-

ina fallegu, subbugang og veggjakrot.

**ÉG** hef sumsé fullt af skoðunum á því hvernig ég vil að borgin mín sé.

**OG** hver réttindi mín sem íbúa í henni eru. Ég hef skoðun á því hvort sköttunum mínum er vel eða illa varið, hvort þeir eiga að hækka eða ekki, hvort á fjölga strætóferðum, vera systkinaforangangur á leikskólum eða setja upp Disneyland í Vatnsmýrinni.

**ANNAN** laugardag, 29. maí, er kosið til bæjar- og sveitarstjórna.

**VISSIR** þú það? Ekki ég. Eða varla. Ég vissi að svona kosningar væru á dagskránni einhvern tíma bráðum og öðru hvoru sé ég fjallað um eitthvað annað sveitarfélag en mitt og kosningamálin þar í fréttunum eða blöðunum. Og svo er gosið og bankarnir og Jón Ásgeir og Interpol og allt hitt og kosningarnar gleymast eins og döggi fyrir sólu.

**NÚ** veist þú, kærri lesandi, sama hvar þú býrð, hvenær kosningarnar eru og að þú hefur bara tæpar tvær vikur til að mynda þér skoðun ef þú ert þá ekki löngu búin/n að því. Við hin, það er komið að því að vinna fyrir lýðræðinu, bretta upp andlegar emmar, kynna sér stefnumál og mæta svo á kjörstað og kjósa. Því kosningar eru í nánd. Næstu fjögur ár eru undir okkur komin.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# RÓMEÓ OG JÚLÍA

Vesturport



Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports

**Takmarkaður sýningafjöldi**  
**Miðasala er hafin!**

Miðasala | 568 8000 | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



Borgarleikhúsið



SPORT 2



18  
LEIKIR  
Í BEINNI

# VIÐ TÖKUM HM ALLA LEIÐ

- ▶ ALLIR LEIKIRNIR SÝNDIR Á ÖLLUM HLIÐARRÁSUM
- ▶ REYNSLUMESTU ÞULIRNIR
- ▶ EÍNVALALIÐ FÓTBOLTASPEKINGA
- ▶ HM 442 MEÐ RÖGNU LÓU OG LOGA BERGMANN  
ALLA LEIKDAGANA

**FRÁBÆRT  
HM TILBOÐ!** Sjáðu alla leikina á HM 2010 á Sport 2 fyrir aðeins **5.210 kr. á mánuði** í þrjá mánuði ef greitt er með greiðslukorti frá VISA.





## &gt; ÆTLA AÐ GIFTAST

Bæði Russell Brand og Katy Perry og svo Sienna Miller og Jude Law hafa í hyggju að ganga í það heilaga í ár. Brand og Perry ætla giftast í október á meðan Miller og Law eru sögð vera að skipuleggja sumarbrúðkaup.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

## Carell biðst afsökunar fyrirfram

Þegar Hollywood-kvikmyndir eru gerðar krefst það mikillar fórnfýsi af næsta nágrenni. Enda fyllast heilu hverfin af æstum aðdáendum, fjölmiðlafólki og ljósmyndurum og göturnar eru yfirleitt flóðlýstar á næturnar fyrir tökur ásamt mikilli umferð stórra tökubíla. Og þetta veit gamanleikarinn Steve Carell. Hann brá því á það ráð að kaupa blóm handa íbúum sem búa í nágrenni við tökustað næstu myndar hans og bauð þeim jafnframt að koma hvenær sem er og gæða sér á ljúffengum veitingum þegar tökurstæðu yfir.

Samkvæmt bandarískum vefmiðlum er ekki gefið upp hvar þessi tökustaður er né um hvaða mynd er að ræða. Samkvæmt heimildarmanni einnar vefsíðunnar mæltist framtakið þó ákaflega vel fyrir. „Hann heimsótti 24 hús sjálfur og baðst fyrirfram afsökunar á því ónæði sem

hlytist af því að hafa tökulið í næsta nágrenni,“ segir heimildarmaðurinn en framtakið vakti óskipta athygli og mikla kátínu. „Fólk var virkilega hrifið af því sem Steve gerði. Að hann sem leikari og framleiðandi skyldi hugsa um þeirra hag. Og blómvendirnir og veitingarnar voru rúsínar í pylsuendanum. Nú er þetta bara eins og hverfisveisla þar sem fólkíð í hverfinu kemur á tökustað, horfir á kvikmyndastjörnurnar vinna sína vinnu og fær sér að borða. Þetta er ótrúlegt.“

**UMHYGGJUSAMUR** Steve Carell bar hag fólksins í nágrenni við tökustað næstu myndar hans fyrir brjósti og gaf þeim bæði blóm og mat.



## Stórstjörnur til Trier

Spiderman-leikkonan Kirsten Dunst, 24-stjarnan Kiefer Sutherland og þýska goðsögnin Udo Kier eru meðal þeirra sem hafa ákveðið að leika í næstu kvikmynd danska sérvitringins Lars von Trier, Melancholia. Þrátt fyrir að Trier hafi orð á sér fyrir að vera fremur erfiður í samstarfi þá virðist það ekki hafa nein áhrif á stjörnurnar, sem ólmar vilja vinna með honum.

Að sjálfsgöðu er ekki gefið mikið upp um hvað Melancholia fjallar en síðasta kvikmynd leikstjórans, Antichrist, fór ákaflega fyrir brjósti á áhorfendum enda þótti hún opinská með eindæmum.



KIRSTEN DUNST

## Skilnaðarstríð Tiger og Elinar hafið

**Elin Nordergren, fyrrum eiginkona Tiger Woods, hyggst ekki gefa neitt eftir í skilnaði sínum við besta kylfing heims. Lögfræðingastóð mun koma að sambandslitum parsins.**

Elin hefur líkt og skilaneindir íslensku bankanna ráðið sér heilan her fjármálagfræðinga sem eiga að rannsaka hvort kylfingurinn hafi komið undan eignum. Er Tiger grunaður um að hafa gert það til að minnka það fjárhagslega tap sem hann verður fyrir þegar skilnaðurinn gengur í gegn. Lögfræðingastofnunni McGuire Woods hefur jafnframt verið falið að rannsaka hvort Tiger eigi einhverjar eignir eða fjármuni sem Elin hafi aldrei vitað af. Samkvæmt sunnudagsútgáfu Mirror starfar tvíburasystir Elinar, Josefin, hjá McGuire Woods

en fyrirtækið sérhæfir sig í því að hafa uppá földum milljörðum auðjöfra. Lögfræðingarnir bætast við þann hóp sem Elin hefur ráðið sér í Flórída.

Samkvæmt heimildarmanni Mirror hefur það alltaf verið ljóst að Elin ætli sér alls ekki að berjast við Tiger um peninga heldur fari hún fram á sanngjarna upphæð sem talin er nema 240 milljónum punda eða 46 milljörðum íslenskra króna. „Hún vill einfaldlega vita hversu mikla peninga Tiger á. Upphæðin sem hún krefst er mjög sanngjörn, þetta er þriðjungshlutur af því sem hann hefur þénað á þeim árum sem þau voru gift. Ég held reyndar að Tiger eigi miklar eignir.“ En eins og frægt er orðið hélt kylfingurinn framhjá konu sinni með fjölda kvenna.

Bandarískir skilnaðarsérfræðingar spá því þó að Elin og Woods verði skilin áður en árið 2010 er á enda.

freyrgjia@frettabladid.is



## LJÓTUR SKILNAÐUR

Fjölmiðlaspekingar og lögfræðingar spá því í bandarískum fjölmiðlum að skilnaður Tiger Woods og Elinar Nordergren verði fremur ljótur og ógeðfelldur þar sem allt verði dregið fram í dagsljósið. Elin krefst 46 milljarða frá kylfingnum.







SKARPHÉÐINN S. HÉÐINSSON Hefur starfað fyrir Disney- og ABC-sjónvarpssamsteypuna í sex ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

# Geymir Emmy-styttuna á píanóinu heima

**Keflvíkingurinn Skarphéðinn S. Héðinsson er háttsettur innan tæknideildar Disney- og ABC-sjónvarpssamsteypunnar. Hann hlaut Emmy-verðlaun árið 2006 og hefur nýlengið við þróun forrits fyrir iPad-græjuna.**

Skarphéðinn flutti til Seattle í Bandaríkjunum árið 1991 til að læra tölvunarfræði og hefur í lengst þar í landi allar götur síðan. Núna býr hann skammt fyrir utan Los Angeles ásamt bandarískri eiginkonu sinni og tveimur börnum. Hann er yfirmaður innan tæknideildar Disney- og ABC-sjónvarpssamsteypunnar og undir honum starfa um það bil sextíu manns.

Aðspurður segist Skarphéðinn hafa verið heppinn á ferli sínum og er ánægður með hversu vel hefur gengið. „Ég sækist frekar eftir vinnu sem ég hef áhuga á og svo kemur allt hitt á eftir,“ segir hann hógvæ. Áður er hann réði sig til Disney og ABC árið 2004 starfaði hann sem yfirmaður þróunardeildar hjá ESPN-sjónvarpsstöðinni. Þróaði hann tæknina á bak við fótboltasíðuna vinsælu Soccer.com ásamt samstarfsfólki sínu og kom henni í raun á laggirnar árið 2000. „Mér fannst þetta voða gaman því ég er mikill fótboltaáhugamaður,“ segir Skarphéðinn, sem er staddur hér á landi í stuttu frí.

Í starfi sínu hjá Disney og ABC vinnur hann við stafræna dreifingu á sjónvarpsefni þannig að fólk geti ekki bara horft á það í sjónvarpinu heldur líka á netinu án nokkurra vandkvæða, með aðstoð tölvu eða síma. „Þetta er ofboðs-

lega stökkbreytt umhverfi í dag því neyslan er að breytast hjá fólki,“ segir Skarphéðinn. ABC-fyrirtækið eyðir miklum peningum í framleiðslu sjónvarpsþátta á borð við Grey's Anatomy, Lost og Desperate Housewives og með breyttu áhorfsmynstri á slíka þætti þarf Skarphéðinn að sjá til þess að peningar náist aftur inn í fyrirtækið í gegnum netáhorf. Til dæmis var ABC frumkvöðull í að bjóða sjónvarpsþætti ókeypis á heimasíðu sinni, gegn því að fólk horfði á auglýsingarnar sem fylgdu með. Þetta uppátæki hitti rækilega í mark og fékk Skarphéðinn og teymi hans hin virtu Emmy-verðlaun fyrir það starf. Styttuna glæsilegu geymir hann uppi á píanóinu heima hjá sér.

Hann hefur nýlengið svipuðu starfi í tengslum við nýju iPad-tölvuna svo að almenningur eigi auðvelt með að sjá hina vinsælu sjónvarpsþætti ABC í gegnum hana. „Við læstum okkur tólf saman inni í fimm vikur og keyrðum okkur út til að ákveða hvernig Disney gæti notað tölvuna. Þetta var lítill hópur en mjög einbeittur,“ segir hann. „Núna er hægt að nálgast forritið okkar ókeypis og horfa síðan á sjónvarpsefni í gegnum það.“ Þessi mikla vinna skilaði sér ríkulega því fyrsta mánuðinn voru streymdir 1,5 milljónir þátta í gegnum iPadinn.

Skarphéðinn kynntist Steve Jobs, eiganda Apple og stærsta einstaklingseiganda að hlutabréfum í Disney, lítillega í tengslum við verkefnið og hitti hann einmitt á dögnum ásamt samstarfsfólki sínu. „Hann tók í höndina á okkur og þakkaði okkur fyrir góð störf. Það var mikil upplifun fyrir starfsfólkið að fá þetta beint frá honum.“

freyr@frettabladid.is

0 kr. mínútan úr heimasíma í heimasíma\*  
Nú geturðu blaðrað eins og þú vilt.

Hringdu í  
**800 7000**  
til að panta heimasíma

Það er Síminn

\*Einungis er greitt upphafsgjald 6 kr. af hverju símtali. Mán.verð 1.765 kr.



ÚTLAGI, STRÍÐSMAÐUR, HETJA

POWERSTYNG KL. 10

RUSSELL CROWE CATE BLANCHETT

ROBIN HOOD

SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA

IRON MAN 2

THE BACKUP PLAN

NANNY MCPHEE & BIG BANG

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR	TÍÐ	ALDR
ROBIN HOOD	4, 7 og 10 (POWER)	12
BACK-UP PLAN	8 og 10:10	L
IRON MAN 2	4 og 10	12
NANNY MCPHEE & BIG BANG	5:40	L

ÚTLAGI, STRÍÐSMAÐUR, HETJA

ROBIN HOOD

SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA

IRON MAN 2

THE BACKUP PLAN

NANNY MCPHEE & BIG BANG

SMÁRA BÍÓ	ALFABAKKA	KRINGLUNNI
ROBIN HOOD kl. 5D - 8D - 10:50D (Power kl. 10:50D)	ROBIN HOOD kl. 5 - 8 - 10:50 (Power kl. 10:50D)	COPS OUT kl. 5:50 - 8:10 - 10:30
IRON MAN 2 kl. 5:20 - 8 - 10:40	COPS OUT kl. 5:40 - 8 - 10:20	IRON MAN 2 kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D
OFURSTRÁKURINN M/Íst. Tali kl. 5:50	AD TEMJA DREKANN SINN M/Íst. Tali kl. 5:50	KICK ASS kl. 8:10 - 10:40
KICK ASS kl. 8 - 10:20	HOT TUB TIME MACHINE kl. 8	AD TEMJA DREKANN SINN 3D M/Íst. Tali kl. 6(3D)
CLASH OF THE TITANS kl. 10:20	JÁ NÚ GETUR ÞÚ FENGID SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118	AKUREYRI
AD TEMJA DREKANN SINN M/Íst. Tali kl. 5:50		IRON MAN 2 kl. 8 - 10:30
HOT TUB TIME MACHINE kl. 8		KICK ASS kl. 8 - 10:10
		SELFOSSI
		ROBIN HOOD kl. 8 - 10:50
		SHE'S OUT OF MY LEAGUE kl. 8
		IRON MAN 2 kl. 10:10

NÝTT Í BÍÓ!

ÚTLAGI, STRÍÐSMAÐUR, HETJA

FR. RIDLEY SCOTT LEIÐTJÓFI GLADIATOR!

RUSSELL CROWE CATE BLANCHETT

ROBIN HOOD

SAGAN Á BAK VIÐ GOÐSÖGNINA

LÚXUS

JENNIFER LOPEZ

Veru á milli. Gætt. Eignar löm.

The Backup Plan

IRON MAN 2

Fullt af stórtækum í fyrstu STÓRMÝND SUMARSINS!

SMÁRA BÍÓ	REGNBÖGINN
ROBIN HOOD kl. 5-8-11	DATE NIGHT kl. 6-8-10
ROBIN HOOD LÚXUS kl. 5-8-11	IMAGINARIUM OF DR. P... kl. 8-10:15 íslenskur texti
THE BACKUP PLAN kl. 5:40-8-10:20	UN PROPHETE kl. 6-9 enskur texti
IRON MAN 2 kl. 5:20-8-10:40	FANTASTIC MR. FOX kl. 6 íslenskur texti
SHE'S OUT OF MY LEAGUE kl. 8-10:20	LOFTKASTALINN SEMI HRUNDI kl. 6-9
THE SPY NEXT DOOR kl. 3:40-5:50	
NANNY MCPHEE kl. 3:40	
BORGAR BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
ROBIN HOOD kl. 6-7:30-9-10:30	ROBIN HOOD kl. 6-9
	CRAZY HEART kl. 5:30-8-10:30
	THE BACKUP PLAN kl. 5:40-8-10:20
	I LOVE YOU PHILLIP MORRIS kl. 5:40-8-10:20



SAMBAND HÖNNUÐA Linda Ósk Guðmundsdóttir er einn þriggja hönnuða sem opnuðu verslun í kjallara kaffihússins Hemma og Valda við Laugaveg.

# Selja hönnun í litlum kjallara

Sumarið er að ganga í garð í miðborg Reykjavíkur. Það verður ekki bara líf og fjör í bænum á kvöldin í sumar því verslun ætlar að verða með líflegasta móti. Þrjú ungmenni hafa nú opnað nýja verslun í kjallaranum hjá Hemma og Valda á Laugavegi.

ins Hemma og Valda. Verslunin ber nafnið Collective of Young Designers og eru það Linda Ósk Guðmundsdóttir, Elín Theódóra Alfreðsdóttir og Guðjón Rúnar Emilsson sem reka verslunina saman.

„Við opnuðum á miðvikudaginn var og verðum með opið út ágúst. Okkur buðust afnot af húsnæðinu og ákváðum að slá til, þetta er voða lítið og kannski svolítið falið en hentar okkur vel,“ segir Linda Ósk.

„Ég er að hanna hettupeysur, barnaföt og fylgihluti svo eitthvað

sé nefnt undir heitinu Another Scorpion. Elín hennar hársþangir undir nafninu Elíná og Guðjón er með boli og ýmislegt annað undir heitinu Fígúra.

Auk þess eru aðrir hönnuðir einnig að selja hönnun sína hér og svo gæti verið að einhverjir myndlistarmenn bætist við hópin síðar.“

Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga í maímánuði til klukkan 16.00, en í júní lengist opnunartíminn og verður þá opið til klukkan 18.00 alla daga vikunnar.

sara@frettabladid.is

# CC Flax

Frábært við **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og öllum einkennum **breytingaskeiðs**

Mulin hörfræ – Lignans Trönuberjafrae  
Kalk úr sjávarþörungum

CC Flax gefur frábæran árangur við tífningasveiflum, píringi, hita- og svitakófi, svefntruflunum, fitusöfnun og húðþurrki. Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Kemur í veg fyrir bjúg og vökvassöfnun, styrkir nýru og hindrar sýkingu í þvágfærum.\* Fjölbreyttar trefjar og ríkt af Omega-3.

Heilbrigðari og grennri konur  
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af lignans.\*\*

\* Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002 287:3082  
\*\* British Journal of Nutrition (2009), 102: 195-200 Cambridge University.

Styrking • Jafnvægi • Fegurð

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur  
Fæst í apótekum og heilsubúðum

www.celsus.is



# Treysti ekki Boreanaz

Tímaritið Radar birti nýverið röð smáskilaboða sem þeir segja Bones leikarann David Boreanaz hafa sent Rachel Uchitel, sem þekktust er fyrir að vera hjákona Tiger Woods. Boreanaz og Uchitel áttu í sambandi stuttu áður en Woods kom til skjalanna, en Boreanaz átti á þeim tíma von á öðru barni sínu með eiginkonu sinni. Uchitel sagði skilaboðin hafa verið tekin úr samhengi og að samband hennar við leikarann hafi verið innilegra en skilaboðin beri vitni um. „Ég hef undir höndum myndbrot sem hann sendi mér þar sem hann tjáir mér ást sína. Ég sleit sambandinu að lokum því ég treysti honum ekki fullkomlega,“ sagði Uchitel.



ÁSTFANGIN Rachel Uchitel átti í sambandi við Bones leikarann David Boreanaz áður en hún hitti Tiger Woods.

# Pétur og Ragna eiga níuhundruð málverk

Sýningin Annað auga - Úr safni Péturs og Rögnu var opnuð á Kjarvalsstöðum fyrir helgi í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur. Þar má sjá valdar ljósmyndir úr safni listsafnarans Péturs Arasonar og eiginkonu hans Rögnu Róbertsdóttur.

„Ég hóf að safna verkum fyrir um fjórutíu árum og eru verkin orðin eitthvað um níuhundruð talsins. Verkin eru flest eftir samtímalistamenn, bæði evrópska og bandaríska og flestir eru þeir enn á lífi,“ útskýrir Pétur. Aðspurður segist hann varla hafa pláss fyrir öll verk sín lengur því ekki komist þau fyrir á veggjunum heima hjá honum. „En einhvers staðar kemst þetta fyrir,“ segir hann og hlær.

Inntur eftir því hvað heilli hann einna mest við nútímamyndlist segist hann eiga erfitt með að svara því. „Myndlist er vítt svið og ég veit ekki hvort það sé eitthvað eitt sem heillar mig meira en annað. En nú getur fólk komið og séð með eigin augum hvers konar ljósmyndir hafa heillað mig í gegnum tíðina.“

Pétur segist duglegur að fylgjast með því sem gerist innan listaheimsins enda hljóti listaverkasafnari að þurfa að fylgjast vel með. Hann fer oft utanlands vegna vinnu sinnar og reynir þá að sækja ýmsar listasýningar í leiðinni. „Það er kannski einhver áráttu sem fylgir þessu, ég get ekki sagt annað, en maður verður að hafa áhuga á því sem maður er að gera,“ segir Pétur sem lánar gjarnan verk sín til sýninga bæði hér heima og erlendis. „Það er



STÓRSAFNARI Verk í eigu Péturs Arasonar og eiginkonu hans, Rögnu Róbertsdóttur, eru sýnd á Kjarvalsstöðum í tengslum við Listahátíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

misjafnt hvort það sé eitt verk eða mörg sem eru lánuð, en það er alltaf jafn gaman að sjá verkin sín á svona sýningum.“

- sm

# Hrósar Könum

Breski gamanleikarinn Russell Brand var viðmælandi tímaritsins Playboy fyrir skemmstu þar sem hann svaraði tuttugu lauffléttum spurningum.

Brand var meðal annars spurður út í það þegar hann var kynnrí á MTV verðlaunahátíðinni fyrir nokkrum árum og kallaði George Bush, fyrrum Bandaríkjaforseta, þroskahefta kúrekann og hlaut miklar skammir fyrir.

„Ég hélt ekki að þetta mundi koma mér í vandræði, ég meinti þetta sem hrós. Ég var í raun ekki að setja út á hinn þroskahefta Bush heldur að hrósa Bandaríkjamönnum fyrir að vera svo franmsæknir að leyfa þessum takmarkaða manni að stýra landinu í svo langan tíma. Í mínu heimalandi hefði Bush ekki einu sinni verið treyst fyrir skærum,“ sagði grínistinn.



OPINSKÁR Russell Brand sat fyrir svörum í tímaritinu Playboy fyrir skemmstu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Vatnaskógur

sumarbúðir KFUM og KFUK



Tryggðu barninu þínu ánægjulega sumardvöl.

Laust er í eftirfarandi flokka:

1. Gauraflokkur	3. - 7. júní	10 - 12 ára	Örfá pláss laus
2. flokkur	8. - 14. júní	9 - 11 ára	Fullbókað
3. flokkur	15. - 21. júní	10 - 12 ára	Örfá pláss laus
4. Ævintýraflokkur	22. - 28. júní	12 - 14 ára	Örfá pláss laus
5. flokkur	29. júní - 5. júlí	9 - 11 ára	Nokkur pláss laus
6. flokkur	6. - 12. júlí	10 - 12 ára	Laus pláss
7. Ævintýraflokkur	13. - 19. júlí	12 - 14 ára	Nokkur pláss laus
8. flokkur	20. - 26. júlí,	10 - 12 ára	Nokkur pláss laus
9. Unglingaflokkur	3. - 8. ágúst	14 - 17 ára	Laus pláss
(bæði kyn)			
10. flokkur	9. - 15. ágúst	10 - 12 ára	Laus pláss

ATH. Einnig laust í feðgaflokka í lok sumars

Skráning og nánari upplýsingar í síma 588-8899 og á [www.kfum.is](http://www.kfum.is)

# Vekjum Reykjavík!

KJÓSUM MEIRI KRAFT OG ÖRUGGA ATVINNU

Atvinnulausir Reykvíkingar hafa aldrei verið fleiri. Samfylkingin sættir sig ekki við það. Borgin þarf að vakna, taka forystu og beita öllu afli til að minnka atvinnuleysið og flýta endurreisninni.

Samfylkingin vill markvissar aðgerðir atvinnumálum.

1. Átak í nýsköpun og nýtingu á tómu húsnæði
2. Endurnýjun í eldri hverfum og efling innviða
3. Samstillt vaxtaratak á öllu höfuðborgarsvæðinu
4. Tvöföldun viðhalds og auknar verklegar framkvæmdir
5. Vaxtaratak í græna geiranum

Við verðum líka að hlúa að atvinnuleitendum og veita þeim öryggi. Annars getur atvinnuleysið valdið miklu andlegu tjóni!

Kynntu þér aðgerðaráætlun okkar á [xsreykjavik.is](http://xsreykjavik.is)



KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL STARFA. KJÓSUM SAMFYLKINGUNA!



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

[www.visir.is/posthusid](http://www.visir.is/posthusid) - sími 585 8330







25 DAGAR Í HM



**Brasilíumenn** hafa ekki tapað opunarleik sínum á HM frá því á HM 1934 þegar þeir töpuðu 3-1 á móti Spáni. Brasilíumenn hafa byrjað síðustu sjö heimsmeistarakeppnir á sigri en á HM 2006 unnu þeir Króata 1-0 í fyrsta leik þar sem Kaka skoraði sigurmarkið á 44. mínútu. Fyrsti leikur Brasilíumanna á HM 2010 er á móti Norður-Kóreu 15. júní.



**sport**  
sport@frettabladid.is

HEIMIR HALLGRÍMSSON ÞJÁLFARI ÍBV: ER STOLTUR AF PVÍ HVÆÐ HANS MENN LEGGJA Á SIG FYRIR KLÚBBINN

## Meira en að segja það að fara frá fjölskyldum

Leikmannahópur ÍBV verður á fastalandinu næstu vikuna en Eyjamenn ákváðu að flýja öskufallið í Vestmannaeyjum. Ekki er útlit fyrir að hægt verði að æfa utandyra í Eyjum næstu daga.

Á laugardag átti liðið að leika gegn Val en Hásteinsvöllur var ekki leikfær og munu liðin etja kappi í kvöld á Hlíðarenda. Eftir leikinn halda Eyjamenn svo til Grindavíkur þar sem þeir munu dveljast. „Menn eru bara núna hjá frænkum og frændum í bænum og útlendingarnir á hóteli. Þegar við förum til Grindavíkur verðum við á einhverjum gistiheimilum í bænum. Við verðum að æfa í Grindavík og í Garðinum,” segir Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV.

„Við erum að spila þrjá leiki á viku og þá er maður ekki að æfa nein ósköp á milli. Þetta gefur samt meiri tíma til að fara yfir ákveðin atriði og spjalla saman, við náum kannski að slípa hópinn hraðar saman en vanalega. Við ætlum að reyna að nýta okkur þetta ástand okkur í hag,” segir Heimir en það var talsverð vinna að flytja liðið frá Eyjum.



„Vellirnir eru ekki alveg klárir og skiljanlegt að menn séu ekki æstir í að fá okkur á vellina sína. Við erum vanir að ferðast, við förum nokkuð margar ferðir í vetur og tókum tvo til þrjá leiki á helgi. Ég er bara rosalega stoltur af því að strákarnir séu til í að leggja þetta á sig fyrir klúbbinn. Það er meira en að segja það að fara frá fjölskyldu og jafnvel börnum og vera í burtu í átta til níu daga.”

Ómögulegt er að æfa í Vestmannaeyjum. „Um leið og maður fer á grasið þá þyrst askan upp. Það er erfitt að vera utandyra þegar það er svona mikil aska. Það þarf bara að koma góð rigning heima og þá verður þetta í lagi,” segir Heimir sem býst við erfiðum leik gegn Val.

„Ég sá leikinn þeirra á móti FH í sjónvarpinu og þeir voru mjög góðir þar. Þeir eru greinilega mjög tilbúnir í þetta og ég býst við hörkuleik sem verður erfiður fyrir okkur.”

## Frábært tímabil Chelsea

Chelsea er tvöfaldur meistari á Englandi í fyrsta sinn í sögu félagsins eftir 1-0 sigur á Portsmouth í bikarúrslitaleiknum. Didier Droghba skorar alltaf á Wembley og brást ekki á laugardaginn. Met hjá Ashley Cole og Nicolas Anelka.

**FÓTBOLTI** Didier Droghba kórnaði frábært tímabil sitt og Chelsea-liðsins með því að tryggja Chelsea enska bikarinn á Wembley á laugardaginn. Droghba vann bæði meistaratilinn og markakóngstílinn um síðustu helgi og nú hélt hann uppi þeirri venju sinni að skora alltaf þegar hann spilar á Wembley-leikvanginum.

Droghba skoraði eina markið í 1-0 sigri Chelsea á Portsmouth með skoti beint úr aukaspyrnu á 58. mínútu leiksins en aðeins þremur mínútum áður hafði Peter Cech varði víti frá Portsmouth manninum Kevin Prince-Boateng.

„Þetta var frábær dagur og frábært tímabil. Það var mjög mikilvægt fyrir klúbbinn og fyrir mig að vinna tvennuna,” sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea eftir leikinn en hann viðurkendi að markvarsla Peter Cech í vítinu hefði ráðið miklu um úrslit leiksins.

„Það var lykilmoment í leiknum. Þetta hefði orðið mjög erfitt fyrir okkur ef Portsmouth hefði skorað,” sagði ítalski stjórinn sem skilaði tvennuni á sínu fyrsta tímabili með Chelsea.

Chelsea-liðið átti fimm skot í tréverkið í fyrri hálfleik en inn vildi boltinn ekki. Besta færið fékk Salomon Kalou þegar hann skaut í slána úr markteignum fyrir framman opið mark. Didier Droghba átti einnig frábæra aukaspyrnu sem David James varði í slána og niður á marklínuna.

Kevin Prince-Boateng fékk kjör-ið tækifæri til að koma Portsmouth í 1-0 á 55. mínútu en hann lét Peter Cech verja frá sér vítaspyrnu sem Aruna Dindane fékk eftir brot hjá Juliano Belletti. „Ég var heppinn,” sagði Cech en það var þó kannski meiri heppni þegar hann varði á ótrúlegan hátt frá Frederic Piquionne í fyrri hálfleiknum en þess-



SKORAR ALLTAF Á WEMBLEY Didier Droghba fagnar bikarinn í leikslok ásamt Frank Lampard.

ar tvær markvörslur Cech sáu til þess að liðið þurfti bara eitt mark til að vinna leikinn.

Didier Droghba skoraði markið mikilvæga aðeins þremur mínútum eftir vítið þegar hann skoraði beint úr aukaspyrnu af rúmlega 20 metra færi en skotið hans fór í stöngina og inn.

„Ég sá smá pláss til að koma boltanum framhjá veggnum en ég hélt að ég hefði hitt stöngina einu sinni enn. Sem betur fer fór hann inn í þetta skiptið,” sagði Droghba kátur eftir leikinn. Hann hefur skorað í öllum sex leikjum sínum á Wembley þar af öllum þremur bikarúrslitaleikjum sínum.

Frank Lampard fékk möguleika til að innsigla sigurinn á 88. mín-

útu en hann skaut þá framhjá úr vítaspyrnu sem hann fékk sjálfur. Það breytti því ekki að bikarinn var í höfn annað árið í röð og í þriðja sinn á síðstu fjórum árum.

Ashley Cole, bakvörður Chelsea, setti tvö met með þessum sigri Chelsea og annað með félaganum Nicolas Anelka. Cole varð fyrsti leikmaðurinn til að vinna enska bikarinn sex sinnum en hann vann bikarinn 2002, 2003 og 2005 með Arsenal og svo 2007, 2009 og 2010 með Chelsea. Cole og Anelka eru líka tveir fyrstu leikmennirnir til þess að vinna tvöfalt með tveimur félögum. Cole vann tvöfalt með Arsenal 2002 og Anelka vann tvöfalt með Arsenal 1998.

ooj@frettabladid.is

Formúla eitt um helgina:

## Mark Webber vann í Mónakó

**FORMÚLAN** Ástralinn Mark Webber er kominn í efsta sætið í baráttu um heimsmeistaratil öllum áttunda eftir sigur í Mónakó-kappakstrinum í gær.

Það gekk mikið á í brautinni í Mónakó og það var mikið um árekstra auk þess sem að öryggisbillinn kom fjórum sinnum út. Webber var á ráspól og kláraði fyrstur en þó aðeins 0,4 sekúndum á undan félaganum hjá Red Bull, Sebastian Vettel, sem varð annar. Þeir unnu einnig tvöfaldan sigur í Malasíu-kappakstrinum á dögunum þegar Vettel varð fyrstur.

„Þetta er alveg ótrúlegt og þetta er án nokkurs vafa besti dagurinn í lífi mínu,” sagði Mark Webber eftir sigurinn. „Það er mjög mjög sérstakt að vinna hér. Þessi braut er þvílík þrekaun í tvo tíma,” sagði Webber. Robert Kubica hjá Renault varð í 3. sæti í gær, Felipe Massa hjá Ferrari var fjórði og fimmti varð Lewis Hamilton hjá McLaren.

Webber vann einnig spænska kappaksturinn í Barcelona um síðustu helgi og þeir Red Bull menn er nú báðir með 78 stig í keppni öllum áttunda, fimm stigum meira en Fernando Alonso sem er í þriðja sætinu. - 66j



MARK WEBBER Varð fyrsti Ástralinn síðan 1959 til að vinna í Mónakó. MYND/AF

Inter ítalskur meistari í gær:

## Of mikil spenna fyrir Mourinho

**FÓTBOLTI** Inter Milan tryggði sér ítalska meistaratilinn fimmta árið í röð með 1-0 sigri á Siena í lokaumferðinni í gær. Það leit þó lengi út fyrir að titillinn væri að fara til Roma sem komst í 2-0 á móti Chievo í fyrri hálfleik.

Argentínamaðurinn Diego Milito skoraði hins vegar markið mikilvæga eftir sendingu landsins Javier Zanetti á 57. mínútu og Inter endaði því tveimur stigum ofar en Roma sem vann sinn leik 2-0.

Jose Mourinho er því búinn að gera Inter að tvöföldum meisturum og liðið getur unnið þrennuna með því að vinna Bayern í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

„Ég hefði kosið að vinna þetta fyrir fjórum eða fimm leikjum. Það var eiginlega of mikil spenna fyrir mig að vinna þetta á lokadeginum. Ég hef aldrei unnið titilinn áður í lokaumferðinni,” sagði Mourinho. - 66j

## 12 V hleðsluborvél m. höggi



Verð með vsk.

59.900

DCD945B2  
Öflug 12 V borvél m. höggi  
LED-ljós  
13 mm patróna  
3ja gíra, 0-450/1200/1800  
Átak 44 Nm.  
2x2,6 Ah Ni-Mh rafhlöður.

Verðslanir

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Ólafur Rafnsson var kosinn forseti FIBA Europe með miklum yfirburðum:

## Mikill persónulegur sigur Ólafs

**KÖRFUBOLTI** Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ og fyrrum formaður Körfuknattleikssambands Íslands var á laugardaginn kjörinn nýr forseti FIBA Europe til næstu fjögurra ára á ársþingi sambandsins sem haldið var í München í Þýskalandi.

Ólafur keppti um forsetaembættið við Turgay Demirel forseta tyrkneska körfuknattleikssambandsins og varaforseta FIBA Europe og hlaut glæsilega kosningu. Ólafur fékk 32 atkvæði gegn 19 atkvæðum Demirel eða 62 prósent greiddra atkvæða.

„Ég er þakklátur fyrir þennan góða stuðning sem ég fékk í þessu kjöri og þann heiður og það traust sem forystumenn körfuknattleikssambandanna innan Evrópu sýna mér. Enn fremur þann stuðning sem ég hef fundið fyrir á Íslandi. Ég er meðvitaður um þá miklu

ábyrgð sem falin er í þessu embætti og hlakka til að takast á við þau verkefni sem framundan eru,” sagði Ólafur Rafnsson nýkjörinn forseti FIBA Europe í viðtali við heimasíðu KKÍ.

Hannes S. Jónsson formaður KKÍ tjáði sig einnig um kjörið á heimasíðu KKÍ. FIBA Europe er eitt af stærstu íþróttasamböndum í heiminum og er óhætt að fullyrða að þetta embætti er hið stærsta sem sem Íslenskur

ÓLAFUR RAFNSSON Nýr forseti FIBA Europe.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



forystumaður innan íþróttahreyfingarinnar hefur gegnt á erlendum vettvangi.

„Þetta er númer eitt mikill persónulegur sigur fyrir Ólaf að hljóta jafn glæsilega kosningu og raun varð en að auki er þetta að sjálfsögðu sigur fyrir körfuboltann á Íslandi og íþróttahreyfinguna alla. Þetta var baráttu sem við vissum að Ólafur gæti unnið því hann nýtur mikillar virðingar innan alþjóðakörfuboltans og með þessum sigri Ólafs hefur verið skrifaður nýr kafli í íslenska íþróttasögu,” sagði Hannes S. Jónsson formaður KKÍ. - 66j





GLEÐI Í LEIKSLOK Strákarnir fagna hér titlinum í gær.

MYND/KRISTINN PÁLSSON/KKI

## Sextán ára landsliðið Norðurlandameistari eftir 28 stiga sigur í úrslitaleiknum: Rassskelltu Svíana í úrslitaleik

**KÖRFUBOLTI** Íslenska 16 ára landsliðið karla í körfubolta tryggði sér Norðurlandameistaratitilinn í gær með þeim því að vinna 28 stiga stórsigur á Svíum, 82-54, í úrslitaleik á Norðurlandamótinu í Solna í Svíþjóð. Íslenska liðið átti frábæran leik í úrslitaleiknum og heimamenn áttu aldrei möguleika gegn samstilltu og vel spilandi íslensku liði.

„Þetta var eitthvað sem maður átti ekki alveg von á en við töldum okkur vera með lið til þess að vinna þetta. Við vorum búnir að

búa okkur vel undir það að þetta yrði járn í járn leikur. Ég held bara að við höfum náð að kreista fram allt okkar besta í þessum leik,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari strákanna.

„Fyrir utan smá kafla í öðrum leikhlutum, þá spiluðum við magnaða vörn,“ sagði Einar sem hefur unnið með strákana í tvö ár.

„Þetta er góð blanda. Bakvarðahópurinn kemur að mestu úr tveimur félögum en stóru strákarnir koma víða að. Blandan er frábær og þetta er hrikalega öflug liðs-

heild innan sem utan vallar. Það er það sem til þarf til að fara alla leið í svona móti,“ segir Einar.

„Það skín í gegn hvað við erum að fá stórt og mikið framlag frá mörgum leikmönnum. Það er lykillinginn að sigrinum. Þessir erlendu njósnarar sem eru hér í tugatali þeir hafa nokkrir komið að máli við okkur. Þemað í þeirra samtölum við okkur er að við séum kannski ekki með bestu leikmennina fyrir þeim en liðsheildin er eitthvað sem heillar þá upp úr skónum,“ sagði Einar.

- 66j



MARTIN HERMANSSON Var valinn bestur á NM.

MYND/KRISTINN PÁLSSON/KKI

Norðurlandameistararnir:

### Frá sjö félögum

**KÖRFUBOLTI** Nýkrýndir Norðurlandameistarar 16 ára landsliða koma frá sjö félögum. Njarðvíkingar eiga fjóra leikmenn og KR-ingar þrjá en hinir fimm koma frá öðrum liðum.

-66j

#### Norðurlandameistararnir:

Stig í leik - Fráköst í leik	
*Stefán Karel Torfason, Þór Akureyri	4,8 - 9,8
Svavar Ingi Stefánsson, FSu	3,0 - 0,0
Oddur Rúnar Kristjánsson, KR	0,8 - 1,5
*Emil Karel Einarsson, Þór Þorláksh.	7,4 - 5,8
Matthías Orri Sigurðarson, KR	9,2 - 3,0
Sigurður Dagur Sturluson, Njarðvík	6,2 - 1,6
Elvar Már Friðriksson, Njarðvík	1,3 - 0,0
Jens Valgeir Óskarsson, Grindavík	1,0 - 1,0
Þórgímur Kári Emilsson, IR	2,3 - 2,6
*Maciej Stanislaw Baginski, Njarðvík	10,0 - 5,8
*Martin Hermannsson, KR	16,8 - 2,2
*Valur Orri Valsson Njarðvík	15,0 - 4,8

\* Byrjunarliðsmenn liðsins

Þjálfari: Einar Árni Jóhannsson

Þjálfaramál Stjórnunnar:

### Gústaf Adolf og Roland ráðnir

**HANDBOLTI** Stjórnnumenn hafa gengið frá þjálfararáðningum fyrir næsta tímabil. Markvörðurinn Roland Valur Eradze tekur við karlaliði félagsins sem féll í 1. deildina á nýafstöðnu tímabili. Hann var upphaflega ráðinn sem aðstoðarþjálfari en var færður upp þegar Patrekur Jóhannesson réð sig til Emsdetten.

Roland hefur þjálfað yngri flokka félagsins en Stjórnnumenn halda öllum sínum mannskap fyrir utan Ragnar Helgason sem er kominn í ÍR.

Gústaf Adolf Björnsson er tekinn við kvennaliði félagsins ásamt því að hann verður yfirþjálfari yngri flokka. Gústaf Adolf er reyndur þjálfari sem tekur við af Atla Hilmarssyni sem var ráðinn þjálfari karlaliðs Akureyrar.

- egm

# RÓMEÓ OG JÚLÍA



„Perhaps not the Shakespeare we are used to, but this is Shakespeare as he should be.“

Sean Connery

### ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík  
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

### Vegna endalausra áskoranna

snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu - sýnt í takmarkaðan tíma

### Miðasala í fullum gangi

Vesturport

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

EIMSKIP

Stærsti skemmilundur í heiminu  
NOVABÍLALEIGA AKUREYRAR  
National Car RentalWorldClass  
ISLANDS

Íslandsbanki





PATREKUR JÓHANNESSON þjálfari í Þýskalandi næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Patrekur þjálfar Emsdetten: Tekur Fannar með sér út

**HANDBOLTI** Patrekur Jóhannesson hefur ákveðið að þjálfra þýska liðið TV Emsdetten næsta tímabil og hann ætlar að taka með sér Valsmanninn Fannar Þór Friðgeirsson sem átti flott tímabil og frábæra úrslitakeppni.

„Ég er ekki búinn að skrifa undir samning en ég mun gera það í vikunni. Ég er búinn að ná munnlegu samkomulagi við þá og búinn að klára mín mál gagnvart Stjórnunni og vinnuveitanda mínum hjá Garðabæ,“ sagði Patrekur. Liðið á eftir að fara í umspil um sæti í úrvalsdeildinni þannig að það er ekki ljóst í hvaða deild liðið verður.

„Ef þeir komast upp þá verður það erfitt verkefni að vera í sterkustu deildinni. Ef þeir komast ekki upp þá er það bara markmiðið að fara beint upp,“ segir Patrekur sem verður með tvo íslenska leikmenn hjá sér.

„Ég legg mikla áherslu á að fá Fannar með mér. Hann er frábær leikmaður sem ég tel að passi vel inn í þýskan handbolta. Hann er það góður leikmaður og duglegur að æfa. Hreiðar á eitt ár eftir að fara bara að læra þýskuna því það er algjört lykilatriði. Ég var búinn að segja Fannari það,“ sagði Patrekur.

- 66j

# Við vorum bara betri

Fylkismenn eru með fullt hús á toppi Pepsi-deildar karla eftir annan 3-1 sigurinn í röð nú á Stjörnumönnum í uppgjöri tveggja efstu liðanna í Árbænum.

**FÓTBOLTI** Fylkir sigraði Stjörnumönnum í skemmtilegum knattspyrnuleik í gær. Mörk heimanna skoruðu þeir Ingimundur Niels Óskarsson, Albert Brynjar Ingason og Jóhann Þórhallsson en mark gestanna skoraði Halldór Orri Björnsson úr aukaspyrnu. Leikurinn var mikil skemmtun og baráttan hörð en um 1.500 manns lögðu leið sína á völlinn í Árbænum.

Fylkismenn byrjuðu leikinn með látum en Ingimundur Niels Óskarsson kom heimamönnum yfir eftir að hafa sloppið í gegnum vörn gestanna. Ásgeir Börkur Ásgeirsson átti flotta stungusendingu inn fyrir þar sem Ingimundur tók við boltanum kláraði færið sitt örugglega. Leikurinn fór á fullt og Stjörnumenn voru ekki lengi að snúa blaðinu við.

Strax níu mínútum síðar svorðu gestirnir. Steinþór Freyr Þorsteinsson átti þá sprett upp völlum og var brotið á honum rétt fyrir utan teig. Halldór Orri Björnsson tók spyrnuna og jafnaði leikinn með fallegu skoti neðarlega í markhornið.

Um miðjan fyrri hálfleik voru gestirnir heppnir að skora ekki sjálfsmark en þá átti fyrirlíði Stjörnumenn Daniél Laxdal skot að eigin marki sem að Bjarni Þórður Halldórsson þurfti að hafa vel fyrir í markinu hjá Stjörnumönnum.

Gestirnir vildu svo fá vítaspyrnu fljótlega eftir jöfnunarmarkið en þá var Marel Jóhann Baldvinsson í baráttunni. Boltinn fór í hendina á Fylkismanni sem að lá í grasinu en ekkert var dæmt. Þeir áhorfendur sem lögðu leið sína á leikinn úr Garðabænum létu vel vita af óánægju sinni og öskruðu á Einar Örn Daniélsson ágæta dómara leiksins. Staðan var jöfn 1-1 er liðin gengu til búningsherbergja.

Það var meira jafnræði með liðunum fyrrihluta síðari hálfleiks en bæði lið fengu tækifæri til að komast yfir. Gestirnir voru nálægt því í tvígang að komast yfir en Halldór Orri Björnsson átti tvö skot í tréverkið með stuttu millibili. Annað mark Fylkis kom á 70. mínútu en þar var að verki Albert Brynjar Ingason sem skoraði af stuttu færi eftir sendingu frá Andrési Má. Jóhann Þórhallsson sem hafði komið inn á sem



MARK EFTIR FJÓRAR MÍNÚTUR Ásgeir Börkur Ásgeirsson fagnar hér Ingimundi Niels Óskarsyni eftir að hann hafði komið Fylki í 1-0 á 4. mínútu á móti Stjörnumönnum í gær. Ásgeir Börkur lagði upp markið og var besti maður vallarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

varamaður kláraði leikinn og gulltryggt sigurinn fyrir Fylki eftir misheppnaða markspyrnu Bjarna Þórðar í marki gestanna. Leikurinn rann út í sandinn og Fylkismenn fögnuðu góðum sigri í miklum baráttuleik.

Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, var að vonum sáttur í leikslok. „Þetta var sanngjarn sigur og við vorum bara klárlega betra liðið í þessum leik. Það var mikil baráttan en við vorum bara betri. Skilaboðin voru skýr fyrir leikinn, fara út á völlum og sigra eins og við leggjum

upp alla heimaleiki,“ sagði Ólafur en hann var búinn að lesa andstæðinginn vel og dæmið gekk upp hjá hans mönnum.

„Við vitum hvernig Stjörnumenn spilar og við náðum að loka á hættulegustu mennina þeirra enda náðu þeir ekki að skapa sér mörg færi í leiknum. Við áttum fullt af færum í leiknum og við vissum það að ef að við myndum vera þolinmóðir myndu fleiri mörk koma. Þetta gæti ekki litið betur út og ég er mjög ánægður,“ sagði Ólafur Þórðarson.

- 66j

	3-1	
Fylkir		Stjarnan
Fylkisvöllur, Áhorf: 1.506		Einar Örn Daniélss. (7)

1-0 Ingimundur Niels Óskarsson (4.)  
1-1 Halldór Orri Björnsson (13.)  
2-1 Albert Brynjar Ingason (70.)  
3-1 Jóhann Þórhallsson (87.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-8 (7-7)
Varin skot	Fjalar 4 - Bjarni 3
Horn	8-4
Aukaspjrnur fengnar	15-21
Rangstöður	9-4

FYLKIR 4-3-3	STJARNAN 4-5-1
Ejalar Þorgeirsson 6	Bjarni Þórður Halld. 4
Kristján Valdimarsson 6	Baldvín Sturluson 6
Valur Fannar Gíslas. 6	Daniél Laxdal 7
Einar Pétursson 7	Tryggvi Sveinn Bjarn. 6
(55. Þórir Hanness. 5)	(62. Bjarki Páll 5)
Tómas Þorsteinsson 6	Atli Jóhannsson 6
*Ásgeir Börkur 8	Jóhann Laxdal 7
Ólafur Ingi Stígsson 6	Halldór Orri Björnss. 7
(74. Jóhann Þórh. 7)	Dennis Danry 6
Andrés Már Jóh. 6	Steinþór Freyr Þorst. 7
Kjartan Ág. Breiddal 7	Hafsteinn Rúnar 6
(61. Pape Faye 5)	Marel Baldvinsson 5
Ingimundur Niels 7	(70. Þorvaldur Árn. 5)
Albert Ingason 7	*Maður leiksins



LIONEL MESSI Skoraði 2 mörk í gær og gerði alls 34 mörk. MYND/AP

Barcelona spænskur meistari: Öruggur sigur

**FÓTBOLTI** Barcelona tryggði sér spænska meistaratitilinn annað árið í röð eftir 4-0 sigur á Valladolid í lokamferð spænsku úrvalsdeildarinnar. Lionel Messi skoraði tvö marka Barcelona í leiknum og skoraði því 34 mörk í spænsku deildinni á tímabilinu.

Real Madrid varð að vinna sinn leik og treysta á að Barcelona misstigi sig en á endanum náðu Real-menn aðeins 1-1 jafntefli á móti Malaga.

Fyrsta mark Barcelona var sjálfsmark á 27. mínútu en fjórum mínútum síðar kom Pedro Rodriguez liðinu í 2-0 eftir sendingu Lionel Messi. Messi skoraði síðan þriðja markið á 62. mínútu og það fjórða á 76. mínútu.

- 66j

KR-ingar aðeins með eitt stig eftir heimaleiki gegn nýliðum Hauka og Selfoss:

## Ellefu Selfosshjörtu en ég sá ekki eitt hjarta hjá KR

**FÓTBOLTI** „Ég held aldrei áður séð jafn mikla einbeitingu og ákveðni í einu liði. Það voru 11 Selfosshjörtu sem voru inná vellinum, en ég gat ekki séð eitt hjarta hjá KR,“ sagði Sævar Þór Gíslason eftir sögulegan 1-2 sigur Selfyssinga á KR velli í gærkvöldi.

Sævar átti stórán þátt í fyrsta markinu á 13. mínútu leiksins er hann slapp einn í gegnum vörn KR-inga og var felldur innan vítateigs af Lars Ivar Moldsked, markverði KR. Þorvaldur Árnason, dómari, var viss í sinni sök og dæmdi víti og veifaði rauða spjaldinu á Moldsked. Ingólfur Þórarinnson steig á vítapunktinn og skoraði.

KR voru langt frá sínu besta í fyrri hálfleik en fengu þó góð færi til að jafna leikinn. Fyrst

var mark dæmt af Björgólfi Taksafusa vegna rangstöðu og svo átti Baldur Sigurðsson skalla sem Jóhann Ólafur Sigurðsson varði vel í markinu.

Selfyssingar nýttu sér glufur í vörn KR í seinni hálfleik og Jón Daði Böðvarsson tvöfaldaði forystuna fyrir Selfyssinga á 53. mínútu með skoti af stuttu færi eftir góða fyrirgjöf frá Sævari Þór. Annað rauða spjald kvöldsins leit dagsins ljós þegar Agnar Bragi Magnússon brottvísun fyrir háskalega tæklingu.

KR náði að minnka muninn undir lokin með góðu skallamarki frá Baldri Sigurðssyni en sigur Selfoss var verðskuldaður og ein óvænt-

LOGI ÓLAFSSON KR-liðið hefur valdið miklum vonbrigðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ustu úrslit í manna minnum staðreynd.

„Þetta var mjög slæmur ósigur hjá okkur. Ég er mjög ósáttur við frammistöðu minna manna í dag og það er gríðarleg vonbrigði að byrja tímabilið með þessum hætti,“ segir Logi Ólafsson, þjálfari KR. „Við vorum óþolinmóðir en auðvitað erfitt að missa mann útaf snemma leiks. Okkur liggur of mikið á að sýna hvað við getum og bráðlætið varð okkur að falli.“

Aðeins eitt stig eftir leiki við nýliðana á heimavelli hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir KR-inga sem spád er Íslandsmeistaratitlinum. Selfyssingar munu hins vegar fagna vel og lengi ótrúlegum sigri í Vesturbænum.

- jkk

### Staðan í deildinni

Fylkir	2	2	0	0	6-2	6
Fram	2	1	1	0	4-2	4
FH	2	1	1	0	3-2	4
Stjarnan	2	1	0	1	5-3	3
Keflavík	1	1	0	0	1-0	3
Selfoss	2	1	0	1	3-4	3
Valur	1	0	1	0	2-2	1
KR	2	0	1	1	3-4	1
Breiðablik	2	0	1	1	2-3	1
Haukar	2	0	1	1	2-3	1
ÍBV	1	0	0	1	0-2	0
Grindavík	1	0	0	1	0-4	0

Pantaðu í síma  
**565 6000**  
eða á somi.is

## VEISLUBAKKAR

### FRÍ HEIMSENDING\*

\*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.



**BREIÐABLÍK** 2-2 **FRAM**

Kópavogsvöllur, Áhorf: 1186 Gunnar Jarl Jónsson (7)

1-0 Guðmundur Pétursson (33.)  
2-0 Alfreð Finnbogason (47.)  
2-1 Guðmundur Magnússon (65.)  
2-2 Ívar Björnsson (78.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	8-10 (7-6)
Varin skot	Ingvar 4 - Hannes 4
Horn	2-4
Aukaspjrnur fengnar	19-17
Rangstöður	0-3

<b>BREIÐAB.</b> 4-3-3	<b>FRAM</b> 4-5-1
Ingvar Þór Kale 6	Hannes Þór Halldórs 7
Árni Kr. Gunnarsson 5	Daði Guðmundsson 6
Elfar Freyr Helgason 6	Samuel Tillen 6
Kári Ársælssson 5	Kristján Hauksson 6
* <b>Kristinn Jónsson</b> 7	Jón Guðni Fjóluson 6
Kristinn Steindórs 7	Halldór Herm. Jónss. 5
(63., Guðm. Kristj. 6)	Jón Gunnar Eysteins 5
Jökull Elísabetarson 6	Almarr Ormarrson 6
Finnur Orri Margeirs 5	Tómas Leifsson 7
Haukur Baldvins 7	(86. Joe Tillen -)
(83., Olgeir Sig. -)	Ívar Björnsson 7
Alfreð Finnbogason 6	Hjálmar Þórarinnsson 7
Guðmundur Péturs 6	(54., Guðm. Magnús 7)

\*Maður leiksins

**KR** 1-2 **Selfoss**

KR-völlur, Áhorf: 2.194 Þorvaldur Árnason (7)

0-1 Ingólfur Þórarinnsson, víti (13.)  
0-2 Jón Daði Böðvarsson (53.)  
2-1 Baldur Sigurðsson (86.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	13-8 (6-6)
Varin skot	Lars O, Þórður 3 - Jóhann 6
Horn	4-7
Aukaspjrnur fengnar	12-15
Rangstöður	5-1

<b>KR</b> 4-4-2	<b>SELF OSS</b> 4-5-1
Lars Ívar Moldsked 6	Jóhann Ólafur Sig. 7
Þjárnir Guðjónsson 6	Sigurður Guðlaugss. 6
Skúli Jón Friðgeirss. 6	Arillus Marteinsson 6
Baldur Sigurðsson 6	Agnar Bragi Mag. 5
Óskar Örn Hauks. 6	Andri Freyr Björnsson x
(13., Þórður Ingas. 6)	(88., Jón Sveinsson -)
Björgólfur Takefusa 6	Ingólfur Þórarinnsson 7
Viktor Bjarki Árnars. 5	* <b>Sævar Þór Gíslas.</b> 7
(65., Guðm. Reynir 6)	(75., Kjartan Sig. 6)
Mark Rutgers 6	Guðmundur Þórarins. 7
(46., Kjartan Henry 5)	Stefán Guðlaugsson 6
Gunnar Örn Jónsson 6	Jón Daði Böðvarsson 7
Guðjón Baldvinnsson 6	Jón Guðbrandsson 6
Jordao Diogo 5	*Maður leiksins

# Montrétturinn er hjá þeim hvítu

Það var enginn meistaraþragur á FH-ingum á móti nýliðum Hauka á Vodafone-vellinum í gær en Björn Daníel Sverrisson tryggði þeim öll þrjú stigin þremur mínútum fyrir leiklok.

**FÓTBOLTI** „Það var miklu meira í húfi en þessi þrjú stig, það var Hafnarfjarðarstoltið,“ sagði Jörundur Áki Sveinsson, aðstoðarþjálfari FH, eftir sigur liðsins gegn Haukum í gær. „Við vissum að þetta yrði erfiður leikur og eiga Haukarnir hrós skilið fyrir góða frammistöðu.“

Beðið var með mikilli eftirvæntingu eftir þessum granna-slag Hauka og FH en leikurinn hefur væntanlega valdið mörgum vonbrigðum. Aðeins eitt mark var skorað í leiknum og baráttan inni á vellinum var mun minni en búist var við.

Haukar voru síst lakari aðilinn og áttu tvívegis sláarskot. Fyrst var það Hilmar Geir Eiðsson í fyrri hálfleiknum og svo átti Arnar Gunnlaugsson skot í slá úr aukaspjrnunni í seinni hálfleiknum og hefði þá getað jafnað metin.

En heppnin var með FH-ingum og kom eina mark leiksins á 83. mínútu þegar boltinn barst út til Bjarnar Daníels Sverrissonar sem kláraði færið virkilega vel. FH-ingar í stúkunni fögnuðu gífurlega og snéru sér í átt að Haukastuðningsmönnum þegar þeir gerðu það.

Það var enginn meistaraþragur á spilamennsku FH. „Nei það er kannski ekki við því að búast þegar það er svona mikið í húfi, þá eru menn kannski hátt uppi og stressaðir á boltanum. Það var ekki mikið að sjá af góðum fótbolta í dag. Leikurinn var í járnnum og fullt af fólki að horfa, ég held að það hafi skipt sköpum,“ sagði Jörundur.

Hann viðurkennir að hann og Heimir hafi verið hræddir um að markið myndi ekki koma. „Við vorum alveg skíthræddir um það. Bjóssi kláraði þetta vel á góðum tíma og við héldum þetta út. Vonandi erum við komnir núna á beinu brautina,“ sagði Jörundur.

Margir leikmenn FH voru langt frá sínu besta en Gunnleifur Gunnleifsson var gríðarlega öruggur í rammanum og varði vel þegar á þurfti að halda. Norðmaðurinn Torger Motland hefur lítið fram að færa og segir sitt að hann var tekinn af velli fyrir bakvörð þegar staðan var enn markalaus.



**BARIST UM BOLTANN** FH-ingurinn Tommy Nielsen og Haukamaðurinn Arnar Gunnlaugsson sjást hér í baráttunni í gær en þeir léku áður saman í FH-liðinu.

Haukar stóðu vel í FH-ingum og eru líklega sársvektir með að fá ekkert úr þessum leik. Hilmar Geir var gríðarlega öflugur á vængnum og skapaði mikla hættu hvað eftir annað. Markvörðurinn Daði Lárusson var flottur gegn sínum fyrrum samherjum og Arnar Gunnlaugsson er gríðarlega mikilvægur sóknarlega.

Daði sagði að tilfinningin hefði ekki verið neitt sérstaklega öðruvísi þrátt fyrir að hann hafi verið að leika gegn FH. „Það er mikið sjálfstraust í liðinu og menn eru mjög einbeittir á þetta þrátt fyrir allt það umtal sem á sér stað. Við vorum að leika vel og vorum í raun óheppnir að fá ekkert úr leiknum,“ sagði Daði.

Haukar náðu í stig á KR-vellinum í fyrstu umferð og voru verulega óheppnir að fá ekkert úr leik-

<b>HAUKAR</b>	<b>0-1</b>	<b>FH</b>
0-1 Björn Daníel Sverrisson (83.) Vodafonevöllur, áhorf.: 2200 Jóhannes Valgeirsson (7)		<b>Haukar 4-5-1</b> Daði Lárusson 7 - Pétur Sæmundsson 5, Kristján Ómar Björnsson 5, Daniel Einarsson 6, Gunnar Ásgeirsson 4 (87., Úlfar Pálsson -) - Hilmar Trausti Arnarsson 6, Sam Mantón 4, Hilmar Rafn Emilsson 4 (87. Kristján Óli Sigurðsson -), Guðjón Lýðsson 5, * <b>Hilmar Geir Eíðsson</b> 7 - Arnar Gunnlaugsson 7.
<b>TÖLFRÆÐIN</b>		<b>FH 4-3-3</b> Gunnleifur Gunnleifsson 7 - Guðmundur Sævarsson 4, Tommy Nielsen 6, Halþór Prastarson 5, Pétur Viðarsson 4 - Gunnar Már Guðmundsson 5 (38., Jacob Neestrup 5), Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5, Björn Daníel Sverrisson 7 - Ólafur Páll Snorrason 6, Atli Viðar Björnsson 6, Torger Motland 3 (70., Hjörtur Logi Valgarðsson 6).
Skot (á mark)	14-11 (4-3)	
Varin skot	Daði 3 - Gunnleifur 4	
Horn	3-5	
Aukaspjrnur fengnar	13-9	
Rangstöður	1-4	

um í gær. Í næstu umferð er síðan komið að öðruvísi prófi, leik gegn hinum nýliðum deildarinnar. FH-ingar eru með fjögur stig þó lítill

meistaraþragur hafi verið í fyrstu tveimur leikjunum og ljóst að liðið á enn mikið inni.

elvalgeir@frettabladid.is

## Framarar lentu 0-2 undir í Kópavogi en náðu að tryggja sér 2-2 jafntefli í lokin: Blikar misstu frá sér sigurinn

**FÓTBOLTI** Breiðablik tók á móti Fram í annarri umferð Pepsi deildarinnar. Fyrir fram var búist við jöfnum og spennandi leik og sú varð raunin. Lokatölur urðu 2-2.

Fyrri hálfleikur var vægast sagt daufur en öllu meira líf var í þeim síðari. Leikurinn var að mestu tíðindalaus fram að 33 mínútu en þá skallaði Guðmundur Pétursson boltann í netið eftir góðan undirbúning Hauks Baldvinnssonar. 1-0 í hálfleik fyrir heimamenn.

Alfreð Finnbogason skoraði stórglæsilegt mark á 47. mínútu og leikurinn virtist eign Blika. Framarar gáfust ekki upp og minnkuðu muninn á 65. mínútu, þar var að verki varamaðurinn Guðmundur Magnússon.

Við það lögðust Blikar alltof mikið aftur á völinn og loks jafnaði Ívar Björnsson leikinn á 78. mínútu og þar við sat. Kári Ársælssson fyrirliði Breiðabliks var vonsvikinn í leiklok.

„Það er alveg hrikalega dapurrt hjá okkur að missa 2-0 forystu niður í 2-2 og þetta hefur komið fyrir áður hjá okkur gegn Fram og ég skil ekki hvernig þeir nenna að gera alltaf jafntefli við okkur. Við föllum bara alltof mikið niður eftir að hafa komist í 2-0 og hleypum þeim þar af leiðandi inn í leikinn.“

Blikarnir gerðu þó nokkrar breytingar frá tapleiknum gegn Keflavík og virtist það að einhverju leyti skila sér í betri sóknarleik. Haukur Baldvinnsson sem kom nýr inn í liðið var með sprækari

mönnum framan af en dró af honum í þeim síðari.

Kristinn Jónsson var traustur í bakverðinum og gerði vel í aðdraganda seinna marks Breiðabliks. Alfreð og Guðmundur Pétursson hafa oft verið aðsópsmeiri í framlínunni en kláruðu þó mörkin sín vel. Alfreð getur nagað sig í bæði handarbökin eftir að hafa klúðrað besta færi leiksins á 91. mínútu og misst þar af tækifærinu til þess að tryggja stigin 3.

Framarar virtust hálf þröttlitlir framan af leik og það var ekki fyrr en hinn ungi framherji Guðmundur Magnússon kom inn á sem eitthvað fór að gerast fram á við. Guðmundur er stór, sterkur og lætur finna fyrir sér og hann var réttur maður á réttum stað er hann minnkaði muninn og kom Frömurum inn í leikinn að nýju.

Sam Tillen átti sína spretti og skapa horn og aukaspjrnur hans oft hættu.

Tómas Leifsson var einnig drjúgur og greinilegt á öllu að hann hefur aðlagast Framliðinu vel.

Þorvaldur Örlygsson þjálfari Framara var ánægður með stigið úr því sem komið var. „Það var svo sem margt gott í þessu hjá okkur en eftir að hafa lent 2-0 undir þá sættir maður sig við stigið þó maður vilji auðvitað alltaf vinna.“ -ari

**ALFREÐ FINNBOGASON**  
Stórglæsilegt mark hans dugði ekki til.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Ómissandi**

Hrein íslensk náttúruafurð

ms.is



## > Ryan Gosling

„Ég vil ekki skilgreina hvernig leikari ég er eða mannvera. Ég hef lært að góð tækifæri glatast þegar maður takmarkar sig með skilgreiningum.“

**Gosling fer með annað aðalhlutverk í myndinni Fracture sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00**

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HEILLAST AF HRYLLINGI OG DÁSEMDUM NÁTTÚRUNNAR

### Maðurinn með stóru tennurnar

Sir David Frederick Attenborough fæddist þann 8. maí árið 1926 í Englandi. Hann var ólst upp í Háskólanum í Leicester, þar sem faðir hans var rektor, og fékk snemma mikinn áhuga á líf- og jarðfræði. Attenborough útskrifaðist með gráðu í landa- og dýrafræði frá Háskólanum í Cambridge og starfaði um nokkurn tíma við að prófarkalesa skóla-bækur fyrir börn. Hann hóf síðan störf hjá BBC árið 1952 en þar sem yfirmanni sjónvarpsdeildarinnar þótti hann með of stórar tennur fékk hann ekki að birtast á sjónvarpsskjánum fyrr en nokkru síðar.

Attenborough hefur framleitt þættina um Jörðina frá árinu 1970 og nutu þeir strax mikilla vinsælda, enda var Attenborough mikill fagmaður sem umgækkst víðfangefni sín af mikilli virðingu og lotningu.

Náttúrufræðisþættir Attenboroughs hafa ávallt verið

í upphaldi hjá mér og undanfarnar vikur hef ég beðið með mikilli eftirvæntingu eftir mánuðagskvöldum því þættir hans hafa verið sýndir í Sjónvarpinu þau kvöld. Síðasta mánuðag fjallaði þáttur Attenborough um líf fugla. Mér til mikillar skelfingar komst ég að því að pelikanar, þau krúttlegu dýr, borða unga annarra fugla þar sem lítið er um fisk í kring um varpstöðvar þeirra. Eftir þessa hræðilegu uppgötun mína gerði Attenborough sér þó lítið fyrir og endurvakti trú mína á þessum fíðruðu dýrum með því að sýna áhorfandanum (í þessu tilfalli mér) ástandans trönnun í Bandaríkjum. Dans sem parið stígur saman á vori hverju til að endurvekja ástina sín á milli. Ég er, augljóslega, mikill aðdáandi þátta Attenboroughs og er því afskaplega fegin að blessaður maðurinn hafi fengið séns á skjánum þrátt fyrir of stórar tennur.



## MÁNUDAGUR



► **19.00 The Real Housewives of Orange County** SKJÁREINN



► **19.45 Grindavík - Keflavík, beint** STÖÐ 2 SPORT



► **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



► **21.45 Supernatural** STÖÐ 2



► **21.50 Cold Case** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknaálsfréttir
- 17.30 Leiðin á HM (12:16) (e)
- 18.00 Pálína (36:56)
- 18.05 Herramenn (23:52)
- 18.15 Pósturinn Páll (22:28)
- 18.30 Eyjan (Øen) (12:18)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Lífið (Life) (7:10) Breskur heimildamyndaflokkur.
- 21.00 Lífið á tökustað (Life on Location) (7:10) Stuttir þættir um gerð myndaflokksins Lífið.
- 21.15 Lífsháski (Lost VI) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.15 Íslenski boltinn | Þættinum er fjallað um Íslandsmótið í fótbolta.
- 23.00 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) (e)
- 23.45 Kastljós (e)
- 00.15 Fréttir (e)
- 00.25 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 08.00 Thank You for Smoking
- 10.00 Yours, Mine and Ours
- 12.00 Unaccompanied Minors
- 14.00 Thank You for Smoking
- 16.00 Yours, Mine and Ours
- 18.00 Unaccompanied Minors
- 20.00 Fracture Sakamálynd með Anthony Hopkins og Ryan Gosling í aðalhlutverkum.
- 22.00 Prizzi's Honor
- 00.05 Zodiac
- 02.40 Children of the Corn 6
- 04.00 Prizzi's Honor
- 06.05 Wayne's World 2

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Tommi og Jenni og Krakkarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (3:12)
- 10.50 Hæðin (9:9)
- 11.45 Falcon Crest (15:18)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The Year of the Yao
- 14.45 Notes From the Underbelly
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, A.T.O.M. og Tommi og Jenni.
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (24:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborg-anlegu og hversdagsleika hennar.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (2:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (17:20)
- 20.10 American Idol (38:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fjórir bestu söngvaramir eru eftir.
- 20.55 American Idol (39:43) Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur halda áfram.
- 21.45 Supernatural (11:16) Yfirmátt-úrlegur spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
- 22.25 That Mitchell and Webb Look (4:6) Grínþáttur með David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í allra kvikinda líki.
- 22.50 Bones (14:22)
- 23.35 Curb Your Enthusiasm (3:10)
- 00.05 Russian Dolls
- 02.10 The Year of the Yao
- 03.35 Supernatural (11:16)
- 04.15 How I Met Your Mother (17:20)
- 04.40 That Mitchell and Webb Look
- 05.10 The Simpsons (24:25)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Haukar - FH Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 16.25 Meistaradeild Evrópu: Fréttarþáttur Skyggst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 16.55 Haukar - FH Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 18.45 Pepsi-mörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla. Sérfræðingar Stöð 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsgöðu á sínum stað.
- 19.45 Grindavík - Keflavík Bein útsending frá nágrannaslagi í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 22.00 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
- 23.00 Ensku bikarmörkin 2010 Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.
- 23.30 Grindavík - Keflavík Útsending frá leik Grindavíkur og Keflavíkur í Pepsi-deild karla.
- 01.20 World Series of Poker 2009 Allir bestu og snjöllustu pókerspilálar heims mættu til leiks.

## SPORT 2

- 17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.45 PL Classic Matches: Man Utd - Leeds, 1998.
- 19.15 Stoke - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review
- 22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilprifin á einum stað.
- 22.30 Football Legends: Batistuta Gabriel Omar Batistuta er talinn einn besti framherji sögunnar og í þessum magnaða þætti verður ferill þessa stórkostlega leikmanns skoðaður.
- 23.00 Man. City - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.10 Spjallið með Sölva (13:14) (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Spjallið með Sölva (13:14) (e)
- 12.50 Pepsi MAX tónlist
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 Game Tívi (16:17) (e)
- 19.00 The Real Housewives of Orange County (3:12)
- 19.45 King of Queens (12:24) (e)
- 20.10 Melrose Place (15:18) Glærny og spennandi þáttaröð um ungt fólk sem býr í sömu byggingu í Los Angeles. Öll eiga þau áhugaverða sögu og ýmis leyndarmál að fela. Amanda kemur að Ben og Riley í innilegum stellingum og Ella er búin að fá nóg af athyglinni frá Jonah.
- 20.55 One Tree Hill (20:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum sárt og sætt.
- 21.40 CSI (12:23) Fyrrum atvinnumaður í golfi er myrtur á golfvelli þar sem stórmót fer fram. Í ljós kemur að hann var illa liðinn í golfklúbnum þar sem morðið var framið og hann hafði lent í útistöðum við son sinn sem var nýbúinn að slá vallarmet hans.
- 22.30 Heroes (14:19) Sýlar sækist eftir meiri hæfileikum en kemst að nýjum veikleika. Noah og Lauren reyna að góma Edgar til að komast að því hvað hann veit.
- 23.15 Jay Leno
- 00.00 Californication (8:12) (e)
- 00.35 Law & Order. UK (2:13) (e)
- 01.25 King of Queens (12:24) (e)
- 01.50 Pepsi MAX tónlist

## INN

- 20.00 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.
- 20.30 Golf fyrir alla Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.
- 21.00 Frumkvöðlar Þáttur um frumkvöðla fyrir alla frumkvöðla í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.
- 21.30 Óli á hrauni Lokapáttur Ólafs og Víðars. Ásgeir Þór Davíðsson betur þekktur sem Geiri á Goldfinger er gestur þeirra félaga.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



**LUR - BETRI HVÍLD**  
HLÍÐASMÁRI 1  
201 KÓPAVOGUR  
SÍMI 554 6969  
FAX 554 3100  
WWW.LUR.IS  
LUR@LUR.IS

Opið:

mán 10:00 – 18:00  
fös 10:00 – 18:00  
lau 11:00 – 16:00

## Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi



www.lur.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

American Idol

Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og fjórir bestu söngvararnir eru eftir; Casey James, Crystal Bowersox, Lee DeWyze, Michael Lynche. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings. Í kvöld er það stórleikarinn Jamie Foxx sem leiðbeinir krökkunum er þau syngja lög úr kvikmyndum hans. Í seinni þættinum kl. 20.55 kemur svo í ljós hvaða þrír keppendur komast í undanúrslit.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Lífið

Sjónvarpið kl. 20.10.

Lífið er nýjasta stórvirkið frá náttúrufræðideild BBC. Hér sýnir David Attenborough áhorfendum óvenjulegar aðferðir sem dýr og plöntur hafa komið sér upp til að halda lífi og fjölga sér. Í þætti kvöldsins verður meðal annars fylgst með blettatígum vinna saman að því að fella strút og hvernig lítill hreysiköttur slæst við kanínu sem er tíu sinnum stærri en hann. Að þætti loknum verður sýndur tíu mínútna langur þáttur um gerð hans.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit hefst  
06.40 Veðurfregni  
06.50 Bæn  
07.03 Vít og breitt  
07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir  
08.05 Morgunstund með KK  
08.30 Fréttayfirlit  
09.05 Okkar á milli  
09.45 Morgunleikfimi  
10.03 Veðurfregni  
10.13 Stefnumót  
11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Hádegisútlit  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregni  
12.50 Dánarfregni og auglýsingar  
13.00 Hringrás  
14.03 Bak við stjórnunar  
15.03 Útvarpssagan: Norðan við stríð  
15.35 Fólki og fræði  
16.00 Síðdegisfréttir  
16.05 Víðsjá  
18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn  
18.50 Veðurfregni  
18.53 Dánarfregni  
19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið  
20.30 Kvika  
21.10 Framtíð lýðræðis  
22.05 Veðurfregni  
22.10 Orð kvöldsins  
22.20 Gími, grúsk og glóriur  
23.15 Lostafulli listræninginn  
23.50 Þjóðsagnalestur  
00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2  
FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 91,9 Kaninn  
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957  
FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 102,2 Útvarp Latibær  
FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun

EXTRA

19.30 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

20.15 E.R. (20:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Cold Case (19:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 The Mentalist (18:23) Önnur serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylly innan lögreglunnar.

23.20 Twenty Four (16:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer sem þráir ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn. Höfuðstöðvar CTU hafa verið færðar þangað og nýtt fólk er við stjórnvölinn. Því á sérþekking hans eftir að reynast mikilvægari nú en nokkru sinni áður.

00.05 The Doctors

00.50 E.R. (20:22)

01.35 Sjáðu

02.00 Fréttir Stöðvar 2

02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 The Inspector Lynley Mysteries 10.55 The Inspector Lynley Mysteries 11.40 The Vicar Of Dibley 12.10 The Vicar Of Dibley 12.40 My Hero 13.10 My Hero 13.40 Absolutely Fabulous 14.10 The Green Green Grass 14.40 Hustle 15.30 The Inspector Lynley Mysteries 16.15 EastEnders 16.45 The Weakest Link 17.30 The Green Green Grass 18.00 Gavin And Stacey 18.30 Hotel Babylon 19.20 Mistresses 20.10 Gavin And Stacey 20.40 Strictly Come Dancing 22.00 Robin Hood 22.45 Gavin And Stacey 23.15 Hotel Babylon

DR 1

12.00 Kender du typen 12.30 Kæft, trit og knus 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.05 Family Guy 14.30 Splint & Co 14.55 Miniserterne 15.00 Magnus og Myggen 15.15 Benjamin Bjørn 15.30 Karlsson på taget 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Søren Ryge præsenterer 18.00 Livets planet 18.50 Livets planet 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Inspector Morse 21.40 OBS 21.45 Vejrets magt 22.15 Boogie Mix

NKI

12.00 Viva Villaveien! 13.45 Drømmekysten 14.45 Clint av Norge 15.00 Folk 15.30 Fredrikssons fabrikk 17.00 Dagsrevyen 17.30 Gratulerer med dagen! 18.45 37 1/2 20.25 Norskere enn norsk 21.00 Kveldsnytt 21.15 Dalziel og Pascoe 22.55 Nytt på nytt 23.30 Sport Jukeboks

SVT 1

12.25 Badarna 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Bubblan 15.25 Plus 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kultumyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Det kungliga bröllopet 19.00 Kommissarie Winter 20.00 Örn möter haj 21.25 Jakten på Julia 22.25 McJobb & co 23.25 Landet runt



**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

Þessi starfsmaður þarf að senda sendingar. Það er ekki flókin aðgerð.



Tikk, takk, tikk, takk. Það er samt alltaf betra að senda sendingar eins hratt og hægt er. Okkar maður getur valið um nokkrar mismunandi leiðir til að koma sínum sendingum áleiðis með Póstinum.

Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að fá sendingar afhentar samdægurs. Stærðin skiptir ekki máli.



Umslag með viðkvæmu innihaldi getur verið komið í hendur viðtakanda daginn eftir.



Það gæti þurft að senda boðskort á viðburð sem er eftir nokkra mánuði. Þá er óþarfi að velja hraðþjónustu og betra að nýta sér hagkvæmni venjulegs bréfapósts.



Stóru bílarnir eru til taks til að flytja þungar sendingar. Það er ólíkt þægilegra að rúlla þungri þvottavél upp á lyftuna á bíl sem ræður við hana.



Sendandinn gæti viljað láta bera sendinguna heim að dyrum viðtakanda. Það er fallega hugsað að spara viðtakanda sporin á þennan hátt.



Litlu bílarnir eru snarir í snúningum. Það kemur sér vel þegar það þarf að fara inn í íbúðahverfi með botnlöngum og bílum út um allt. Sama á við um fjölfarnari atvinnusvæði.



Hann lítur kannski ekki út fyrir það en hann vinnur í bókhaldi og er mjög ánægður með lágan sendingarkostnað Póstsins.



Þessi kona er búin að fá sendingu með brothættu innihaldi afhenta. Það er að sjálfsögðu óskemmt.



Fólk um allt land treystir á að fá sendingar afhentar á réttum tíma svo það geti staðið við skuldbindingar sínar.



Það jafnast ekkert á við ánægðan viðskiptavin.



**Vörudreifing Póstsins getur hjálpað þínu fyrirtæki að hagræða**

Í rekstri fyrirtækja skipta sendingar miklu máli. Það skiptir máli að sendingar skili sér á réttum tíma, að innihald þeirra sé í óaðfinnanlegu ástandi og hægt sé að rekja þær. Þá er gott að nýta sér viðfeðmt dreifikerfi og reynslu Póstsins. Allt starf Póstsins miðar að því að veita viðskiptavinum betri þjónustu, lágmarka kostnað og hámarka skilvirkni.

Hafðu samband við söludeild í síma **580 1090** eða á **sala@postur.is** og kynntu þér hvernig Posturinn getur aðstoðað þig við að koma sendingum til skila á besta mögulega hátt.

[www.postur.is](http://www.postur.is)





„Pátturinn Út og suður er alveg ótrúlega skemmtilegur. Mér finnst svo gaman að kynnast því hvað fólk er að gera annars staðar á landinu, þess utan þá er Gísli sjálfur svo skemmtilegur. Ég má helst ekki missa af þætti og dreymir um að eignast alla seríuna.“

Sonja Bent, fatahönnuður.

# Senda börnin á Diskóeyju

„Það dásamlega við krakka er að þeir koma ekki að borðinu fullir af fordómum um hvað sé rétt og skemmtileg. Þau finna þetta á sér,“ segir þúsundþjalasmiðurinn Óttarr Þróppé.

Óttarr vinur að barnaplötu ásamt Baggalútum Braga Valdimari Skúlasyni og Kidda í Hjálmu. Sögumaður á plötunni verður enginn annar en Sigtryggur Baldursson. „Þetta er saga sem við Bragi kokkuðum upp, um krakka sem eiga á hættu að verða leiðinleg, þegar það kemst upp að þau langar til að verða eignaumsýslufræðingar og lögfræðingar þegar þau verða stór,“ segir Óttarr. „Þá eru þau send

í skóla prófessorsins á Diskóeyju. Þar er skemmtun og gleði kennd.“

Óttarr fer með hlutverk prófessorsins, en hann hefur brugðið sér í allra kvikinda líki á söngsviðinu - síðast sem söngvari einnar mögnuðustu hljómsveitar landsins; Dr. Spock. Óttarr ekki að börnin hræðist rokkskrímslið sem hann getur verið?

„Ég hef fundið fyrir því í gegnum tíðina að krakkar hafa mjög gaman af því sem maður er að gera - því ýktari karakterar sem eru í gangi, því betra,“ segir hann. „Þó maður klæði sig upp fyrir fulloröna þá skilja krakkar það betur en hinir sem eldri eru.“

- afb



BAGGALÚTURINN OG PRÓFESSORINN Bragi Valdimar og Óttarr Þróppé vinna að glaðlegri barnaplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. getraun, 6. í röð, 8. málmur, 9. knæpa, 11. til dæmis, 12. tala, 14. kál, 16. klafi, 17. traust, 18. óðagot, 20. 49, 21. þjappaði.

**LÓÐRÉTT**

1. merki, 3. borðaði, 4. víbrator, 5. mein, 7. skúfur, 10. tunna, 13. hnoðað, 15. munnur, 16. tíðum, 19. eldsneyti.

**LAUSN**

túli, 16. oft, 19. mó.

und, 7. brúskur, 10. áma, 13. elt, 15. LÓÐRÉTT: 1. tákni, 3. át, 4. títrari, 5.

17. trú, 18. fúm, 20. íl, 21. tróð. LÁRÉTT: 2. gátu, 6. áb, 8. tíni, 9. krá,

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ian Burton.
2. Regnboganum.
3. Andri Sigþórsson.

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“



REKA SAMAN GISTIHEIMILI Hjónin Berglind Björk Halldórsdóttir og Hannes Þór Baldursson breyttu heimili sínu í gistiheimili til að geta staðið undir afborgunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HANNES ÞÓR BALDURSSON: VAR ORÐINN ÞREYTTUR Á AFBORGUNUNUM

## Heimilinu breytt í gistihús

Færst hefur í aukana að fólk breyti heimilum sínum í gistiheimili til að afla aukatekna eða til þess eins að geta staðið undir afborgunum.

„Lánið hafði hækkað svo mikið og maður var orðinn þreyttur á því að púla og púla til að láta enda ná saman þannig að við ákváðum að flytja út og breyta heimilinu í gistiheimili,“ segir Hannes Þór Baldursson sem rekur gistiheimilið Our House ásamt eiginkonu sinni Berglindi Björk Halldórsdóttur. „Við höfðum ekki efni á að búa í húsinu lengur þannig að við ákváðum að fara þessa leið í stað þess að reyna að selja það. Við fjölskyldan fluttum því út og búum nú

hérna við hliðin á,“ segir Hannes Þór. Hjónin eiga saman þrjú börn og er hið yngsta aðeins þriggja mánaða gamalt.

Gistiheimilið opnar í næstu viku og verður svefnpláss fyrir allt að sextán manns. „Við erum bara nýbyrjuð og enn að ganga frá öllum leyfum en við erum byrjuð að fá nokkrar bókanir þannig við erum bjartsýn á sumarið og vonum bara að þetta standi undir sér,“ segir Hannes.

Gistiheimilið LonnyPlanet við Skipholt er rekið af Jóni Árna Árnasyni sem einnig breytti íbúð sinni í gistiheimili. „Hann ákvað að breyta íbúðinni í gistiheimili til

að reyna að skapa sér auka tekjur. Þetta er þó allt á byrjunarreit og enn er verið að huga að markaðssetningu og öðru slíku. Þetta á allt eftir að fara betur af stað,“ segir Hallgrímur Atlason, stjórnfaðir Jóns Árna, sem staddur var úti á landi við vinnu þegar blaðamaður Fréttablaðsins hringdi. Þegar Hallgrímur er spurður út í hið skemmtilega nafn gistiheimilisins segir hann það eins konar orðaleik sem vísi í heiti ferðahandbókarinnar Lonely Planet. „Nafnið þótti honum skemmtilegt því hann er oftast kallaður Lonny af vinum og vandamönnum.“

sara@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Sérstök hátíðarsýning var á Prince of Persia; Sands of Time í Kringlubíói Samfilm. Eins og flestum ætti að vera kunnugt leikur **Gísli Örn Garðarsson** í myndinni en fjölmargir vinir leikarans og fjölskylda mættu á sýninguna enda ekki á hverjum degi sem Íslendingur leikur í jafn stórra mynd.



Gísli bauð gesti biósins velkomna og sló á léttu strengi. Grínadist með það að fyrir tveimur árum hefðu hann, Disney-risinn og Jerry Bruckheimer ákveðið að gera bíómynd um Prince of Persia. Gísli hefði hins vegar verið svo upptekinn að þeir hefðu ákveðið

ad láta fremur óþekktan „þýskan“ leikara hafa hlutverkið, **Jake Gyllenhaal**. Áhorfendur í sal klöppuðu hins vegar rækilega þegar Gísli birtist fyrst á hvíta tjaldinu og svo að sýningu lokinni.

Annars er óhætt hægt að fullyrða að Gísli hafi í nægu að snúast. Hann steig á fjallir Borgarleikhússins sem Rómeó í gærkvöldi með Vesturporti en hélt síðan áleiðis til Ameríku þar sem hann verður viðstaddur frumsýningu Prince of Persia í Los Angeles þann 17. maí. Sú frumsýning verður ekki af lakari taginu en á gestalistanum eru stórstjörnurnar á borð við Bruce Willis og **Eddie Murphy**. - fgg



## Krakkajóga

Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 17. maí hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.

2-4 ára » mánudagar klukkan 16:30-17:00  
5-7 ára » miðvikudagar klukkan 16:30-17:00  
8-10 ára » föstudagar klukkan 16:30-17:00

Skráning í síma 772 1025 og 695 8464

**Verð aðeins 5.000 kr.**  
Nánari upplýsingar á [jogastudio.org](http://jogastudio.org)

JÓGA Stúdíó  
Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggspor)

## Kvíða ekki ferðalagi með Dalton

„Þetta verður forvitnilegt,“ segir Nana Alfreðsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Elektra.

Elektra og hljómsveitin Dalton taka sameiginlegan túr í sumar undir heitinu „I Don't Do Boys-túrinn“. Meðlimir hljómsveitanna hittust af því tilefni á dögum og máluðu hljómsveitarrútu Dalton, en henni munu hljómsveitirnar deila í gegnum súrt og sætt í sumar.

„Við erum ótrúlega spennar. Við þösum ágætlega saman,“ segir Nana. „Það er gaman að hafa nokkra stráka með og ég held að það sé gott fyrir þá að ferðast með stelpum. Þá náum við jafnvægi. Þeir eru svo villtir, ég held að þeir róist aðeins núna.“ Elektra og Dalton koma fram á Borgarnesi, Blönduósi og Siglufirði um næstu helgi. Um miðjan júní leggja hljómsveitirnar svo Austurland undir sig.

En óttist þið ekki að hreinlæti strákanna verði bágborið?

„Nei. Ég held að þeir verði ekki



LACT Í ÁNN Elektra, Dalton og rútan sem rúntar með hljómsveitirnar um landið í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

í sama herbergi og við - við gistum ekki í rúttunni,“ segir hún og hlær. „En þetta verður svakapartísumar.

Ótrúlega gaman. Það verður líka gaman að skoða landið, ég er svo mikið borgarbarn.“

- afb





**Hot Yoga sameinar hug og líkama með krefjandi æfingum í líkamsbeitingu og réttri öndun.**

**4 & 6 vikna námskeið hefjast  
19. 20. & 26. maí**

### 6 vikna námskeið

#### 1. HOTYOGA dagur - 60 mín

mán + mið + fös kl: 10:00

hefst 19. maí

verð: 14.500 kr.

#### 2. HOTYOGA kvöld I - 60 mín

mán + mið kl: 19:15

hefst 19. maí

verð: 12.900 kr.

#### 3. HOTYOGA kvöld II - 90 mín

mán + mið kl: 20:30

hefst 19. maí

verð: 14.500 kr.

SKRÁNING

HAFIN

### 4. Hot Yoga ADVANCED - 90 mín

þri + fim kl: 20:00

hefst 20. maí

verð: 14.500 kr.

ATH! - framhaldsnámskeið  
aðeins fyrir þá sem hafa  
stundað Hot Yoga áður.

**Nýtt**  
Hot Yoga  
Advanced

### 4 vikna námskeið

#### 5. HOTYOGA morgnar - 90 mín

mán + mið + fös kl: 6:00

hefst 26. maí

verð: 13.500 kr.

#### 6. HOTYOGA síðdegi - 90 mín

mán + mið + fös kl: 17:30

hefst 26. maí

verð: 13.500 kr.



Umsjón: Jóhanna Karlsdóttir,  
með alþjóðleg kennsluréttindi í Hot Yoga  
og nýkomin úr frekari menntun með sjálfum  
upphafsmanni Hot Yoga Bikram Choudhury

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Bæklingur inni í blaðinu í fylgir með dag.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjölskyldutengslin

Myndband Besta flokksins við íslenska þýðingu á laginu Simply the best hefur slegið í gegn á YouTube. Á fyrsta sólarhringnum var horft rúmlega 20 þúsund sinnum á myndbandið. Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason er meðal þeirra sem lögðu hönd á plóg, en kosningastjóri Besta flokksins, Heiða Kristín Helgadóttir, er systir hans. **Helgi Pétursson** er faðir



þeirra systkina og fylgir þeim væntanlega ekki að málum, þar sem hann er í framboði fyrir Samfylkinguna í nágrennasveitarfélaginu Garðabæ.

### Klakklaust til Osló

Eurovision-hópurinn með **Heru Björk** í broddi fylkingar hélt til Osló á laugardaginn og komst þangað klakklaust því askan frá Eyjafjallajökli var enn ekki farin að raska öllu flugi. Sérstakur fjölmiðlafulltrúi hópsins verður sjálfur Valli Sport en hann fékk það hlutverk að taka með sér einn hluta af búningi Heru Bjarkar sem gleymdist óvart á Íslandi. Að öðru leyti virtist allur farangurinn hafa komist til skila.



### Clash hrifið

Breska tónlistartimaritið Clash er ákaflega hrifið af íslensku hljómsveitinni **Hjaltalín** og þetta má vel merkja í skrifum blaðsins. Þannig fékk platan Terminal átta af tíu mögulegum í gagnrýni blaðsins og þar að auki er Hjaltalín ein af þeim sex sveitum sem blaðinu finnst að lesendur eigi að fylgjast með. Þá mælir Clash einnig með því að lesendur hali niður laginu Sweet Impressions af vefsíðu blaðsins.



- þeb, fgg

## Mest lesið VISIR.IS

- 1 Ráðleggur Bretum að sækja Ísland heim
- 2 Segir sérstakan saksóknara hegða sér eins og kúreki
- 3 Greiða 490 milljónir fyrir að hundsa strandglópa
- 4 Kallar eftir hagræðingu í háskólanámi
- 5 Gosmökkurinn aldrei sést betur frá Reykjavík

Vesturport

# RÓMEÓ OG JÚLÍA

Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports

**Takmarkaður sýningafjöldi**  
**Miðasala er hafin!**

Miðasala 568 8000 borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

EIMSKIP NOVA

sumarferdir.is

# ☆ Allt innifalið á Tenerife

Skildu veskið eftir heima

Takmarkaður sætafjöldi á þessu ótrúlega tilboði!

<p>Fanabe Costa Sur ☆☆☆☆</p> <p>Herbergi í 1 viku ALLT INNIFALIÐ frá <b>119.899 kr.</b></p> <p>m.v. brottför 20. júní Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn</p>	<p>Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆</p> <p>Herbergi í 1 viku ALLT INNIFALIÐ frá <b>149.901 kr.</b></p> <p>m.v. brottför 20. júní Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn</p>
--	---

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

\* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.